



FRÉTTABLAÐIÐ

7. apríl 2008 — 94. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


MÁNUDAGUR



Góður liðsstyrkur

Ung og upprennandi frönsk leikkona í næstu kvikmynd Dags Kára.

FÓLK 34



Svo fleygði rannsóknunum fram

ADHD-samtökin 20 ára.

TÍMAMÓT 18

Býður upp myndir á ný

Pétur Þór Gunnarsson heldur fyrsta uppboð Gallerí Borgar í langan tíma.

FÓLK 34

Sex í röð

Ragna Ingólfssdóttir varð í gær Íslandsmeistari í badminton sjötta árið í röð.

ÍÞRÓTTIR 30




VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA SKÝ Á HIMNI Í dag verða suðvestan 5-10 m/s norðvestan til annars hægari. Dálítill súld á landinu vestanverðu og líka norðan til síðdegis. Annars þurr og bjart með köflum. Hiti 1-7 stig, svalast austast.

VEÐUR 4



Við stöndum upp úr Fréttablaðið er með 57,32% meiri lestur en 24 stundir og 90,08% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið 18-49 ára skv. könnun Capacent 1. nov. 2007-31. jan. 2008

Yfirvofandi lækna-skortur úti á landi

Margir lækna á landsbyggðinni hætta störfum innan fárra ára sökum aldurs. Lausar stöður hafa verið auglýstar árum saman án þess að um þær sé sótt. Landlæknir bindur vonir við aukinn áhuga á námi í heimilislækningum.

HEILBRIGÐISMÁL Alvarlegur lækna-skortur er yfirvofandi á landsbyggðinni innan fárra ára. Fjöldi lækna hættir sökum aldurs á næstunni. Nokkrar stöður hafa verið auglýstar árum saman án þess að tekist hafi að manna þær. Heilbrigðisyfirvöld hafa ekki sýnt vandanum tilhlýðilega athygli, að mati formanns Félags lækna á landsbyggðinni, sem segir málið komið í óefni.

Óttar Ármannsson, formaður Félags lækna á landsbyggðinni, segir ljóst að í óefni stefni með nýliðun lækna á landsbyggðinni. Hann tekur Heilbrigðisstofnun Austurlands sem dæmi þar sem hefur verið auglýst föst staða við stofnunina í mörg ár án þess að sótt hafi verið um hana. „Þar er meðalaldur starfandi lækna 55 ár og tveir af hverjum þremur lækna-

um við stofnunina hætta á næstu tíu árum sökum aldurs.“

Að óbreyttu segir Óttar framtíðarsýnina vera að fáir eldri lækna verði starfandi úti á landi en aðrar stöður verði mannaðar af ungum og reynslulitlum læknum. „Þetta er grafalvarlegt mál. Ef ungur læknir þarf að starfa einn getur það skapað óryggi hjá honum jafnt sem þeim sem hann á að þjóna.“ Óttar minnr á að munurinn á lækniþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni sé afar mikill. Á landsbyggðinni þurfi heimilislækna að sinna bráðatífellum ólíkt því sem almennt gerist þar sem fullkomin sjúkrahús eru skammt undan. „Þetta gerir meiri kröfur til lækna sem er í hrópandi ósamræmi við þá þróun að stöður séu mannaðar af unglæknum.“

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir hugsanlegan lækna-skort vissulega áhyggjuefni. „Ég er þó bjartsýnn því áhugi lækna nema á heimilislækningum hefur aukist. Í því felast sóknarfæri. Ef við getum fléttað framhaldsnám í heimilislækningum saman við stöður á landsbyggðinni aukast líkur á að við eignumst fleiri góða dreifbýlislækna.“

Sigurður segir að heilsugæslan taki við átta af hverjum tíu sem leita til lækna. „Við verðum að átta okkur á því og efla hana til samræmis.“

Spurður hvort heilbrigðisyfirvöld séu meðvitund um vandann og hafi rætt hann við félag lækna á landsbyggðinni segir Óttar að svo sé ekki. „Það hefur aðallega verið fjallað um mönnunvandann í Reykjavík þrátt fyrir að hann sé

Annríki hjá slökkviliðinu: Þrír sinubrunar í gærmorgun

UMHVERFISMÁL Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinni þremur útköllum vegna sinubruna í gærmorgun.

Í Heiðmörk var kveikt í sinu skammt frá bænum Hvammi og var þar nokkur eldur. Þá var kveikt í sinu á Nónhæð í Garðabæ þar sem töluverður eldur komst nokkuð nálægt íbúðarhúsum.

Loks var kveikt í sinu skammt frá hesthúsum við Kaldárselsveg í Hafnarfirði. Ekki urðu miklar skemmdir vegna brunanna og er það þakkað skjóttum viðbrögðum slökkviliðsins.

- ovd

Ný rannsókn listfræðinga: Gott að smygla list til Noregs

NOREGUR Nýleg rannsókn listfræðinga við Háskólann í Ósló hefur leitt í ljós að lögreglu- og tolleftirlitsmenn í Noregi hafi litla sem enga þjálfun í að þekkja listmuni og geri því listaverka- og fornleifaþjófum auðvelt að flytja stolna muni um landið.

Samkvæmt dagblaðinu Aftonposten telja listfræðingarnir að slappt eftirlit í Noregi hafi leitt til þess að fornmunir sem stolið var úr Þjóðminjasafninu í Írak árið 2003 hafi verið fluttir til Noregs í stórum stíl og þaðan seldir til annarra vestrænna landa.

- vþ

Kom í veg fyrir vopnað rán: Bauð ræningja í te og kökur

TÉKKLAND Marketa Vachova, sextug afgreiðslukona í matvöruverkslun, kom í veg fyrir rán á dögnum með því að bjóða vopnuðum ræningja í te og kökur. Marketa útskýrir að þrátt fyrir skambyssu og Spiderman-grímu hafi henni sýnst ungi maðurinn hinn efnilegasti.

„Þegar ég byrjaði að spjalla við hann slakaði hann á og bað mig afsökunar. Hann ætlar að koma í heimsókn til mín og ræða sín vandamál,“ segir Marketa.

- shá



HLAUPIÐ MEÐ ELDINN Til handalögmála kom á milli lögreglu og mótmælenda þegar ólympíueldurinn var borinn í gegnum London í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Hörð mótmæli urðu í London í gær gegn kínverskum stjórnvöldum:

Tekist á um ólympíueldinn

BRETLAND, AP Mótmæli brutust út víða um London í gær þegar ólympíueldurinn var borinn í gegnum borgina. Nokkrum sinnum kom til handalögmála milli lögreglu og mótmælenda og voru rúmlega þrjátíu handteknir.

Mótmælendurnir reyndu

meðal annars að ná kyndlinum úr höndum eins kyndilberans og einnig að slökkva eldinn með slökkvitæki. Heyra mátti mótmælendurna hrópa slagorð til stuðnings sjálfstæðisbaráttu Tíbeta og sjá mátti skilti sem hvöttu Kínverja til sammingsumleitana við Dalai Lama.

Vegna mótmælanna þurfti að breyta áætlaðri ferð með kyndilinn um borgina. Fjölmargir mótmælendur komu saman þar sem áætlað var að Fu Ying, sendiherra Kína í Bretlandi, tæki við kyndilinum og því þurfti að að færa athöfnina fyrirvaralaust í annað hverfi til að forðast átök.

- vþ

Kafbátur mánaðarins
SUBWAY 329 kr
...snjall leikur í hádegini!
17 Subway staðir um allt land

Caleido Handklæðaoafnar
TENGI
Nýtt
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15
Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050



Egill, hvernig lýst þér á viðurnefnið langsokkur?

Egill langsokkur! Glæsilegt. Frá og með deginum í dag er ég ekki lengur stóri G-maðurinn.

Egill Einarsson, betur þekktur undir viðurnefninu Gillzenegger, segir að sögusagnir um að vissir líkamspartar séu ýktir í nýja myndbandinu með hljómsveitinni Mercedes Club úr lausu lofti gripnar. Engin þörf sé fyrir ýkjur á þeim bænum.



HÚSTAKA Hópurinn fór inn í gamla Sirkushúsið og hélt þar tónleika en var að lokum vísað út af lögreglu.

Brutust inn á Sirkus:

Telja sér skylt að nýta húsin

REYKJAVÍK Hópur fólks sem fór inn í gamla Sirkushúsið við Klapparstíg á föstudagskvöld og hélt þar tónleika boðar fleiri slíkar aðgerðir.

Í tilkynningu sem hópurinn sendi frá sér í gær segir að hópurinn afskrifi hugmyndina að baki niðurrifi hússins.

„Í ljósi aðgerðaleyfis yfirvalda gagnvart vísitandi vanrækslu auðmagnsins á húsnæði í eigu þess er nauðsynlegt að við tökum málin í eigin hendur. [...] Ef hús standa ónotuð og í niðurniðslu hafa eigendur þeirra fyrirgert eignar- og afnotarétti sínum af þeim og það er skylda okkar og réttur að grípa inn í og nýta húsin,“ segir í tilkynningunni. - þo

LÖGREGLUFRETTIR

Fótbrotnaði í Bláfjöllum

Lögregla og sjúkraflutningamenn sóttu í gær skíðamann í Bláfjöll sem hafði fótbrotnað.

Fjórir á slysideild

Þó nokkuð var um þústra og líkamssársir í miðbæ Reykjavíkur í fyrrinótt. Komu fjórir á slysideild Landspítalans til aðhlyningar eftir slagsmál í miðbænum.

Prír teknir í Reykjanesbæ

Tveir ökumenn voru teknir undir morgun í Reykjanesbæ í gær grunaðir um ölvun við akstur.

Listamaðurinn Liu Jin bjó til áhrifaríkara listaverk en hann óraði fyrir:

Naktar gínur ollu hjartaáfalli

KÍNA Kínverski listamaðurinn Liu Jin náði heldur betur að vekja athygli með listagjöfningi sínum í Shanghai um helgina. Hann átti hins vegar ekki beinlínis von á að áhorfendur fengju hjartaáfali við að líta verkið augum.

Verkið kallaðist Særðir englar og samanstóð af nokkrum gínurum í fullri stærð sem héngu utan á skýjakljúfum með vængi á bakinu.

Vegfarendur rak í rogastans þegar þeir urðu varir við gínurnar enda töldu flestir að hér væru á ferðinni menn af holdi og blóði sem ætluðu sér að stökkva til jarðar.

Lögreglu bárust fjölmargar ábendingar frá skelfingu lostnum borgarþúum og slökkviliðið var kallað á staðinn til að bjarga fólkinu sem reyndist þegar betur var að gáð ekki mennskt.

Líklega tók þó enginn verkið jafn nærri sér og öldruð kona sem fékk hjartaáfali þegar hún sá



SÆRÐIR ENGLAR Gínurnar voru svo raunverulegar að vegfarendur töldu þær af holdi og blóði.

gínurnar. Hún var flutt í snarhasti á sjúkrahús til aðhlyningar.

- þo

Grafir múslima vanvirtar

FRANKLAND Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti fordæmdi í gær skemmdarverk sem unnin voru á grófum 148 múslimskra hermanna sem börðust í fyrri heimsstyrjöldinni. Samkvæmt vef breska ríkisútvarpsins, BBC, eru grafirnar í Notre Dame de Lorette herkirkgjugarðinum nálægt Arras, en þar áttu nokkrar mestu orustur fyrri heimsstyrjaldarinnar sér stað. Svínshöfuð var hengt á einn legsteinanna og á aðra var skrifaður hatursáróður. Svipuð skemmdarverk áttu sér stað í garðinum fyrir ári síðan þegar hakakrossar voru málaðir á legsteinum á múslimagrófum. - vþ

Leigja aftur þotu fyrir ferð forsætisráðherra

Forsætisráðherra og viðskiptaráðherra fara með leigubotu til Svíþjóðar í dag. Kostnaðarauki miðað við áætlunarflug er hátt í eina milljón króna. Þingmaður Vinstri grænna fordæmir leiguna og segir ráðherra kjósa þægindi þotuliðsins.

STJÓRNSÝSLA Geir H. Haarde forsætisráðherra og Björgvin G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra halda í dag til Riksgränsen í Norður-Svíþjóð með þotu sem forsætisráðuneytið hefur tekið á leigu. Þeir eiga fund með norrænum forsætisráðherrum en fundarefnið er alþjóðavæðing og áhrif hennar.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem ráðamenn leigja slíka vél en mikil umræða skapaðist þegar forsætisráðherra og utanríkisráðherra fóru á fund NATO í Rúmeníu í síðustu viku með leigubotu. Ráðherrar og fylgdarlið þeirra koma heim á miðvikudagskvöldið.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu kemur fram að með leigu á vélinni sparist einn til tveir ferðadagar á mann. Lauslega áætlaður kostnaðarauki miðað við að fljúga í áætlunarflugi er sagður vera um 8-900 þúsund krónur.

Að þessu sinni leigir ráðuneytið flugvél af flugfélaginu Erni. Kostnaður við leigu vélarinnar fékkst ekki uppgefinn.

„Ég tel að þetta ágæta fólk sem gegnir ráðherrastöðum eigi að deila kjörum með þjóðinni en ekki með þotuliðinu,“ segir Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Hún segir málið annars vegar spurningu um stíl og skilaboð til þjóðarinnar en hins vegar um umhverfismál.

„Á sama tíma og menn eru að segja þjóðinni að hún eigi að herða sultarólina og það séu blikur á lofti, sem allir skynja vegna vaxandi verðbólgu, þá skuli ráðherrar velja sér þennan ferðamáta sem



POTA FLUGFÉLAGSINS ERNIS Ráðherrarnir fljúga ásamt fylgdarliði með einkabotu til Svíþjóðar í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Ég tel að þetta ágæta fólk sem gegnir ráðherrastöðum eigi að deila kjörum með þjóðinni en ekki með þotuliðinu“

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR
ÞINGMAÐUR

hingað til hefur einkennt nýrka Íslendinga.“

Álfheiður telur það ekki aðalatriðið hvort flugið sé einhverjum þúsundkallinum dýrara eða ódýrara. „Það er klárt að frá umhverfissjónarmiðum er þetta alltaf dýrara.“

Álfheiður segir að í íslensku samfélagi hafi hingað til verið reynt að viðhalda tilteknum jöfnuði. „Þá höfum við viljað að stjórnmálamenn og ráðherrar séu eins og einn af þjóðinni en þarna hefur

verið tekinn upp annar stíll. Menn kjósa þægindi þotuliðsins umfram það að deila kjörum með þjóðinni. Það eru skilaboðin og þau eru ómurleg.“

Að þessu sinni munu sjö manns fljúga með leigubotu Ernis til Svíþjóðar. Auk ráðherranna og starfsmanna þeirra munu tveir gestir verða með í för. Það eru Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins og Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarfrankvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

olav@frettabladid.is



HJÓLAMERGDÁ STRIKINU Danir ferðast mikið um á reiðhjólum enda þægilegur og ódýr ferðamáti.

Samgönguvandi í Danmörku: Hjólaþjófnaður færast í aukana

DANMÖRK Tæplega 200 Danir tilkynna um stolin reiðhjól á degi hverjum, þar af um fimm tíu í Kaupmannahöfn. Samkvæmt dagblaðinu Politiken hefur hjólaþjófnaður aukist umtalsvert undanfarnin ár þar sem lögregla leitar sjaldnast að stolnum hjólum og auðvelt er að koma þeim í verð. Yfirvöld í Kaupmannahöfn taka þetta vandamál þó alvarlega þar sem 36 prósent borgarhjúla til og frá vinnu á degi hverjum. Því er nú leitað lausna og meðal annars litið til Hollands þar sem mikið er um vaktar hjólagæmslur og önnur úrræði sem draga úr hjólaþjófnaði. - vþ

Verkalýðsfélag Vestfjarða: Verðhækkkanir fordæmdar

NEYTENDAMÁL Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga gagnrýnir harðlega þá bylgju hækkana sem launþegar hafa þurft að taka á sig að undanförun. Í ályktun félagsins segir að spyrna þurfi við ört hækkandi eldsneytis- og matarverði ásamt hækkunum á öðrum nauðsynjum sem dynja á landsmönnum.

Þar segir að það sé óásættanlegt að fyrsti kostur skuli vera að hækka vöruverð og þjónustu til neytenda og sama gildir um þau „vinnubrögð birgja og heildsala að lauma breytingum á vaxta- og gengismun inn í boðaða hækkun vöruverðs“. - shá

Ungur karlmaður þungt haldinn eftir að hann var sleginn með flösku í höfuðið:

Blæddi inn á heila eftir höfuðhögg

LÍKAMSÁRÁS Ungur karlmaður hlaut mjög alvarlega áverka þegar hann var sleginn í höfuðið með flösku í verslun 10-11 í Austurstræti snemma í gærmorgun. Maðurinn er öryggisvörður í versluninni.

Meintum árásarmanni hafði um einni og hálfri klukkustund áður verið vísað út úr versluninni vegna óláta. Var árásarmaðurinn, maður á þritugsaldri, strax handtekinn og fluttur í fangaheimslur lögreglunnar þar sem hann var látinn sofa úr sér áfengisvímu. Var hann yfirheyrður í gær og úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á miðvikudag.

Áverkar öryggisvarðarins voru mun alvarlegri en talið var í fyrstu. Hann hlaut meðal annars skurð á höfði og tók að blæða inn á heila. Hann var því strax sendur í aðgerð og að því búnu fluttur á gjörgæsludeild.

„Hugur okkar er hjá þessum unga manni,“ segir Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri 10-11. „Við erum í sjokki eins og margir yfir ástandinu í miðborginni og þeim uppkomum sem sífellt eiga sér þar stað.“

Sigurður segir öryggisverði vera í öllum



FÓLSKULEG ÁRÁS Maðurinn sem ráðist var á er öryggisvörður í verslun 10-11 í Austurstræti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verslunum þeirra á nóttunni. Verðirnir séu með öryggishnappa og talstöðvar. „Vegna staðsetningarinnar eru oft uppkomur í þessari búð en þær hafa allar verið innan þeirra marka sem menn ráða við.“ Hann segir að ekki hafi komið til tals að breyta opnunartíma verslunarinnar og á ekki von á að þessi atburður breyti því. - ovd

Gott á mánudegi

Úr Fiskborði Noatúns

Fiskibollur

598 kr. kg.

Þú sparar 400 kr.

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR ÞÉR LÍFIÐ

Pungurinn er grundvöllur að góðu sambandi

Nú er fartölvan loksins orðin alvöru far-tölva.
Fáðu netið beint í punginn og vertu í sambandi hvar og hvenær sem þú vilt.

Ísland er heitur reitur!
3G internet + 3G pungur



3G pungur + 3G internet

1.990 kr.

á mánuði í 12 mánuði.

Allt að 3 Mb/s hraði og 1 GB innifalið á mánuði.

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lág múla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

3G pungur 19.900 kr. staðgreitt eða 1.990 kr./mán. í 12 mánuði og reikningur greiddur með kreditkorti.
Ef keyptur er 3G pungur fylgir 3G internet með í 12 mánuði. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	74,21	74,57
Sterlingspund	148,44	149,16
Evra	116,70	117,36
Dönsk króna	15,644	15,736
Norsk króna	14,599	14,685
Sænsk króna	12,453	12,525
Japanskt jen	0,7251	0,7293

SDR	121,45	122,17
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
150,3984

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áform sveitarstjórnar um að opna safn á Nauteyri:

Opna safn Steins við Djúp

MENNING Uppi eru áform um að koma á laggirnar safni um Stein Steinarr á Nauteyri, skammt frá æskustöðvum skáldsins sem eru í Skjaldfannardal í Ísafjarðardjúpi.

„Okkur hefur borist erindi frá áhugamönnum um slíkt safn þar sem þeir falast eftir eignarhlut sveitarfélagsins í félagsheimilinu á Nauteyri til að nota undir þetta safn og sveitarstjórn hefur tekið jákvætt í það,“ segir Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggðar.

„Okkur er umhugað um að það geti opnað að einhverju leyti í ár á aldarafmæli skáldsins,“ bætir hún við. Líklegt má telja að áhugamennirnir verði síðan að leita til Ásdísar

sveitarstjórn sem sjálf lumar á verðmæti frá skáldinu.

„Það má geta þess svona til gamans að þegar ég var fyrir margt löngu að handleika ljóðabók Steins sem afi minn, Hannes Stephensen, hafði átt féll úr henni snepill með stöku og á hann var letrað að sennilega væri þetta síðasta vísan sem Steinn orti.“

Sveitarstjóranum vafðist ekki tunga um tönn þegar hún var spurð hvort hún myndi stökuna:

*Lítim hlaut ég yndisard
á akri mennta og lista
en sáðfall mér í svefni varð
á sumardaginn fyrsta.*



STEINN STEINARR í ár verða hundrað ár liðin frá fæðingu hans.

- jse

Sjö menn handteknir: Slagsmál í Árbæjarhverfi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók sjö menn í Árbæjarhverfi í Reykjavík í gær vegna slagsmála.

Barst lögreglunni tilkynning um slagsmálin en þegar hún kom á staðinn neituðu mennirnir að gefa upplýsingar um málið. Mennirnir, sem eru af erlendum uppruna, sögðust hvorki tala íslensku né ensku en þegar enginn þeirra gat framvísað persónuskilríkjum ákvað lögregla að handtaka þá og flytja á lögreglustöð. Voru þeir þar yfirheyrdir með aðstoð tólks og sleppt að því loknu. Málið telst upplýst.

- ovd

Unglingar og jafnréttismál: Börn einstæðra jafnréttissinnuð

JANFRÉTTISMÁL Unglingar sem nota netið mikið eru líklegri til að hafa íhaldssamari viðhorf til jafnréttismála en aðrir.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Þórodds Bjarnasonar, prófessors við Háskólann á Akureyri, og Andreu S. Hjalmsdóttur, doktorsnema í félagsfræði við University of British Columbia, sem birtist í nýjasta tölublaði alþjóðlega vísindatímaritsins Sex Roles.

Athyglisvert þykir að unglingar sem alist höfðu upp hjá einstæðu foreldri eða heimavinnandi föður voru líklegri til að styðja jafnrétti í heimilisstörfum en unglingar frá efnameiri heimilum eða af erlendum uppruna.

- þo



FRÁ VESTMANNAEYJUM Byrjað var að grafa fyrir grunninn fyrirhugaðrar verksmiðju í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Vatnsútflutningsverksmiðja:

Framkvæmdir hafnar í Eyjum

VESTMANNAEYJAR Jarðvegsvinna vegna byggingar vatnsútflutningsverksmiðju í Vestmannaeyjum hófst í gærmorgun.

Í fyrsta áfanga verður byggt 500 fermetra hús en síðar er gert ráð fyrir 2000 fermetra viðbyggingu. Verður mest allt efni í húsið flutt inn í einingum og sett saman á staðnum. Er gert ráð fyrir að allt efni í húsið verði komið til Eyja í júní og að starfsemi í verksmiðjunni hefjist í júlí.

- ovd

Telja yfirlýsingar ráðherra marklausar


Stjórn Landssamtaka landeigenda telur nýjar þjóðlendukröfur ríkisins á Norðurlandi ekki í samræmi við fyrri yfirlýsingar fjármálaráðherra. Ráðherra vísar því á bug og segir að komið hafi verið til móts við kröfur landeigenda.

ÞJÓÐLENDUR „Við áttum ekki von á þessu eftir yfirlýsingar fjármálaráðherra á aðalfundi okkar og erum ákaflega óánægð með þessar kröfur,“ segir Örn Bergsson formaður Landssamtaka landeigenda. Samtökin sendu frá sér tilkynningu í gær þar sem þau gagnrýna nýjustu þjóðlendukröfur ríkisins á Norðurlandi sem birtar voru 28. mars síðastliðinn.

Svæðið sem um ræðir nær frá Fnjóská í austri að Blöndu í vestri. Landeigendum þykir of langt seilst inn á þinglýstar jarðir og segja gagnaöflun ríkisins ábótavant. Þar vísa þeir til orða Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra, á aðalfundi samtakanna í febrúar síðastliðnum, þar sem hann boðaði breytt vinnubrögð af hálfu ríkisins í þjóðlendumálum. Nú telja landeigendur að boðskapur ráðherrans hafi ekki skilað sér til málflytjenda ríkisvaldsins eða fái þar engan hljómgrunn.

„Hann talaði um að farið yrði hægar í sakirnar og málin rannsókuð betur áður en kröfur yrðu lagðar fram. Okkar lögmennt hafa farið yfir þessar kröfur og sjá ekki á þeim að gagnasöfnunin sé ítarlegri en áður,“ segir Örn og bendir á að fræðimenn hafi einnig sagt gagnaöflun ábótavant. Þannig hafi ekki verið farið í gegnum nema brot af þeim skjölum sem varðveitt eru á Árnastofnun og varða þjóðlendur.

ÞJÓÐLENDUKRÖFUR FYRIR SVÆÐI 7



Árni M. Mathiesen vísar því á bug að yfirlýsingar hans síðan í febrúar séu marklausar. Hann segir að önnur vinnubrögð hafi verið viðhöfð við kröfugerðina nú en áður og að komið hafi verið til móts við vilja landeigenda. Þannig sé svæðið mun minna en upphaflega var áætlað og gagnaöflun hafi hafist fyrr en ella.

„Í málum sem þessum koma alltaf upp deilumál. Fólk þarf hins

vegar að átta sig á því að úr þeim fæst ekki skorið nema ríkið geri kröfu fyrir óbyggðanefnd. Ef engin krafa liggur fyrir er aldrei úrskurðað í álitamálanum,“ segir Árni.

Örn segir að vissulega sé krafan mildari en til að mynda á svokölluðu svæði 6 í Þingeyjarsýslu. „Þetta er órlítið mildara en ekki nærri nóg til að við getum sætt okkur við það,“ segir Örn.

thorgunnur@frettabladid.is



SEM MÓSES Charlton Heston sést hér í einu af sínum þekktustu kvikmyndahlutverkum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórleikari fellur frá: Charlton Heston látinn

BANDARÍKIN, AP Kvikmyndaleikarinn Charlton Heston lést á heimili sínu í Los Angeles á laugardagskvöld 84 ára að aldri. Dánarorsök er ókunn. Heston var þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndinni Ben Húr, en einnig gerði hann hlutverkum Móses og Jóhannesar skírara góð skil í öðrum kvikmyndum sem gerðar voru eftir biblíusögum. Heston var einnig vel kunnur fyrir leik sinn í kvikmyndinni Apaplánetan. Hann var einnig áberandi baráttumaður fyrir byssueign og gegndi formennsku félags bandarískra byssueiganda, NRA, frá árinu 1998 til 2003.

- vþ

Kviknaði í út frá þurrkara: Eldur í kjallara fjölbylishúss

BRUNI Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var um ellefuleytið í gærmorgun kallað að fjölbylishúsi í Ugluhólum 10 í Breiðholti. Logaði þá eldur í þvottaherbergi í kjallara hússins.

Greiðlega gekk að slökkva eldinn og reykræsta húsið en töluverðar skemmdir urðu vegna reyks. Engum varð þó meint af. Grunur leikur á að kviknað hafi í út frá þurrkara í þvottahúsinu.

- ovd

capacent

FJÁRFESTING, FJÁRMÖGNUN OG FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA
Hefst 15. apríl

MARKMIÐASETNING OG ÁRANGURMAT VIÐ FJÁRMÁLSTJÓRNUN
Verður 29. og 30. apríl

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

MILT Í DAG SVO KÓLNAR HELDUR
Ef maður reynir að átta sig á þróun hitans í vikunni þá er þokkalega milt á landinu í dag en síðan kólnar nokkuð á morgun. Síðan kemur lægð upp að landinu á miðvikudag með hlýnandi veðri. En á fimmtudag kólnar eindregið og horfur á frosti á föstudag og um næstu helgi.

Á MORGUN
8-13 m/s á Vestfjörðum annars mun hægari

MÍÐVIKUDAGUR
A- og NA-10-20 m/s, hvassast á Vestfjörðum

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	8°
Billund	9°
Ósló	5°
Stokkhólmur	8°
Gautaborg	8°
London	9°
Paris	8°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	4°
Berlín	10°
Alicante	23°
Mallorca	19°
Basel	6°
Eindhoven	8°
Las Palmas	22°
New York	8°
Orlando	28°
San Francisco	14°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Bilið milli lífs og dauða



DREKKUM VATN OG BJÖRGUM MANNSLÍFUM

4. til 13. apríl

Þú getur lagt þitt af mörkum og fengið nánari upplýsingar á heimasíðunni www.vatnsvika.is

Daglega deyja um 6000 börn vegna skorts á heilnæmu drykkjarvatni. 1 milljarður manna hefur engan eða takmarkaðan aðgang að hreinu vatni.

UNICEF á Íslandi stendur fyrir fjársöfnun til vatnsverkefna UNICEF um allan heim. Þér gefst kostur á að styrkja þetta málefni með því að greiða **250 kr.** fyrir glas af hollu og góðu ferskvatni á mörgum veitingastöðum í Vatnsviku UNICEF.

Þátttakendur í Vatnsviku:

Brasserie Grand	Ó restaurant
Domo	Perlan
Einar Ben	Silfur
Fiskmarkaðurinn	Sjávarkjallarinn
Gullfoss	Við Tjörnina
Grillið	Við fjöruborðið
Hótel Holt	VOX
La Primavera	



Stoltur stuðningsaðili Vatnsviku UNICEF

KJÖRKASSINN



Er kominn vorhugur í þig?

Já	78,7%
Nei	21,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú tekið lán í erlendri mynt?

Segðu skoðun þína á Vísir.is



Bandarískur sértrúarsöfnuður:

Um 200 konur og börn flutt á brott

BANDARÍKIN, AP Lögregla í Texas-fylki fór í gær inn í búgarð sértrúarsafnaðar og fjarlægði þaðan tæplega tvö hundruð konur og börn. Rökstuddur grunur hafði vaknað um að innan safnaðarins tíðkaðist að gifta barnungar stúlkur fullorðnum karlmönnum. Lögreglunni höfðu borist ábendingar um að sextán ára stúlka hefði verið beitt kynferðislegu ofbeldi á búgarðinum. Talið er að hún hafi verið gift fimmtugum manni og að hún hafi eignast barn fimmtán ára gömul. Samkvæmt lögum Texas-fylkis mega stúlkur undir sextán ára aldri ekki ganga í hjónaband, jafnvel þótt þær hafi samþykki foreldra sinna.

Söfnuðurinn nefnist Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu og klofnaði út frá mormónatrú fyrir rúmri öld. Ein af meginkenningum safnaðarins er sú að karlmenn verði að taka sér hið minnsta þrjár eiginkonur til þess að komast til himnaríkis. Leiðtogi safnaðarins, Warren Jeffs, situr í



MEÐLIMIR SÉRTRÚARSAFNAÐARINS Lögregla fylgist með þegar safnaðar meðlimir yfirgefa búgarðinn í Texas.

fangelsi eftir að hann var dæmdur fyrir aðild að nauðgun 14 ára stúlku.

Mannshvarf í Svíþjóð: Tíu ára stúlka hvarf sporlaust

SVÍÞJÓÐ Leit stendur yfir í sænska bænum Stjärnsund að tíu ára stúlku sem hvarf sporlaust á laugardag á leið sinni heim af fótboltavelli.

Stúlkun var á reiðhjólum sem fannst síðar í vegarkanti um hálfan kílómetra frá heimili hennar.

Samkvæmt dagblaðinu Dagens Nyheter leikur grunur á að stúlkunni hafi verið rænt. Faðir hennar er búsettur á Spáni og hafði Interpol hafið leit að honum í gær.

Lögreglan í Stjärnsund tók þó fram að faðirinn væri ekki grunaður um aðild að hvarfi stúlkunnar.

BORGARBYGGÐ

Zsuzsanna heiðruð

Ungverski píanoleikarinn Zsuzsanna Budai hefur fengið heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs Borgarbyggðar fyrir árið 2008. Zsuzsanna flutti til Íslands árið 1991 og í Borgarnes 1997. Hún er sögð hafa fært andrúmsloft ríkrar tónlistarmenningar Mið-Evrópu með sér til Íslands.

SJÁVARÚTVEGUR

Úthafskarfaveiði óbreytt

Íslenskum skipum verður heimilt að veiða alls 21.083 tonn af úthafskarfa árið 2008 og er það sama heildaraflamark og í fyrra. Reglugerð þessa efnis hefur verið gefin út og er sett á grunni samkomulags fiskveiðiríkja um stjórnun veiðanna.



VIRKUNARÁFORMUM MÓTMÆLT Gagnrýnt er að skýrsla um áhættumat vegna Þjórsárvirkjana liggja ekki fyrir þótt niðurstöður hafi verið kynntar vegna Urriðafoss fyrir næstum hálfu ári.

MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

Skýrslu um hættumat Þjórsárvirkjana ólokið

Gagnrýnt er að hálf tveimur árum sé liðið frá því niðurstöður áhættumats vegna Urriðafossvirkjunar voru kynntar, en engin skýrsla komin. Eðlilegt, segir skýrsluhöfundur. Flóahreppur krafðist þess að niðurstöður yrðu kynntar snemma.

VIRKJANAMÁL „Við gerum ráð fyrir því að hún liggja fyrir eftir svona hálfan mánuð,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, um skýrslu um áhættumat vegna virkjana í Neðri-Þjórsá.

Niðurstöður áhættumatsins voru hins vegar kynntar í Flóahreppi fyrir rúmum fimm mánuðum. Niðurstaða þess var að bygging mannvirkja leiddi ekki til aukinnar hættu á svæðinu.

„Það orkar tvímælis að nú, tæpu hálfu ári eftir að niðurstöðurnar eru kynntar, er enn verið að vinna

vinnuna sem þær byggja á,“ segir Jón Árni Vignisson, bóndi í Skálmholti.

„Þótt búið sé að reikna og niðurstöður liggja fyrir er heilmikil úrvinnsluvinnsla eftir, til dæmis að gera grein fyrir fræðilegum forsendum, aðferðum og slíku,“ segir Dóra Hjálmarsson, verkfræðingur hjá VST, sem vann áhættumatið.

„Hafa þarf í huga að áhættumatið er unnið fyrir allar virkjanirnar þrjár í Neðri-Þjórsá,“ segir Þorsteinn Hilmarsson. Hann segir að það hafi verið að ósk Flóa-

hrepps sem ákveðið var að kynna hreppsbúum niðurstöður áhættumats vegna Urriðafossvirkjunar svo snemma.

„Við töldum að í kynningunni lægju fyrir fullnægjandi gögn til þess að taka ákvörðun um að virkjunin færi á aðalskipulagið og sáum enga ástæðu til að efast um þau,“ segir Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, spurð hvort forsendur og rannsóknir áhættumatsins hafi legið fyrir þegar ákvörðun sveitarfélagsins var tekin.

- ingimarkarl@frettabladid.is

HEIMSDORPIÐ

Háskólinn í Reykjavík er súðupottur þekkingar frá ólíkum samfélögum og menningarheimum þar sem starfa kennarar frá 23 löndum.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is



Eignarhald íslenskra orkuauðlinda og orkukerfa í virku markaðsumhverfi

VERKFRÆÐIDEILD

www.verk.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Málstofa á vegum verkfræðideildar HÍ miðvikudaginn 9. apríl, kl. 16:00–18:00, stofu HT-104, Háskólatorgi.

Dagskrá:

- » Dr. Bjarni Bessason, prófessor, varadeildarforseti verkfræðideildar: **Ávarp/setning**
- » Dr. Ragnar Arnason, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild: **Orkuauðlindir: Hagkvæmt eignarhald.**
- » Eyvindur G. Gunnarsson, lektor í lagadeild Háskóla Íslands: **Eignarhald á náttúruauðlindum.**
- » Egill Benedikt Hreinsson, prófessor í verkfræðideild: **Íslenskar orkuauðlindir – verðmæti – markaður.**
- » Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja: **Frumvarp um orkuauðlindir og veitustarfsemi; áhrif lagasetningar á rekstrarform veitufyrirtækja.**
- » Fyrirspurnir og pallborðsumræður með frummælendum.

Allir velkomnir

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar:

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda tilbúin

INNFLYTJENDAMÁL Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Áætlunin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Jóhanna fól innflytjendaráði að semja framkvæmdaáætlunina í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og samþykka stefnu um aðlögun innflytjenda.

Meðal helstu verkefna áætlunarinnar er að samin verði löggjöf um aðlögun innflytjenda, að innflytjendur njóti sömu kjara, réttinda og vinnuverndar og aðrir, upplýsingaöflun, rannsóknir um innflytjendamál og miðlun upplýsinga til innflytjenda verði efl,

skráningar dvalar- og atvinnuleyfa verði einfaldaðar og samræmdar og að réttur til túlkabjónustu verði skýrður.

Fyrirmyndir að móttökuáætlunum sveitarfélaga verða samdar og hlutverk ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum skýrð, mat og viðurkenning á erlendri starfsmenntun og námi verður einfaldad, efnt verður til átaks gegn fordómum og mismunum og íslenskukennsla og samfélagsfræðsla verður efl.

Framkvæmdaáætlunin verður endurskoðuð að tveimur árum liðnum í kjölfar skýrslu um árangurinn og að þá verði ný áætlun til fjögurra ára lögd fyrir Alþingi.



SAMÞYKKT AF RÍKISSTJÓRNINI Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur lagt fram tillögu um framkvæmdaáætlun sem samþykkt er af ríkisstjórninni.

**N1**

25% AFSLÁTTUR AF DEKKJASKIPTUM EF ÞÚ ERT MEÐ VIÐSKIPTAKORT

Í DAG ER GÓÐUR DAGUR
TIL AÐ SKIPTA UM DEKK HJÁ N1!

Þú færð 25% afslátt af dekkjaskiptum hjá N1 ef þú ert með Viðskiptakort. Tilboðið gildir 7., 8. og 9. apríl á öllum hjólarðaverkstæðum N1. Ef þú ert ekki nú þegar með Viðskiptakort, færðu samt afsláttinn ef þú sækir um á staðnum.

Á næstu dögum höldum við áfram og kynnum fleiri leiðir til að lækka rekstrarkostnað bílsins.



N1 HJÓLARÐAÞJÓNUSTA SÍMI 440 1000

Fellsmúla 24, Réttarhálsi 2, Ægissíðu 102,
Langatanga 1a, Reykjavíkurvegi 56,
Dalbraut 14 Akranesi, Vesturbraut 552 Keflavík

WWW.N1.IS

SPARAÐU MEÐ VIÐSKIPTAKORTINU

Með Viðskiptakorti N1 getur þú lækkað eldsneytis-
kostnað og önnur bílaútgjöld svo um munar.

N1 - Meira í leiðinni



JÓNSON & LEWIS • HÍLS • SÍA

VEISTU SVARID?



1. Hvaða bandaríski tónlistarmaður ætlar að halda tónleika í Laugardalshöll 1. júlí?
2. Hvar fór unglíngalandsmót- id á skíðum fram um helgina?
3. Hvert ætlar tónlistarmaður- inn Þorvaldur Bjarni að flytja í haust?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Formaður Kennarafélags Iðnskólans í Reykjavík um drög að ráðningarsamningi:

Bæta þarf ýmislegt í samningsdrögum

VINNUMARKAÐUR Drög að kjara- og ráðningarsamningi fyrir þá kennara og starfsmenn Iðnskólans í Reykjavík sem ætla að ráða sig til starfa við sameinaðan skóla Iðnskólans í Reykjavík og Fjölnis- tækniskólans hafa verið lögð fram í samningaviðræðum Félags framhaldsskólakennara og Menntafélagsins.

Reynir Vilhjálmsson, formaður Kennarafélags Iðnskólans í Reykjavík, segir að ýmislegt eigi eftir að bæta í samningsdrögum þannig að allir flytjist á þeim kjörum sem þeir hafa verið hingað til. Hann nefnir sérstaklega hvernig útfæra eigi kjör starfs-

fólksins og reglur sem giltu fyrir það sem ríkisstarfsmenn. Þær muni ekki gilda í nýja skólanum. Reynir nefnir einnig reglur um rétt til biðlauna þegar störf eru lögð niður og hvernig eigi að útfæra þennan rétt. Þá gildi upplýsingalög ekki fyrir starfsmenn á almennum markaði og einnig sé spurning um að setja inn í samninginn ákvæði um að svipaðar reglur gildi áfram.

„Vissar reglur eru um faglegt sjálfstæði kennara í þessum nýja skóla. Mér finnst persónulega að það þurfi að taka fram að við kennarar berum eftir sem áður þessa faglegu ábyrgð sjálfstætt

og eins gagnvart nemendum. Við eigum ekki bara að vera háðir vilja skólameistara,“ segir Reynir og býst við að samningar „gangi saman með tímanum“.

Reynir gerði ráð fyrir að samningsdrögin yrðu kynnt fyrir kennurum í Iðnskólanum í Reykjavík á næstunni. Ganga verður frá samkomulagi fyrir lok maí.

- ghs

DRÖG LIGGJA FYRIR Drög að kjara- og ráðningarsamningi liggja fyrir í Iðnskólanum í Reykjavík en Reynir Vilhjálmsson, formaður kennarafélagsins, segir að enn eigi eftir að bæta þau.



ROBERT MUGABE Forseti Simbabwe. Flokkur hans, ZANU-PF, hefur farið fram á endurtalningu atkvæða í nýafstöðnum forsetakosningum.

Forsetakosningar í Zimbabwe:

Flokkur Mugabes fer fram á endurtalningu

SIMBABVE, AP Zanu-PF, flokkur forsetans Roberts Mugabe, hefur farið fram á endurtalningu atkvæða úr forsetakosningunum í Simbabwe sem fóru fram í lok seinasta mánaðar.

Minnihlutflokkurinn Hreyfing fyrir lýðræðislegum breytingum hefur mótmælt endurtalningunni harðlega þar sem niðurstöður kosninganna hafa ekki enn verið gerðar opinberar. Herskár stuðningsmenn Mugabes réðust í gær inn á þrjá búgarða og ráku hvíta bændur af landi sínu.

Aðgerðirnar þykja benda til þess að Mugabe hyggist beita ofbeldi til að halda völdum. -vp

Óþíumrækt örugg tekjulind

Andspyrnuhópar gegn erlenda herliðinu í Afganistan hafa haft örugga tekjulind af óþíumrækt og öruggan gríðastað handan landamæraanna að Pakistan. Þetta segir yfirmaður fjölþjóðaliðs NATO í Afganistan.

AFGANISTAN Dan McNeill, yfirmaður herafla NATO í Afganistan, viðurkennir fúslega að árangri í baráttunni við andspyrnuhópa í landinu verði ekki náð nema tvennt komi til.

Annars vegar verði að koma í veg fyrir að talibanar og aðrir uppreisnarhópar hafi öruggt skjól handan landamæraanna í Pakistan, þar sem þeir geta safnað liði og búið sig undir átök. Hins vegar segir hann nauðsynlegt að uppræta óþíumrækt í landinu, vegna þess að hún er megintekjulind andspyrnuhópanna.

„Að mínu mati koma líklega tutugu til fjörtúu prósent af tekjum uppreisnarmanna frá valmúarækt,“ segir McNeill í viðtali við Fréttablaðið. „Sumir félagar mínir telja þetta hlutfall enn hærra, jafnvel yfir sextíu prósent, þannig að augljóslega verður vart hægt að vinna bug á þessari uppreisn án þess að takast á við valmúaræktina.“

Sameinuðu þjóðirnar telja líklegt að óþíumuppskeran í Afganistan í ár verði jafnvel enn meiri en í fyrra sem þó var metár og skilaði átta þúsund tonnum af valmúa. Það eru níutíu prósent af allri óþíumframleiðslu heimsins.

Fyrir hersveitir NATO er vandinn sá að það fellur ekki undir

umboð þeirra í landinu að takast á við þennan vanda. Það er í verkahring afgönsku stjórnarinnar, sem hefur reyndar sent hersveitir á vettvang til þess að eyðileggja óþíumuppskeru og greiðir bændum sérstaklega fyrir að skipta yfir í aðra ræktun.

Nokkur héruð í Afganistan, einkum í norður- og miðhluta landsins, hafa nú þegar fengið staðfestingu á því frá Sameinuðu þjóðunum að þar hafi allri óþíumrækt verið hætt. Sums staðar í þessum héruðum hafa menn hins vegar skipt yfir í kannabisræktun, eins og McNeill staðfestir:

„Þegar ég var á ferð þarna fyrir norðan nýlega, á svæðum þar sem óþíumrækt hefur verið sögð upprætt, þá sá ég að þar sem áður var valmúi er nú verið að rækta kannabis.“

Um helgina fullyrti Michael Hayden, yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA, að í landamæraheruðum Afganistans og Pakistans hafi liðsmenn Al-Kaída haft öruggt skjól og gríðastað. McNeill tekur í sama streng:

„Án þess að vilja benda á Pakistan sérstaklega vil ég einfaldlega segja að allir sem stefna að því að hjálpa Afgönnum að ná öryggi og stöðugleika til langframa verða að átta sig á því að það er ekki fram-



VALMÚINN UPPRÆTTUR Afgönsku hersveitirnar, sem hafa það hlutverk að eyðileggja óþíumuppskeru, þurfa að ganga yfir akrana og tæta plöntur með handafli til þess að eyðileggja ekki hveitið sem oft er ræktað inn á milli valmúans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kvæmanlegt ef uppreisnarmenn geta fundið gríðastað rétt fyrir utan umráðasvæði fjölþjóðlega herliðsins hér,“ segir McNeill.

gudsteinn@frettabladid.is

DAN MCNEILL Yfirmaður herafla NATO í Afganistan staðfestir að bændur eru sums staðar farnir að rækta kannabis þar sem óþíumrækt hefur verið hætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUDSTEINN



Allt að

16,30% vextir +16% vaxtaauki!*

Þeir sem stofna **SPRON Vaxtabót** á Netinu fyrir 15. apríl nk.

fá 16% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.*



Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

spron

*Vextir á SPRON Vaxtabót samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. apríl 2008. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

Gott gengi hjá Sparibíl!

Eigum enn bíla á gamla genginu.

Nýr 2008 Range Rover Sport Supercharged

Listaverð*: 14.310 þús. án aukabúnaðar

Okkar verð: 9.990 þús.

Innifalið í verði er aukabúnaður fyrir um 1 milljón.

Þú sparar því um: 5,3 milljónir

Litir á lager: Steingrár

4 ára ábyrgð



Nýr 2006 Land Rover Freelander - Eftirársbílar

Sjálfskiptur dísel.

Listaverð* á nýja bílnum er frá 5.880 þús.

Með þessum búnaði vel yfir 6 milljónir.

Okkar verð: 2.990 þús. með topplúgu 3.150 þús.

Innifalið í verði er: Leður/Alcantara innrétting – Sjálfskipting – Loftkæling – Bakkskynjari – Ó diskur CD spilarar – ofl.

Þú færð þennan nýjan í ábyrgð á sama verði og gamlan notaðan.

Litir á lager: Dökkgrænn – Silfur og Milligrár

4 ára ábyrgð



Nýr BMW X5

4,8i bensín – 350 hö.

Listaverð*: grunnverð án aukabúnaðar er 10.650 þús.

Okkar verð : 9.600 þús. Aukahlutir að verðmæti um 3 milljónir innifalið í verði.

Verðmismunur með aukabúnaði er því í kringum 4 milljónir.

Litir á lager: Dökkblár

4 ára ábyrgð


ALLIR BÍLAR ERU TIL Á STAÐNUM

4 ára ábyrgð Sparibíla er Bílaábyrgð tryggingarfélagins Varðar.



www.sparibill.is • Fiskislóð 16 • Granda • Sími: 577 3344

*Samkvæmt heimasiðu B & L þann 4.4.2008





MEÐ TVÖ ANDLIT Þessi litla indverska stúlka fæddist með fjögur augu, tvö nef og tvo munna. Foreldrar hennar segja hana þó anda og nærast eðlilega og dafna vel. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Blóðgjafamánuður Háskóla Íslands haldinn í fyrsta sinn í nýliðnum marsmánuði:

Læknanemar duglegastir að gefa blóð

HEILBRIGÐISMÁL Félag læknanema fékk á föstudaginn afhendan farandbikar Blóðgjafamánaðar Háskóla Íslands sem haldinn var í mars. Er þetta í fyrsta sinn sem Blóðgjafarmánuðurinn er haldinn en markmið hans er að vekja athygli á vaxandi þörf Blóðbankans og hvetja ungt fólk til að gerast blóðgjafar.

Var efnt til keppni milli nemendafélaga háskólans og gáfu hlutfallslega flestir læknanemar blóð eða 15,5 prósent. Í öðru sæti var Hvarf, félag efna- og lífefnafræðinema, þá Haxi félag líffræðinema og svo Soffía, félag heimspekinnema. Fróði, félag sagnfræðinema var svo í fimmta sæti.

Að sögn Eyjólfsson, hjá Lýðheilsufélagi læknanema gekk Blóðgjafarmánuðurinn mjög vel en á annað hundrað nemendur gáfu blóð á umræddum tíma. Hann segir það hlutfallslega samsvara því að 70 Íslendingar hefðu gefið blóð á hverjum degi. Bæði hafi blóðgjafarbillinn verið við Háskólann en svo hafi nemendur einnig gefið blóð í Blóðbankanum.

„Læknanemar hafa vissuleg svoltið forskot þar sem læknadeildin er nær Blóðbankanum en margar aðrar deildir,“ segir Eyjólfur. Á móti sé læknadeildin mjög fjölmenn og þá þurfi fleiri til að ná hárrí prósentu.



FRÁ UPPSKERUHÁTÍÐINI Félag læknanema hlaut farandbikar á uppskeruhátíð Blóðgjafamánaðar HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Lýðheilsufélag læknanema, fone standa að Blóðgjafamánuði Stúdentaráð, Blóðbankinn og Voda- Háskóla Íslands. - ovd

Ókeypis áfylling á bílinn alla daga!

Eigendur rafbíla fá lykil að orkupóstum í afgreiðslu Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 og bílastæðaskífur hjá Reykjavíkurborg í Borgartúni 10-12.

Ókeypis hleðsla: Bankastræti • Kringlan • Smáralind

or.is • reykjavik.is



HRÍSBRÚ Fjórir staðir, sem þegar eru á heimsminjaskrá, gætu verið inni í raðtilnefningunni, að sögn Ragnheiðar Helgu Þórarinsdóttur, starfsmanns menntamálaráðuneytisins. Vinnan er á frumstigi og því hafa engar ákvarðanir verið teknar. Meðal staða sem nefndir hafa verið er Hrísrú. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

Víkingaminjar fari á heimsminjaskrá

Stefnt er að því að Íslendingar tilnefni minjar frá víkingatímanum á heimsminjaskrá UNESCO í samstarfi við aðrar þjóðir. Íslenskir þingstaðir tilnefndir.

MINJAR Unnið er að raðtilnefningu á minjum frá víkingatímanum á heimsminjaskrá UNESCO í samvinnu við hinar Norðurlandþjóðirnar, Þjóðverja, Frakka, Kanadamenn, Bretta og Íra. Afar líklegt er að staðirnir Jelling í Danmörku, Birka í Svíþjóð og L'Anse aux Meadows í Kanada verði tilnefndir ásamt Þingvöllum. Verið er að skoða hvort fleiri staðir komi til greina, jafnvel í öðrum löndum.



RAGNHEIÐUR HELGA ÞÓRARINSDÓTTIR

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur skrifað bréf til menntamálaráðherra ofangreindra þjóða til að kanna hvort þjóðirnar hafi áhuga á að taka þátt í verkefninu og er búist við svári frá þeim á næstunni. Ef allt gengur eftir tilnefna nokkur lönd staði sem fulltrúa fyrir víkingatímabilið á heimsminjaskrá.

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir hjá menntamálaráðuneytinu segir að þegar séu fjórir staðir frá víkingatímanum á heimsminjaskrá þó að þeir hafi ekki verið tilgreindir þannig sérstaklega. Það eru grafreiturnar og minnismerkistö í Jelling í Danmörku, víkingaborgin Birka í Svíþjóð og landnámsstaðurinn L'Anse aux Meadows í Kanada auk Þingvalla

á Íslandi. Aðrir staðir koma einnig til greina. Rætt er um að Norðmenn tilnefni hugsanlega verslunarstaðinn Kaupang við Óslóarfjörðinn og víkingabæinn Borg á Lófóten, Slésvík-Holtsetaland í Þýskalandi tilnefni verslunarstaðinn Heiðarbæ og varnarvegginn Danavirki. Á Íslandi er rætt um ýmsa staði. Sem dæmi má nefna þingstaði á borð við Múlþing, Kjalarnesþing og Þorskaftjarðarþing og Hrísrú þar sem vangaveltur eru um hvort gröf Egils Skallagrímssonar sé að finna, landnámskálann og eða skálann í Aðalstræti.

Ragnheiður segir að hver þjóð verði að fara yfir það hvaða staðir uppfylli þau skilyrði sem sett séu fyrir raðtilnefningu, ákveða hvaða stað eða staði hún ætla að tilnefna og ganga frá rökstuðningi í umsóknina.

Íslendingar leiða vinnuna og afhenda þöggvin þegar þar kemur. Ráðuneytið sinnir undirbúningsvinnunni núna en á næstu dögum eða vikum verður málinu vísað til Heimsminjanefndar Íslands. Í henni eru Björn Bjarnason formaður og þau Óssur Skarphéðinsson og Sæunn Stefánsdóttir. ghs@frettabladid.is

Nilfisk

Réttu tækin í þrifin
- háþrýstidætur, ryk- og vatnssugur frá 8.888 kr.

20% afsláttur

Nilfisk P160 1-15 B X-tra
Dæluþrýstingur: 160 bör
Vatnsmagn: 650 l/klst.

Nilfisk E140 2-9 X-tra
Dæluþrýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.

Nilfisk C120 2-6
Dæluþrýstingur: 120 bör
Vatnsmagn: 520 l/klst.

Nilfisk Buddy 18 ryk- og vatnssuga
Lofffæði: 3600 l/mín.
Mótor: 1300W
15 l tankur

Nilfisk C100 4-5
Dæluþrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 320 l/klst.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Fjörtán drepnir á Srí Lanka: Ráðherra lést í sjálfsmorðsárás

SRÍ LANKA, AP Að minnsta kosti fjórtán manns, þar á meðal einn ráðherra úr ríkisstjórn Srí Lanka, létust í sjálfsmorðsprengingu nálægt höfuborginni Kólombó í gær, að sögn yfirvalda.

Samgönguráðherrann Jeayaraj Fernandopulle var staddur rétt vestan við borgina þegar sprengjuárásin var gerð.

Stjórnvöld á Srí Lanka kenna skæruliðum Tamíltígra um árásina.

Fernandopulle er annar ráðherra í ríkisstjórn Srí Lanka sem er myrtur á þessu ári. DM Dassanayake innanríkisráðherra var myrtur fyrr á árinu.



GEORGE W. BUSH OG VLADIMÍR PÚTIN
Áttu sinn síðasta fund sem þjóðarleiðtogar í gær.

Lokafundur Bush og Pútins:

Enn efasemdir um eldflauga- varnarkerfið

RÚSSLAND Lokafundur þjóðarleiðtoganna Vladímírs Pútín, forseta Rússlands, og George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, fór fram í gær í rússneska bænum Sochi. Aðeins mánuður er þangað til að Pútín lætur af embætti. Samkvæmt vef breska ríkisútvarpsins, BBC, ræddu forsetarnir meðal annars varnarmál. Pútín kvað Rússa enn mótfallna eldflaugavarnarkerfi Bandaríkjamanna í Evrópu, en fundurinn hafi þó haft einhverjar jákvæðar afleiðingar. Bush sagði nauðsynlegt að sannfæra Rússa um að varnarkerfið beindist ekki gegn landi þeirra. - vp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fimm óku ölvaðir

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók fimm ökumenn aðfaranótt sunnudagsins vegna gruns um ölvun við akstur. Þá var einn tekinn vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Sjö gistu fangageymslur

Talsvert var um drykkjulæti í miðbæ Reykjavíkur í fyrrinótt og voru sjö látnir gista fangageymslur lögreglunnar vegna ölvunar og óláta. Tveir af þeim mega búast við sekt vegna framferðis síns.



Hefur gæðin

Getz FRÁBÆR Í SKUTLIÐ

TÍMI	ÁFANGASTAÐUR	BÍLL	STAÐA
08:15	LEIKSKÓLINN	GETZ	Á ÁÆTLUN
09:03	VINNAN	GETZ	Á ÁÆTLUN
12:10	HÁDEGISMATUR	GETZ	Á ÁÆTLUN
16:50	LEIKSKÓLINN	GETZ	Á ÁÆTLUN
17:30	SMÁRALIND	GETZ	Á ÁÆTLUN
21:15	MJÓLK ÚT Í BÚÐ	GETZ	Á ÁÆTLUN



Með bílinn handa þér

Sama hvert þú þarft að skutlast yfir daginn þá kemur Getz þér þangað á áætlun!

Ef þú ert að leita að flottum, rúmgóðum, öruggum en umfram allt sparneytnum smábíl þá er Hyundai Getz augljós kostur. Þegar við bætist hagstætt verð og góð þjónusta hjá traustu bílaumboði þá veistu að þú hefur gert góð kaup. Fyrir skynsamlegt fólk sem leggur áherslu á að komast auðveldlega og á hagkvæman hátt á milli staða þá er Getz málið – og þú lendir sko aldrei í vandræðum með að finna nógu stórt stæði.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

SPM flytur í Borgartún

Sparisjóður Mýrasýslu hefur flutt afgreiðslustað sinn í Reykjavík úr Síðumúlanum í nýtt og glæsilegt húsnæði í **Borgartúni 26**.

Líttu endilega við.





Viðskiptafræði VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem opnar þér dyr að margvíslegum starfstækifærum, góðum launum og framhaldsnámi.

Við stefnum að því að vera fyrsta val fólks sem vill læra viðskiptafræði á Íslandi.

- BSc-nám í viðskiptafræði við HR einkennist af framúrskarandi kennslu.
- Námið er í stöðugri þróun og í sterkum tengslum við atvinnulífið.
- Við sýnum í verki að hver einasti nemandi í HR skiptir máli.

Við stefnum að því að vera fyrsti valkostur þeirra sem vilja ráða nýtskrifaða viðskiptafræðinga.

- Viðskiptafræðingar frá HR eru framúrskarandi vel að sér á helstu sviðum viðskiptafræðinnar.
- Viðskiptafræðingar frá HR geta unnið sjálfstætt sem einstaklingar og eru öflugir liðsmenn á sínum vinnustöðum strax frá fyrsta degi.

Kynntu þér nám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík á vef deildarinnar, www.vidskiptafrædi.is.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



VILDI GLEÐJA KISA MEÐ LEIKFANGAMÚS Kisi náði leikfangamúsinni sinni í sundur og át hluta af henni. Sá hluti festist í maga hans og kostaði hann næstum því lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gæludýraeigandi varar við hættulegu leikfangi:

Leikfangamús banaði næstum skógarketti

GÆLUDÝR „Mér voru settir tveir valkostir, annar var að láta svæfa kisa en hinn var að hann gengist undir erfiða aðgerð fyrir tugi þúsunda króna,“ segir Margrét Lára Einarsdóttir, gæludýraeigandi.

Margrét á fallegan skógarkött sem heitir Snúður og langaði hana að gleðja hann með nýju leikfangi. Hún keypti litlar gervimýs sem fást í flestum gæludýrabúðum og í sérvörudeildum matvöruverslana og kisi tók strax að leika sér að einni. Honum tókst þó að ná leikfanginu í sundur og át einhvern hluta af því. Sá hluti festist í iðrum hans. „Hann byrjaði svo að kasta upp. Ég fór með hann til dýralæknis og þar fékk hann olíur sem áttu að skila innihaldi magans út en ekkert gekk. Þegar líða tók á var hann orðinn mjög veikur af vökvaskorti. Mér var síðan tilkynnt að annað hvort yrði að svæfa köttinn eða gera á honum aðgerð,“ segir Margrét sem tók seinni kostinn og greiddi fyrir 52



HÆTTULEGT LEIKFANG Margrét Lára varar fólk við að kaupa leikfang sem þetta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

þúsund krónur.

Hún hafði samband við eiganda gæludýraverslunarinnar sem seldi henni leikfangið en segir hann ekkert hafa viljað fyrir sig gera.

„Ég vil bara vara fólk við því að kaupa svona dót fyrir dýrin sín því þetta getur reynst kisu og smáhundum stórhættulegt,“ segir hún.

- kdk

UMM

UMM ER GLÆNÝR HEILSUBITI ÚR SPENNANDI HRÁEFNI

UMM er spennandi nýjung í matarflóru Íslendinga sem hentar öllum sem hugsa um líkama sinn og vilja borða vel. UMM er bragðsterk veisla frá öllum heimshornum; salöt, tortillur, ávextir, kús kús, orkustykki og ... **umm, hvað þetta er gott.**



Nesti

Þú færð UMM-réttina í Nesti á N1 stöðinni.



Atvinnuleysi dregst saman á Vestfjörðum:

Hagur vænkast fyrir vestan

LANDSBYGGÐARMÁL Atvinnuleysi hefur dregist saman á Vestfjörðum á síðustu vikum. Fyrir tveimur vikum voru 28 skráðir atvinnulausir en á vef Vinnumála-stofnunar mátti sjá í gær að þeir voru aðeins 17.

„Ég hef orðið var við að það er verið að auglýsa eftir fólki hérna, það vantar fólk til vinnu,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Ég verð einnig var við það að fólk leitast til okkar eftir ódýrara húsnæði og vinnu nú þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu,“ bætir hann við.

Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggðar, tekur í sama streng. „Heimamenn hafa verið að búa sér til störf og svo hafa verið flutt störf hingað vestur,“ segir hún. „Svo hugsum við okkur gott til glóðarinnar á næsta ári þegar slitlag verður komið á alla leiðina til Reykjavíkur, þá mun það taka aðeins um tvo og hálfan tíma að aka þessa leið. Þá tel ég að margir kjósi að búa hér í hæfilegri fjarlægð frá borginni.“

- jse



HALLDÓR HALLDÓRSSON Nú þegar þrengir að í efnahagslífinu verður bæjarstjórinn fyrir vestan var við frekari áhuga fólks á að flytjast vestur. Atvinnuleysi þar er nú með minnsta móti.



FÉLAGSMÖNNUM FJÖLGÆÐI Félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness fjölgæði um 700 í fyrra. Hér sést formaðurinn Vilhjálmur Birgisson.

Verkalýðsfélag Akraness: 80 milljónir í hagnað í fyrra

AKRANES Heildarhagnaður Verkalýðsfélags Akraness var rétt tæpar 80 milljónir á síðasta ári, þar af er 24 milljóna króna hagnaður af félagssjóði. Þegar ný stjórn tók við árið 2003 nam tap á rekstri félagssjóðs tæpum tveimur milljónum eftir því sem fram kemur á vef félagsins.

Félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness fjölgæði gríðarlega á síðasta ári eða sem nemur 700 félagsmönnum.

„Endurspeglast þessi fjölgun af hinu góða atvinnuástandi sem verið hefur á okkar félagssvæði og hinni miklu jákvæðu uppbyggingu sem orðið hefur á Grundartangasvæðinu,“ segir á vefnum.

- ghs

Breytingar á ferðamarkaði: Útivistarfélag sameinast í eitt

ÚTIVIST Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa gert samning um kaup á Íslenskum ferðamarkaði í Bankastræti fyrir milligöngu Saga Capital. Jafnframt hafa eigendur Íslenskra fjallaleiðsögumanna og Iceland Rovers, Íslandsflakkarar ehf., undirritað samkomulag um sameiningu.

Nýtt sameinað fyrirtæki verður rekið undir nafni Íslenskra fjallaleiðsögumanna. Höfuðstöðvar fyrirtækisins verða á Vagnhöfða 7 í Reykjavík og framkvæmdastjóri verður Elín Sigurveig Sigurðardóttir, núverandi framkvæmdastjóri Íslenskra fjallaleiðsögumanna.

- ghs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hraðakstur við Kambabrunn

Lögreglan á Selfossi tók ökumann fyrir hraðakstur á Suðurlandsvegi í Kömbum ofan við Hveragerði skömmu fyrir hádegi á laugardaginn. Mældist bifreið mannsins á 130 kílómetra hraða á klukkustund þar sem 90 er hámarkshraði. Má maðurinn búast við 90 þúsund króna sekt.

Ók of hratt á Reykjanesbraut

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók ökumann fyrir hraðakstur á Reykjanesbraut aðfaranótt laugardagsins. Ók maðurinn á 131 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 80 kílómetrar á klukkustund. Má hann búast við 80 þúsund króna sekt.

Hvað berð þÚ úr bítum?



Bættur hagur lífeyrisþega er leiðarljósið við breytingar á lögum um almannatryggingar. Frá og með **1. apríl 2008** eru áhrifin eftirfarandi:

- Greiðslur eru ekki lengur skertar vegna tekna maka
- Frítekjumark vegna fjármagnstekna verður 90.000 kr. á ári
- Vasapeningar til einstaklinga á dvalar- og hjúkrunarheimilum hækka
- Skerðing elli lífeyris vegna tekna lækkar úr 30% í 25% og frítekjumark hækkar
- Allir greiðsluflokkar lífeyristrygginga hækka um 4% frá 1. febrúar 2008. Inneign vegna hækkunarinnar var greidd út 1. apríl 2008

Misjafnt er hversu miklar breytingar verða á kjörum hvers og eins enda eru aðstæður lífeyrisþega mjög mismunandi. Framundan eru frekari breytingar **1. júlí 2008** og **1. janúar 2009**.



Hafðu samband Veldu þá leið sem hentar best – fyrir þig!

> Þú finnur ýtarlegar upplýsingar á www.tr.is

> Þjónustufulltrúar svara þér í síma 560 4460

> Sendu okkur fyrirspurn á netfangið@tr.is

> Þjónustumiðstöð á Laugavegi 114, sími 560 4400

> Netsamtal – beint samband í gegnum www.tr.is

> Umboðsmenn TR á landsbyggðinni veita upplýsingar

Mannauðsflótti vegna fjársveltis

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

Líkt og margir aðrir svæfingarhjúkrunarfræðingar stend ég á vissum tímamótum á mínum starfsferli. Vinnuveitandi minn hefur farið fram á að ég lækki verulega í launum samfara aukinni vinnubyrði, allt í nafni hagræðingar og fjölskylduverndar. Þar sem hjúkrunarfræðingar eru þegar vanlaunaðir miðað við menntun og ábyrgð er það ekkert annað en móðgun við stéttina að skerða kjörin.

Stjórnvöld halda LSH í fjársveltis til að réttlæta aukna einkavæðingu. Bornar eru saman tölur úr einkarekstri og ríkisreknum spítalarekstri þar sem skiljanlega hallar verulega á spítalann. Gerðar eru kröfur um frekari sparnað ár eftir ár án skerðingar á þjónustu og þegar botninum er náð er seilst í vasa starfsfólks. Ófugt við það sem gildir í einkarekstri þá

ráðum við ekki okkar sjúklingahópi. Sem betur fer þá tökum við við öllum sem þurfa þess með. Við förum ekki fram á vissst heilbrigði til að sjúklingurinn komist að og krafa um heimferð samdægurs er ekki uppi á borðinu. Heilbrigðiskerfið í þeirri mynd sem við þekkjum það er einn af hornsteinum samfélagsþjónustunnar. Við hljóttum að vilja standa vörð um það.

Svæfingarhjúkrunarfræðingar eru að meðaltali með hæsta starfsaldur innan hjúkrunar. Þetta hefur verið mjög vinsælt svið og oft hafa færri komist að en vilja. Vinnutíminn hefur haft þar mikið að segja. Ærferðara er að manna stöður innan hjúkrunar þar sem vaktavinnu er krafist. Fólk sækir í fjölskylduvænni störf þar sem

samvera við fjölskyldu á kvöldin og um helgar er sett í öndvegi. Því er það mér óskiljanlegt af hverju tillögur LSH lúta í þá átt að færa vinnutílhögun í átt að vaktavinnu og starfsemi skurðstofanna sett í uppnám.

Stjórnendum LSH hefur brugðist bogalístin þegar kemur að mannaútsjórnun. Það er ekki nægjanlegt að einblína einvörðungu á tæknivædda steinsteypu því hún er einskis virði án þess mannaúts sem þar á að starfa. Þegar svona stórvægileg breyting er gerð á starfi og kjörum starfsmanna er grundvallaratriði að það



ÞÓRA PRÁINSDÓTTIR

er ekki fastmótadar og túlkunatriði getur haft veruleg áhrif á fjárhagsafkomu einstaklings. Eftir uppsagnir 96 hjúkrunarfræðinga af 104 af skurðstofum LSH var óskað eftir tillögum frá starfsfólki. Við hjúkrunarfræðingar getum ekki og viljum ekki

sé gert í samráði við starfsmenn þannig að viðunandi laun fáiast sem allir geta sætt sig við. Það var ekki gert hér.

Að auki voru breytingarnar ekki fullmótadar og mátti túlka þær á ýmsa vegu. Það segir sig sjálf að það er óðs manns æði að samþykkja breytingar sem

koma með tillögur sem hafa í för með sér lækkuð laun og skerta þjónustu við sjúklinga. Þetta hefur þegar valdið mikilli gremju og úlfúð sem ekki sér fyrir endann á. Þónokkrir hugsa sér til hreyfings og mun þetta hafa neikvæð áhrif á starfsemi hvern svo sem niðurstaðan verður.

Vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk hlýtur að vera eftirsóknarvert hverjum stjórnanda. Til að forðast atgervisflótta úr heilbrigðisstéttum þarf að meta fólk að verðleikum. Eg vænti þess að það verði stefna stjórnenda LSH um ókomna framtíð.

Höfundur er svæfingarhjúkrunarfræðingur.

Sjálfstæð-ir öryrkjar

UMRÆÐAN

Kjaramál

Söguleg-um áfanga er náð í mannréttindabaráttu öryrkja. Tengingu við tekjur maka var hætt í



HELGI HJÖRVAR

almanna-tryggingum nú um mánaðamótin í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar með er endir bundinn á baráttu sem staðið hefur um langt árabil og af miklum þunga nú í á annan áratug.


Þegar við horfum um öxl er það ótrúlegt að stórum hópi Íslendinga sem stríða þurfti við fötlun var jafnframt gert að leita til maka síns um að framfleyta sér ævilangt.

Þegar við horfum um öxl er það ótrúlegt að stórum hópi Íslendinga sem stríða þurfti við fötlun var jafnframt gert að leita til maka síns um að framfleyta sér ævilangt. Fólki voru ætlaðar innan við 20 þúsund krónur á mánuði til sinna þarfa og þegar Öryrkjabandalagið benti stjórnvöldum á ósómamann var ekki farið í lagfæringar heldur varnarstríð fyrir óréttlætið. Það stríð unnu öryrkjar í Hæstarétti eins og frægt varð og minnst verður um langa framtíð. Í þeim dómi voru staðfest grundvallaratriði um rétt hvers og eins til lífs og framfærslu.

Eftir dóminn var dregið úr tekjutingunni, en henni eigi að síður viðhaldið. Með breytingunum nú er hún afnumin að fullu og öllu og hefur veruleg áhrif til kjarabóta fyrir þá sem minnstan stuðning hafa til þessa fengið úr almanna-tryggingakerfinu. Meirihluti þeirra sem breytingarinnar njóta eru konur því hinar ósanngjörnu tengingar við tekjur maka hafa í meira mæli bitnað á þeim. Það er oft á brattann að sækja í baráttu fyrir kjörum fátæks fólks og mannréttindum minnihlutahópa. Þeim mun meiri ástæða er til að fagna þegar varanlegir áfangar nást í þeirri baráttu eins og núna. Það breytir þó ekki því að betur má ef duga skal og verkefnið fram undan er að tryggja lífeyrishöfum almennt þær kjara-bætur sem fengust í kjarasamningum.

Höfundur er alþingismaður Samfylkingar í Reykjavík og öryrki.

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN



Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins

Markaðsaðstæður á árinu 2007 voru erfiðari en undanfarin ár. Verð hlutabréfa lækkaði á árinu en þó skiluðu allar fjárfestingarleiðir Frjálsa lífeyrissjóðsins jákvæðri ávöxtun. Þrátt fyrir áframhaldandi erfiðar markaðsaðstæður á fyrsta ársfjórðungi 2008 var ávöxtun allra fjárfestingarleiða jákvæð á því tímabili. Ávöxtun sjóðsins hefur verið góð síðastliðin fimm ár eins og sjá má á ofangreindri mynd.

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 29. apríl nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Kaupþings, Borgartúni 19.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kjör endurskoðanda
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á www.frljalsilif.is og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Kaupþings tveimur vikum fyrir ársfund. Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum Uppbygging lífeyrissjóða árið 2005 í árlegri keppni á vegum tímaritsins IPE (Investment & Pension Europe).

Meginniðurstöður ársreiknings 2007

í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2007

Eignir:	
Verðbréf með breytilegum tekjum	40.636
Verðbréf með föstum tekjum	24.052
Veðlán	553
Verðtryggður innlánsreikningur	0
Húseignir og lóðir	15
Fjárfestingar alls	65.256

Kröfur	222
Aðrar eignir	832
Eignir samtals	66.309
Skuldir	(281)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	66.028

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2007

Iðgjöld	5.635
Lífeyrir	(1.055)
Fjárfestingartekjur	2.124
Fjárfestingargjöld	(201)
Rekstrarkostnaður	(89)
Hækkun á hreinni eign á árinu	6.414
Hrein eign frá fyrra ári	59.614
Hrein eign til greiðslu lífeyris	66.028

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2007

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	-41
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum (%)	-0,3%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	1.559
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum (%)	3,8%

Kennitölur

Eignir í ísl. kr. (%)	71,1%
Eignir í erl. mynt (%)	28,9%
¹⁾ Fjöldi virkra sjóðfélaga	10.994
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	40.385
²⁾ Fjöldi lífeyrisþega	1.055

¹⁾ Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld á árinu.

²⁾ Meðaltal lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

Flugvöllur og fólk

UMRÆÐAN

Skipulagsmál

Það er fagnaðarefni að núverandi stjórnvöld, bæði borgarstjórn og ríkisstjórn, vilji festa Reykjavíkflugvöll í sessi. Nauðsynlegt er að eyða þeirri skipulagslegu óvissu sem hefur ríkt og losa þá starfsemi sem er við völinn úr þeirri spennitreyju sem hún hefur verið í til þessa. Áætlanir yfirvalda um að hefja loks byggingu samgöngumiðstöðvar er skref í þessa átt og sérstaklega ánægjulegt.

Flugvöllur í Vatnsmýrinni er samgöngumiðstöð þjóðarinnar, sem tryggir þjóðinni gott og öruggt aðgengi að höfuðborginni þar sem er að finna þungamiðju stjórnsýslu, viðskipta og heilbrigðisþjónustu. Allt of lengi hefur hávær minnihluti (sbr. nýlegar skoðanakannanir) haft sig í frammi og talað um að flugvöllurinn og starfsemi sem honum tengist eigi að víkja fyrir öðru mikilvægara, að þeirra mati.



JÓHANNES BJARNI
GUÐMUNDSSON

Vatnsmýrin er sögð svo dýrmæt sem byggingarland að „þjóðhagsleg hagkvæmni“ kalli á að þarna risi íbúðabyggð. Þegar menn setja upp slík reikningsdæmi og fá út „þjóðhagslega hagkvæmni“, leyfi ég mér að stórefast um þær fjölmörgu forsendur sem liggja til grundvallar slíkum útreikningum. Það vakti t.a.m. óskipta athygli að allar verðlaunatilögur í samkeppni um framtidarskipulag í Vatnsmýri nýverið, gerðu ráð fyrir lágreistri byggð, keimlíkri þeirri sem fyrir er í miðborginni. Er slíkt í samræmi við forsendur sem heyrst hafa um tuttugu þúsund manna byggð?

Meira en mannvirki Reykjavíkflugvöllur er annað og meira en þarft mannvirki í höfuðborginni. Á Reykjavíkflugvelli starfa ekki færri en um 500 manns við störf sem tengjast beint þeirri flugstarfsemi sem þar fer fram; farþegaflugi, kennsluflugi, sjúkraflugi og útsýnis- og

... tel ég að það að ætla sér að færa starfsemi Reykjavíkflugvallar upp á Hólmsheiði eða til Keflavíkur yrði mikil afturför; óásættanlegt fyrir fyrirtækin á völinum og illgerlegt.

leiguflugi. Fjöldmörg fyrirtæki hafa fjárfest verulega í aðstöðu á völinum, ekki hvað síst á allra síðustu árum, enda hefur staðsetningin verulegt gildi fyrir reksturinn. Þetta á sérstaklega við þegar lítið er til þess hagræðis í tíma og kostnaði fyrir sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki sem ferðast til og frá borginni. Þetta hefur verið staðfest m.a. með síaukinni umferð um flugvöllinn á síðustu árum.

Flugvöllurinn í Vatnsmýrinni er afar vel staðsettur með tilliti til veðurfars og atvinnuflugmenn þekka vel hversu mikilvægt hlutverk vallarins er sem varaflugvöllur. Í því sambandi stöðja Reykjavík- og Keflavíkflugvöllur hvor annan sérlega vel, en standa mjög höllum fæti einir og sér. Þetta hefur verið staðfest oft í vetur, þegar reynt hefur á vara-

flugvöll í slæmum veðrum – hvort sem er fyrir innanlandsflug eða millilandsflug. Væru ekki tveir nothæfir flugvællir á suðvesturhorni landsins, þýddi það skert öryggi og verulegan aukinn kostnað flugrekendur. Þá liggur fyrir að með tilliti til almannavarna, er ekki boðlegt að hafa einungis einn flugvöll þar sem mikill meirihluti landsmanna býr.

Fléiri flugvelli

Það væri þjóðráð að bæta við flugvelli í nágrenni borgarinnar OG halda Reykjavíkflugvelli. Það liggur fyrir vilji til að búa til flugbraut í nágrenni Reykjavíkur til að nota í æfinga- og kennsluflugi. Slíkt er þarfapung og um leið ætti að gera þá braut þannig úr garði að hún gæti nýst t.d. sem vara-braut í útsýningu fyrir innanlandsflug. Öryggisnefnd FIA hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að hafa til reiðu braut á suðvesturhorninu sem liggur suðvestur/norðaustur og ekki hvað síst þar sem samsvarandi braut hefur verið lokað í Keflavík! Það er eðlileg krafa flugmanna að slík braut sé til reiðu á svæðinu – öryggisins vegna. Slík braut kæmi þá í stað

sambærilegrar brautar á Reykjavíkflugvelli og losaði þá um leið byggingarland í Vatnsmýrinni.

Á undanföllum vikum og mánuðum hefur mikið verið spáð og spekulerað um mögulegan flutning Reykjavíkflugvallar. Persónulega tel ég að það að ætla sér að færa starfsemi Reykjavíkflugvallar upp á Hólmsheiði eða til Keflavíkur yrði mikil afturför; óásættanlegt fyrir fyrirtækin á völinum og illgerlegt. En það vantar veðurfarsupplýsingar og fleiri gögn til að taka upplýsta afstöðu um önnur möguleg flugvallarstæði. Ekki síst í ljósi þess, eignum við að virða tilveru Reykjavíkflugvallar og þau fyrirtæki og það fólk sem þar starfar, með því að tala ekki um að völlurinn sé það ómerkilegur að hann skuli víkja. Þvert á móti eignum við að hlúa að flugvölinum og virða atvinnustarfsemina sem þar er. Hún er ekki síður mikilvæg en arkitektúr og kaffihúsamenning í miðborginni.

Höfundur er flugmaður og formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA).

VSÓ RÁÐGJÖF

50 ÁRA 1958 – 2008

Óhefðbundnir samningar við verklegar framkvæmdir

Morgunverðarfundur um samningskaup og „partnering“

Í tilefni af 50 ára afmæli VSÓ ráðgjafar býður fyrirtækið til morgunverðarfundar **þriðjudaginn 8. apríl kl. 8:30-10:00 í Háteigi A á Grand Hótel, Reykjavík.**

Undanfarin ár hafa nýjar aðferðir verið reyndar til að leysa flókin verkefni í samstarfi verktaka og verkkaupa. Á fundinum verður fjallað um tvær þeirra, samningskaup og partnering.

Danska verkfræðifyrirtækið NIRAS hefur tekið þátt í fjölda verkefna þar sem partnering aðferðin hefur verið reynd með misgöðum árangri. Fjallað verður um reynslu NIRAS af þessari aðferð og lærdóma sem draga má af henni. Meðal annars kom NIRAS að nýbyggingu danska ríkisútvarpsins, Danmarks Radio.

Eignarhaldsfélagið Portus hf. vinnur nú að byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurborg, verkefni sem fyrirtækið hreppi að undangengnu samningskaupaútbóði á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Félagið fjármagnar, hannar, byggir og rekur mannvirkið og alla starfsemi í húsinu næstu áratugi. Gerð verður grein fyrir samningskaupaútbóðinni og reynslu félagsins af henni allt frá útbóði til dagsins í dag.

Dagskrá:

- **Partnering – hvað þarf til að aðferðin heppnist?**
Anders Kirk Christoffersen verkfræðingur.
- **Samningskaup – lærdómur af byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík,**
Helgi S. Gunnarsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Portus hf.
- **Umræður, spurningar og svör.**

Fundarstjóri: Grímur M. Jónasson, framkvæmdastjóri VSÓ ráðgjafar.

Fundurinn er ætlaður fjárfestum, verktökum, verkkaupum, ráðgjöfum, opinberum aðilum og öðrum þeim sem standa að stórum og flóknum byggingaframkvæmdum.

Aðgangur er í boði VSÓ.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 7. apríl nk. til: bergny@vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF

50 ÁRA 1958 – 2008

Virðum mannréttindi

UMRÆÐAN

Mannréttindi

Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur í auðlindarétti, hefur hér í blaðinu fjallað um þá niðurstöðu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna að kvótakerfið feli í sér brot á mannréttindum. Helgi er allvel heima um gang þessara mála og ætla mátti að þar sé kominn maðurinn sem sagt getur þjóðinni sögu kvótakerfisins og þá væntanlega hvort núverandi staða þess sé í samræmi við vilja þjóðarinnar.

Reyndar virðist hann ekki átta sig til fulls á því sem mestu skiptir þegar aðgengi manna að takmörkuðum gæðum eru settar skorður, sem er jafnræði og sanngirni. Hann er í sérkennilegri vörn fyrir núverandi ástand, sem hann þó öðrum þræði virðist telja að skapast hafi fyrir klúður. Hann hirðir lítt um hvernig kvótakerfið hefur snert þá sem grundvallað hafa atvinnu og búsetu á aðgengi að fiskimiðum út af ströndum Íslands.

Festast í kenningum

Fræðimönnum hættir nokkuð til að festast í kenningum og gengur jafnvel erfiðlega að halda þeim í tengslum við veruleikann. Verra er þó þegar fræðimaður kemst í þann skilgreiningarvanda að hann sverji af þjóðinni auðlindir hennar, nema að vísitandi sé verið að rugla menn í ríminu. Í einni af greinum sínum segir Helgi, að þegar viðurkenning á 200 mílna lögsögunni var í höfn 1976 hafi það ekki innsiglað eignarrétt þjóðarinnar á umræddu hafsvæði og segir: „Með því óðlaðist íslenska ríkið ekki eignarrétt yfir hafsvæðinu heldur fullveldisrétt.“ Þá vitnar hann í ónefnda fræðimenn um að ákvæði laga um

sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávar séu marklaus og segir: „Lög hafa því ekki fært íslensku þjóðinni eða íslenska ríkinu eignarrétt yfir Íslandsmiðum, nytjastofnum eða kvótum.“

Þrættubókarstagl fræðimanna snýst hér um fullveldisrétt og eignarrétt og svo þjóð og ríki. Ekki verður séð hverju sá munur skiptir varðandi þær valdheimildir sem hér um ræðir. Á síðustu öld fékk íslenska þjóðin viðurkenningu sem fullvalda ríki. Í því lýðræðisskipulagi sem þá komst á fer þjóðin með öll völd hins sjálfstæða ríkis. Þau tæki sem hún á og notar eru forseti, Alþingi, ríkisstjórn og dómstólar. Þjóðin er húsbóndinn og framantaldar stofnanir eru með beinum hætti skipaðar af henni sjálfri eða lögskipuðum fulltrúum hennar og lúta lögum sem Alþingi setur fyrir hennar hönd. Þá hafa Íslendingar undirgengist ýmsa sáttmála sem til heilla þykja horfa í samfélagi þjóðanna. Ríkisvaldið er því í hendi þjóðarinnar en ekki öfugt og þess vegna hefur þjóðin óskorað nýtingarvald yfir efnahagslögsögunni. Skiptir þá engu hvort menn tala um eignarrétt eða fullveldisrétt, eða Ísland, Íslendinga, íslensku þjóðina, eða íslenska ríkið. Í hugum Íslendinga er merkingin sú sama. Efnahagslögsagan er á valdi íslensku þjóðarinnar og nýting hennar á að lúta hennar vilja.

Íslenskur aðall

Það voru ekki íslenskir sægreifar sem börðust í þorskastríðinu og báru af því herkostnaðinn. Það var ekki íslenskur útgerðaraðall sem



AMUNDI LOFTSSON

fékk alþjóðaviðurkenningu á að hann einn hefði veiðarétt í hafinu umhverfis Ísland þegar sá sigur var í höfn, og þótt svo væri og skrif Helga ættu við rök að styðjast, hvernig gæti þá íslenskur löggjafi tekið sér það hlutverk að skipta þeim gæðum sem þar er að finna?

Nei, höfum það sem rétt er og satt. Kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafa misfarið með umboð sitt og vald og brugðist henni með því að fá fáum hagsmunaaðilum þessar gríðarlegu auðlindir til afnota. Þessir aðilar hafa einnig fengið ólöglega heimild frá Alþingi til að framselja hana eins og um einkaeign væri að ræða. Fyrsta kynslóð íslensks aðals er veruleiki.

Skrif Helga eru allskýr frásögn af því hvernig þetta var framkvæmt. Ályktanir hans eru hins vegar óásættanlegar því niðurstaðan blasir við, er veruleiki án allra tilfinninga. Hún er brot á þeim grundvallarrétti manna að nýta náttúruauðlind sér til lífsviðurværis, sem hefur verið og á að vera grundvöllur búsetu á ströndum Íslands. Þá hefur yfirlýstur tilgangur stjórnunar fiskveiða, sem var hagkvæmni, verndun fiskistofna, og traustari byggð, farið lönd og leið. Sjávarbyggðirnar hafa hrunið. Fiskistofnarnir sömuleiðis og skuldir útgerðar í áður óþekktum himinhæðum. Fræðimenn sem reyna að réttlæta slíka stjórnarhætti og slíka niðurstöðu eru á villigötum og eiga ekki að leiða umræðu um þjóðfélagsmál.

Höfundur er fyrrverandi sjómaður og bóndi.

Eftir höfðinu dansa limirnir

UMRÆÐAN

Slysaforvarnir

Á síðari árum hefur slysum sem tengjast hestum og reiðmennsku fjölgað. Nú er sá árstími þegar flestir ríða út og á sama tíma fjölga einnig slysum á hestamönnum; sérstaklega þeim sem óvanir eru. Alls kyns hópferðir tíðkast hjá hestamannafélögum á vorin og í byrjun sumars og þá er gestum gjarnan boðið með. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að hestamenn velji hesta við hæfi og getu gesta sinna og setji aldrei af viljugan hest undir óvanan knapa; jafnvel þótt gesturinn telji sig



RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

vanan og þykist vita betur. Oftar en ekki er sú „reynsla“ bundin við sveitastörf í bernsku og á ekkert skylt við nútímahestamennsku.

Best er að byrja með þægna hest og breyta síðan yfir í annan viljugri, þegar ljóst er að gesturinn veldur honum. Hesturinn er flóttadýr

og bregst við áreiti með því að hlaupa. Mörg alvarleg slys í hestamennsku má rekja til þess að knapinn hefur ekki vald yfir hestinum og kann ekki að bregðast við óvæntum atvikum í umhverfinu. Notkun reiðhjálma hefur farið vaxandi undanfarin ár og heyrir nánast til undantekninga ef hesta-

menn ríða út án hjálms

Það er aftur á móti áhyggjuefni að svo virðist sem hinn almenni hestamaður sé mun ábyrgari í þeim efnum en þeir sem hafa hestamennskuna að atvinnu. Það skýtur svolítið skökku við þar sem ætla má að tamingamenn, og aðrir sem þjálfra hesta, séu í mikilli hættu af að detta af baki. Þekktir hestamenn eru átrúnaðargoð og fyrirmyndir barna og unglinga sem eru að byrja í hestamennskunni og því mikill ábyrgðarhluti að sýna gott fordæmi í þessu skemmtilega sporti – hvort sem um er að ræða endurskinsmerkja- eða hjálmanotkun – því eftir höfðinu dansa limirnir.

Höfundur er forvarnafulltrúi hjá VÍS.

Síðustu námskeið Á VORÖNN 2008

Computer and office courses
for beginners and advanced users



VIÐSKIPTAGREINAR

Bókhald II

Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald – upprifjun og frh. VSK uppgjör og leiðréttingaskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga.

Lengd 32 std. Verð: 36.000,-
Hefst 10. apríl og lýkur 29. apríl.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga.
Morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18-21.30.



Navision fjárhagsbókhald

Nám ætlað þeim sem hafa bókhaldsgrunn og vilja læra um færslu alls fjárhagsbókhalds í þessu útbreidda forriti.

Lengd 42 std. Verð: 49.000,-
Morgunnámskeið: Hefst 9. apríl og lýkur 25. apríl. Nokkur sæti laus.
Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 9. apríl og lýkur 26. apríl.
Kvöld og helgarnámskeið: 29. apríl og lýkur 16. maí. Nokkur sæti laus.

Tollskýrslugerð

Sérlega hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna og um meðferð allra helstu innflutningsskjala ásamt reglum sem gilda um innflutning.

Morgun og kvöldnámskeið hefjast 28. apríl. Lengd 21 std. Verð: 28.000,-

ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að verða sjálfbjarga við almenna tölvunotkun. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun eða kvöldnámskeið.

Hefst 15. apríl og lýkur 13. maí. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga.
Morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18-21.30
Lengd 42 std. Verð: 32.900,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyri þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, Outlook tölvupóstur og dagbók og Office 2007 kynning.

Hefst 21. apríl og lýkur 28. maí. Kennt er mánudaga og miðvikudaga.
Morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18-21.30
Lengd 63 std. Verð: 44.900,- (Ath endurgr stéttarfélags)

OFFICE 2007

Kynningar og aðlögunarnámskeið fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Excel grunnur

Hefst 7. maí, Morgun og kvöldnámskeið í boði. Lengd 21 std. Verð kr. 21:000,-

VEFUR - GRAFÍK - MYNDVINNSLA

Dreamweaver

Eitt vinsælasta og algengasta forritið sem notað er við gerð heimasíðna. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð heimasíðu eða vilja bæta fyrri síður. Áhersla lögð á praktísk verkefni og að ljúka einföldum vef. Hefst 16. apríl og lýkur 30. apríl. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 18 - 21.30.

Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað námskeið fyrir byrjendur. Farið yfir stillingar myndavéla, flytja myndir í tölvu og allt utanumhald og skipulag myndasafns í tölvu. Einfaldar lagfæringar mynda í Picasa forritinu, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD, heimaprentun/framköllun ofl. Lengd 14 std. Verð: 15.000,-
Næsta þriggja kvöldna námskeið hefist 15. mars og lýkur 22. apríl.



Illustrator

Námskeið ætlað byrjendum í teikningu með Illustrator. Meginmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur verði sjálfbjarga við notkun þess, geti t.d. unnið skjal með texta, formum og myndum. Þátttakendur þurfa að hafa grunnþekkingu í Photoshop. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

Hefst 22. apríl og lýkur 8. maí.
Lengd: 37 std. Verð kr. 42.000,-



ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Eldri borgarar grunnur

Grunnnámskeið, ætlað byrjendum.
Lengd 30 kennslustundir.
Hefst 28. apríl.

Eldri borgarar frh

Framhaldsnámskeið.
Lengd 30 kennslustundir.
Hefst 29. apríl.



SÉRFRÆÐINÁM

- **MCP XP**
Hefst 15. apríl.
- **MCSA**
Hefst 15. apríl.

Microsoft
CERTIFIED
Systems Administrator



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

ÞETTA GERÐIST: 7. APRÍL 1941

Bjargað eftir kafbátaárás

Togarinn Gulltoppur fann björgunarbát þennan dag árið 1941 með 32 (eða 33) manns um borð. Hann var um 45 sjómílur suðvestur af Reykjanesi. Mennirnir höfðu verið í bresku flutningaskipi sem fórst er kafbátur sökkta því. Fjörutíu og tveir menn í tveimur björgunarbátum af sama skipi náðu landi við Öndverðarnes á Snæfellsnesi.

Um þetta sama leyti fundu bátar frá Hellissandi björgunarbát frá öðru flutningaskipi sem hafði verið skotið í kaf suður af Íslandi. Í þeim báti voru 16 Norð-



menn. En fleiri skipbrotsmenn björguðust vorið 1941 við Ísland eða fyrir atbeina Íslendinga eftir hrakfarir sem tengdust stríðinu og þá einkum af völdum kafbáta. Þann 1. apríl bjargaði togarinn Hilmir tíu mönnum af norsku oliuskipi sem kafbátur hafði grandað við strendur Englands. 5. maí bjargaði vélbáturinn Sigurfari 17 manns úr björgunarbáti fyrir vestan land og Brúarfoss bjargaði 34 skipbrotsmönnum af bresku skipi sem hafði verið sökk við suðurodda Grænlands.

MEGAS ER SEXTÍU OG PRIGGJA ÁRA Í DAG.

„Það dæmir enginn tunglið eftir dímdu hliðinni.“

Megas heitir réttu nafni Magnús Þór og er Jónsson. Hann er þjóðþekktur fyrir snjalla texta og flutning sinn á þeim.



tímamót

timamot@frettabladid.is



DÝRMÆTIR SAMSTARFSADILAR Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspóstis, afhendir Guðrúnu Agnarsdóttur, forstjóra Krabbameinsfélags Íslands, styrkinn.

Pósturinn styrkir krabbameinsfélagið

Íslandspósturinn er einn meginstyrktaraðili átaksins Karlmann og krabbamein. Átakinu lauk nýlega og var það Krabbameinsfélag Íslands sem stóð fyrir því. Markmiðið var að vekja athygli á mikilvægi þess að karlar fylgist með einkennum krabbameins og bregðist rétt við þeim. Pósturinn tók virkan þátt og voru slaufur til styrktar átakinu seldar í útibúum Póstsins. Einnig keypti fyrirtækið slaufur handa starfsmönnum sínum og dreifði kynningarbæklingum átaksins endurgjaldslaust í öll hús landsins.

Framlag Póstsins til átaks Krabbameinsfélagsins var alls 2,4 milljónir króna sem Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, afhenti Guðrúnu Agnarsdóttur, forstjóra Krabbameinsfélags Íslands, formlega í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins skömmu fyrir helgi. Af því tilefni sagði Ingimundur fagna því að Krabbameinsfélag Íslands hafi farið af stað með átaksverkefnið Karlmann og krabbamein. Hann sagði jafnframt Íslandspóst með

gleði leggja sitt af mörkum til þessa mikilvæga verkefnis. Og styður þannig í verki þetta mikilvæga forvarnarstarf. „Íslandspóstur er mjög fjölmennur vinnustaður og okkur er mjög annt um okkar fólk. Við leggjum mikla áherslu á heilsuefningu af ýmsu tagi. Stuðningur við þetta verkefni Krabbameinsfélagsins fellur því vel að okkar stefnu miðum,“ segir Ingimundur og bætir við að hann vonist til að með átakinu takist að vekja athygli íslenskra karlanna á mikilvægi forvarna á þessu sviði sem öðrum. Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, tók fram að félaginu þætti dýrmætt að eiga samstarfsaðila eins og Póstin.

Þá kom einnig fram að Pósturinn hefur áður liðsinnt félaginu myndarlega eins og nú við að dreifa mikilvægum skilaboðum til landsmanna. Átakið Karlmann og krabbamein stóð yfir dagana 7. til 21. mars. Auk sölu slaufunnar var opnaður vefur á slóðinni www.karlmannogkrabbamein.is.

ADHD-SAMTÖKIN Á ÍSLANDI: FAGNA TUTTUGU ÁRUM MEÐ OPNU HÚSI Í DAG

Svo fleygði rannsóknum fram

ADHD-samtökin sem nú fagna 20 ára afmæli hétu upphaflega Foreldrafélag misþroska barna. Samtökin eru til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir sem falla undir ADHD, (Attention Deficit Hyperactivity Disorder.) Félagar eru yfir eitt þúsund hér á landi. Að sögn Ingibjargar Karlsdóttur, formanns samtakanna, berast beiðnir um inngöngu vikulega. En hvernig ætla samtökin að halda upp á afmælið? „Það er gaman að segja frá því að við ætlum að vera með opið hús á Háaleitisbraut 13 þar sem skrifstofa samtakanna er ásamt ráðgjafarmiðstöðinni Sjónarhóli og fleiri félögum. Fjórða hæðin verður tekin undir teitið sem stendur milli klukkan 15 og 18. Þar verðum við með afmælistertu og fleira gott. Síðan verður fræðslustund fléttá inn í afmælishaldið. Dr. Urður Njarðvík sálfræðingur ætlað að flytja fyrirlestur kl. 16 um börn með ADHD og kvíða.

Börn með athyglisbrest eru nefnilega ekki öll ofvirk og með hegðunarvanda heldur finnur ákveðinn hluti hópsins til kvíða, framtaksleysis og depurðar. Einnig getur fylgt árátta og þráhyggja. ADHD er svo flókið fyrirbrigði og hver og einn einstaklingur er með sína samsetningu af einkennum.“ Ingibjörg segir orðið misþroska hafa verið greiningarheitið yfir þetta allt saman í byrjun. „Svo fleygði rannsóknum fram. Þá komu ný hugtök inn í,“ segir hún. „Nýjustu rannsóknir benda til að heili í einstaklingum með ADHD sé um þremur árum á eftir í þroska fram yfir tvítugt. Þetta er samhljóða því sem margir foreldrar hafa haft á tilfinningunni lengi og skýrir heilmikið. Þetta er erfitt á uppvaxtarárunum samtímis því að glíma við einkenni ofvirkinnar og athyglisbrestsins. Lífið er ekki einfalt hjá þessu fólki.“

Yfir sjö prósent íslenskra barna greinast með ADHD samkvæmt rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar. Ingibjörg segir kvillann arfgengan og hann fylgi mörgum til fullorðinsára. Það uppgötvaðist þó ekki fyrir en fyrir áratug. „Ef um ADHD er að ræða hjá barni er annað foreldrið með einhverju einkennum í 40% tilfella,“ segir hún. „Við réðum sálfræðing í hálf starf því þegar þeir fullorðnu fara að takast á við sinn vanda og fá ráðgjöf þá skilar það sér til fjölskyldunnar í heild.“

Ingibjörg segir fólki oft léttu við að fá greiningu á sínum vanda. „Þetta



INGIBJÖRG KARLSDÓTTIR, FORMÁÐUR ADHD-SAMTAKANNA. „Nýjustu rannsóknir benda til að heili barna með athyglisbrest sé um þremur árum á eftir í þroska fram yfir tvítugt.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR.

er fólk með eðlilega greind en hefur kannski ekki náð að nýta sína hæfileika því athyglisbrestseinkennin hafa truflað það í námi, starfi, samskiptum og samböndum.“

Þótt hvatvísi geti verið til vandræða þá getur líka fylgt mikill kraftur fólki

með ADHD að sögn Ingibjargar. „Það er mjög mikilvægt að fólk finni sitt áhugasvið og vinni út frá styrkleikum sínum,“ tekur hún fram. „Þá finnur það oft leiðir til að minnka áhrif athyglisbrestsins og ná góðum árangri í lífinu.“

gun@frettabladid.is



Ástætur eiginkona mín, móðir, tengdadóttir, systir og mágkona,

Bára Traustadóttir

frá Fáskrúðsfirði, Kjarrhólma 20, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðviku-daginn 2. apríl. Útförin fer fram frá Hjallakirkju miðvikudaginn 9. apríl kl. 15.00.

Guðbjartur Guðbjartsson
Ívar Örn Róbertsson
Sigurvin Guðbjartsson
Ottó Valur Kristjánsson
Sjöfn Traustadóttir
Óðinn Traustason
Þórir Traustason
Björg Traustadóttir

María Jóhannesdóttir
Margrét Samsonardóttir
Eysteinn Stefánsson
Guðrún Erlendsdóttir
Aðalheiður Sigurbjörnsdóttir

Málþingið Sögu-slóðir 2008

Sögu-slóðir 2008 - Getið í eyðurnar er yfirskrift málþings á vegum Samtaka um sögutengda ferðarþjónustu, SSF. Þingið verður haldið 10. apríl næstkomandi í Þjóðmenningarhúsinu og er í samvinnu við iðnaðarráðuneyti og hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands.

Fjallað verður um söfn og sögusýningar á Íslandi. Tálkun þeirra á sögu lands og þjóðar frá ýmsum sjónarhornum, auk þess sem danskir sérfræðingar miðla af reynslu sinni. Meðal þeirra sem ávarpa eru; Rögnvaldur Guðmundsson, formaður SSF. Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri. Eggert Þór Bernharðsson, sagnfræðingur. Laurent Mazet-Harhoff, fornleifafræðingur hjá



SÖGUTENGDA FERÐARÞJÓNUSTA Fræðsla upplifun og menning er sífellt tengdari ferðarþjónustu. Ísland hefur þar margt að bjóða sem rætt verður um á málþinginu.

Lejre Forsøgscenter í Danmörku, Jutta Eberhards, leikstjórnandi hjá Lejre

Forsøgscenter í Danmörku, Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur og lektor við HÍ og stjórnandi Skriðuklaustursrannsóknna, Helmut Lugmayr, leiðsögumaður og ferðaskipuleggjandi, Már Jónsson sagnfræðingur, Brynhildur Guðjónsdóttir, leikari og höfundur, Björn G. Björnsson sýningahönnuður, Þór Vigfússon, sagnamaður og fyrrverandi skólameistari, og Skúli Björn Gunnarsson. Fundarstjóri er Ásborg Arnþórsdóttir. Málþingsgjald er 3.000 kr eða 1000 kr fyrir nemendur og félagar í SSF. Kaffiveitingar innifaldar. Skráning hjá Kristínu Sóleyju Björnsdóttur.

ksb@akmus.is

SYNT Á VEGGNUM

Reynir Sýrusson húsgagna-
hönnuður hefur hannað
fiskabúr með veggfest-
ingu sem skapar
líf í stofunni.

HEIMILI 2



HÁSÆTI SMÁFÓLKSINS

Vandasamt getur
verið að velja barna-
stól þar sem úrvalið
er mikið og ýmsar
útfærslur í boði.

HEIMILI 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst
11. apríl n.k.


Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is



UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar



Næsta námskeið hefst
9. apríl

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300



Erdna Varðardóttir í sófanum heima með Biblíuna góðu frá unglingsárunum og fartölvuna sína, en þetta tvennt fylgir henni daglega heima.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Guðs heilaga orð

Ekkert er heimili án bóka. Í bókahillum Erdnu Varðardóttur, aðstoðarskólustjóra MCI Biblíuskólans, standa Biblíur frá öllum heimshornum, en eftirlætið er útkrotuð Biblía frá unglingsárunum.

„Þótt ég sanki að mér alls kyns hlutum og eigi margt verulega eigulegt frá búskap ömmu minnar er ég viss um að ég færi ekki í mínus þótt eitthvað af veraldlegum eigum mínum tapaðist,“ segir Erdna einlæg og hláturmild, áður en hún stekkur á æfingu hjá Gospelkór Filadelfíu eftir léttan hádegisverð heima.

„Það er aðeins einn hlutur sem mér þykir ómissandi og er í mestu uppáhaldi af mínum heimilismunum, en það er fyrsta Biblían sem ég keypti sjálf. Það var á unglingsárunum, en Biblíuna valdi ég sérstak-

lega vegna þess hve hún var stelpuleg; hvít með gylltum krossi,“ segir Erdna sem ásamt eiginmanni sínum safnar Biblíum og á orðið merkilegt safn hinnar merku bókar í stofunni heima.

„Við ferðumst mikið og um allan heim vegna starfsins og höfum haft fyrir sið að kaupa einn minjagrip í hverju landi, sem og eina Biblíu á tungumáli hverrar þjóðar. Gestum þykja þær afar spennandi enda sumar orðnar gamlar og fágætar,“ segir Erdna sem les í hvítu Biblíunni á hverjum degi.

„Ég undirstrika og pára athugasemdir á spássíurnar ásamt því að lesa í henni daglega því mér finnst hún alltaf vera að segja mér eitthvað nýtt. Biblían geymir vissulega Guðs heilaga orð, en hún er líka merkileg sagnfræðiheimild og inniheldur góðar og gildar leiðbeiningar fyrir okkur mannfólkið að fara eftir í lífinu. Hún á því alltaf erindi.“

thordis@frettabladid.is

weber

– upplagt á svalirnar

Weber Q300

© 2010 WEBER Q300



– mikið úrval af aukahlutum

Sölustaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · www.weber.is



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpá þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

40%
Afláttur af fatnaði

30%
Afláttur af skóm

Söðlasmiðurinn MOSÓ
Pverholti 2 • Kjarna, Mosfellsbæ.
Sími: 566-7450



Fiskar syndandi á vegg

Margir vilja hafa eitthvað annað en myndir á veggjum en Reynir Sýrusson hannaði fiskabúr með veggfestingu.

„Sumir nota búrið bara sem muðlu uppi á vegg,“ segir Reynir. „Ég var núna að vinna búr sem sneri upp og niður fyrir froska og greinar sem nutu sín vel í lóðréttu búri.“ Reynir er húsgagnahönnuður og fiskabúr ekki það sem hann fæst venjulega við. „Þetta kom til þegar ég opnaði stofuna mína í fyrra og

fékk þá hugmynd að hafa fiskabúr í stofunni. Það lá beinast við að hanna það sjálfur eins og annað herna inni hjá mér.“ Reynir vinnur mikið með ferköntuð form í hönnun sinni svo fiskabúrið sem er sívalningur er skemmtileg tilbreyting. Á teikni-borðinu er hann með annað búr í svipuðum dúr en stærra. Allar festingar hannaði Reynir sjálfur á fiskabúrið en það getur líka staðið á borði. Hann lagði áherslu á að sem minnst bæri á festingunum og aukabúnaði.

„Ég hef verið að þróa þetta og bæta við loftdælu eða sérstakri lýsingu. Ég er til dæmis með loftdæluna hinum megin við vegginn hjá mér svo hún sést ekki en það er hægt að útfæra þetta á ýmsan hátt. Búrin hafa farið á hótél og veitingastaði og einkaheimili. Fólk finnst þetta mjög spennandi og nýtt. Ég man til þess að ein dagamma fékk sér búr sem hún festi á vegg fyrir börnin. Bara til að skapa smálíf í stofunni.“

heida@frettabladid.is

Paula

Mary

Diana

Barbara

SÓFASETT

Mikið úrval

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Toppblaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • WWW.RAFVORUR.IS

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

Mat, mamma mín!

Það er hátíðleg stund þegar litlu barni er boðið til borðs í fyrsta sinn og ómæld hamingja í brjóstum viðstaddra að verða vitni að stolti þess og ánægju yfir því að setjast í eigin matarstól.

Að mörgu er að huga þegar barnastóll er valinn, en úrvalið er mikið og glæsilegt. Sumir stólar eru þess eðlis að þá má brjóta saman og pakka með lítilli fyrirhöfn í bíl til ferðalaga, á meðan aðrir búa yfir möguleikum til leikja og dundurs þegar stóllinn er felldur og úr honum verður til bíll, ruggustóll eða leikborð.

Á myndunum hér á síðunni er rétt stiklað á stóru í framboði matarstóla fyrir smábörn, en þar gefur að líta sígilda hönnun í bland við nýrri.

thordis@frettabladid.is



Framúrstefnulegur Bloom-barnastóll er flott viðbót inn á fallega hönnuð heimili og fæst í BabySam á 39.990 krónur.

Ítalskur og elegant Boss-stóll með borði frá L'Rossi í Ólavíu og Oliver. Kostar 15.700.



Sívinsæll Hokus Pokus-barnastóll sem nýtist líka sem lágur stóll með borði og ruggustóll með stýri. Kostar 9.490 krónur í BabySam.



Frísklegur Graco Tea Time-ferðastóll sem einnig er frábær til heimilisnota vegna nettleika. Kostar 6.800 í Ólavíu og Oliver.

Glaðlegur matarstóll með girðfum og fiðrildum frá Fisher Price á 16.990 krónur frá BabySam í Skeifunni og Smáralind.



Rómantiskur og sígildur barnastóll sem ber nafnið Gamaldags og er frá Basson. Hægt að nota sem lágan stól borð þegar brotinn saman. Kostar 7.390 í Ólavíu og Oliver í Glæsibæ.



Tripp Trapp-stóllinn sem vex með barninu og stílla má eftir aldri þess og hæð. Fæst einn og sér á 15.890 í BabySam, en kostar samtals 23.270 með sessu aukalega, bogaslá, leðri og plastbaki.



Stigahúsateppi



Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800

STRÖND
www.strond.is

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Til sölu Honda crf 250 R

Uppl í síma 862-5333



Nú er

Kjúklingastaðurinn Suðurverri

orðinn stóv



Allir gömlu góðu réttirnir og frábærar nýjungar

Komdu til okkar, taktu með eða borðaðu á staðnum

Alltaf góður!



Kjúklingastaðurinn
★ Suðurverri ★



allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI



ÚTSALA
ÚTSALA
ALLT AÐ
100% LÁN
SKIPTI KOMA TIL
GREINA



MMC PAJERO DID. Árgærd 2006, ekinn 41 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 5.750.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is TILBOÐ 4600 ÞÚS!!!!



TOYOTA COROLLA. Árgærd 2007, ekinn 23 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is TILBOÐ 2300 ÞÚS!!!!



TOYOTA YARIS T-SPORT. Árgærd 2004, ekinn 50 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.690.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is TILBOÐ 1290 ÞÚS!!!!

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is



Flott verð! Chevrolet Trailblazer LTZ T10 árg. 2002 ek. 130 þ.km. Leður, lúga ofl. Verð aðeins 1190 stgr.

Bilafang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Auglýsingasími
512
5050
- Mest lesið



Ítalsk hannaðar vespur
50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsuferfi, breið dekk, 4 litir. Verð 198 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan.



X Motos Super Pit
Mótorcrosshjól, 250cc, 5 gira dirt bike, hæð sætis 90cm, hæð undir pönnu 32cm, upside down tempapar stillanlegir. Verð 225 þús.



Híppar
Verð nú 339 þús. með götuskráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörn, rollbar, töskum, litur: svart. Allir hjálmar á 5900 kr. Eigum mikið úrval af vespum.

Tökum að okkur viðgerðir á flestum gerðum af vespum og mótorhjólum. Eigum 80cc kitt í flestar gerðir af vespum og skellinöðrum 4 gengis.

Mótor og sport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Eigum einnig nokkur notuð hjól á góðu verði.
www.motorogsport.is



BMW 735i. Nýskr. 12/01, ek.139 þ.km, ssk., álf., lúga, leður, 18" dekk ofl. Verð 3.790 þ. Tilboð 2.990 þ.



Audi A6 V6/Sedan. Nýskr. 04/00, ek. 120 þ.km, ssk., álf., leður, ný heilsárs-dekk ofl. Verð 1.850 þ. Umboðsbíll.



RenaultT Megane Sport Tourer. Nýskr. 05/05, 74 þ.km, bsk., álf., ofl. Verð 1.490 þ. Tilboð 1.190 þ.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is



Mini Cooper Supercharge árg. 2006, ek. 13 þ. km, ssk. Harman/Kardom hjómkerfi, leður, 17" álfelgur. Verð 3.590 þ. Tilboð 2.790 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is m: 110445 S. 567 2700.

Arnarbilar ehf
Gylfahlöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is



Toyota Hilux Double Cab SR D/C, árg. 2006, ek.15þús.km, Bensk. Diesel, Verð 3690þús.kr. áhv.2800 þús.kr



Ford Explorer Sport Trac Limited 4X4, árg. 2007, Sjálfsk. Verð 3600þús.kr, áhv .3600þús.kr. Fæst á Yfirtöku!!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Santa Fe II diesel ssk. 12/07. Með nánast öllu, 19" álfelgur ofl. ofl. Getur fengist á yfirtöku láns. Ath. skipti. Uppl. í s. 898 8228.



Til sölu MB Atego 1223 árg. 2002 ek. 235 þús.km. (langkeyrsla) 12gíra. Kassi L7,20 B 2,45 H 2,38. Lyfta 1,5t. Góður bíll. Uppl. í s. 891 7993.



Toyota Avenis árg.'98 ek. 142 þ. Toppeintak, sjálfskiptur, 2000 vél. Dráttarkrúkur. Verð 590 þ. S. 664 8363.



ÚTSALA
ÚTSALA
ALLT AÐ
100% LÁN
SKIPTI KOMA TIL
GREINA



TOYOTA COROLLA. Árgærd 2007, ekinn 23 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is TILBOÐ 2300 ÞÚS



NISSAN MICRA GX/LX. Árgærd 1999, ekinn 96 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 390.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is TILBOÐ 280 ÞÚS!!!!



SUZUKI XL7 PLUS/TOURING/LTD. Árgærd 2004, ekinn 60 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is TILBOÐ 1590 ÞÚS!!!!



1.000.000 í afslátt! Lincoln Navigator 4wd Ultimate með öllu! Lúxus jeppi til sölu, ásett verð 5,3m fæst á 4,3m lítill útborgun, áhv. hagstætt ísl.lán hófleg afb. uppl. í s. 897-1899



Jeep Cherokee '91 Litur vel út, sk. '09, er á nýl. 33" dekkjum og felgum. S. 695 0028.

Ford Taurus St. '93 ssk. rafmagn CD. sum/vetrd. Ofi. ofl. Sk. '08 Góður bíll. V. 100 þ. S. 894 0166 & 553 3572.

BMW 530 diesel eða 330 D árg. 2004-05 óskast gegn yfirtöku á láni. Uppl. 899-0820

250-499 þús.



Um sumarvinnu er að ræða með möguleika á áframmhaldandi vinnu. Menntun ekki skilyrði en reynsla æskileg.

Áhugasamir hafi samband við Friðrik í síma: 511-1413 eða 866-0204. Góð laun í boði.

Frábærar tekjur hjá frábæru fyrirtæki

365 miðlar óska eftir drífandi sölufulltrúum við sölu á áskriftum að sjónvarpsstöðvum 365 miðla.

Vinnutími er frá 17:00 til 22:00, að lágmarki tvö kvöld í viku.

Boðið er upp á fast tímakaup auk sölubónusa en raunhæf laun, fyrir góða sölumenn, eru yfir 20.000 kr. á kvöldi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu- og/eða kynningarstörfum, séu stundvísir, heiðarlegir, þjónustulundaðir og ekki síst metnaðargjarnir.

Umsóknir skulu sendar á Jóhann Kristinsson, vaktstjóra áskriftadeildar 365 miðla, á netfangið johann.kristinsson@365.is.



365

Settu þitt mark á Fréttablaðið

Umbrotsmenn vantar til starfa á Fréttablaðinu. Bæði er um fastráðningu að ræða sem og sumarfléysingar. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanir umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Fréttablaðið er lifandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt eru upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergsdóttur, framleiðslustjóra á netfangið kolbrun@frettabladid.is.

Umsóknarfrestur er til 11. apríl. Öllum umsóknum verður svarað



365

NAFNIÐ MITT RANDVER ÞORLÁKSSON

Ekkert sáttur við uppnefnin dveri og rani

„Ég veit nú ekki einu sinni hvað það þýðir eða hvaðan nafnið mitt er upprunnið,“ segir Randver Þorláksson sem heitir eftir afa sínum Randveri Hallsyni.

„Ver þýðir sjór held ég og einhver sagði mér einhvern tíman að nafnið þýddi sækonungur. Afi minn átti ættir að rekja til Austfjarða svo hugsanlega kemur þetta þaðan.“

Randver segist ánægður með nafnið sitt í dag en hafi ekki verið eins hrifinn af því þegar hann var strákur. „Ég var uppnefndur ýmsum nöfnum. Oft kallaður Randi og gamall félagi minn kallaði mig Rana, ég var ekkert sérstaklega sáttur við það. Sumir kunningjar mínir segja Dveri svo það eru ýmsar útgáfur til. Mér finnst best að láta kalla mig Randver því ég heiti það nú.“



Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvinnasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sigaretum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver þekkir á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvinnasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is



Unglingameistari Reykjavíkur í skák

Dagur Andri Friðgeirsson varð á dögunum unglíngameistari Reykjavíkur í skák. Dagur Andri sem er 13 ára, tefldi við Hallgerði H. Þorsteinsdóttur 15 ára í einvígi um unglíngameistaratitilinn.



Þau voru jöfn í efsta sæti á Unglíngameistaramóti Reykjavíkur sem fór fram á dögunum. Einvígið fór fram í Skákhöllinni skömmu fyrir helgi. Fyrst voru tefldar tvær skákir með fimmtán mínútna umhugsunartíma. Það er sami tími og á mótinu. Viðureigninni lauk með sigri beggja með hvítu og voru þau því enn jöfn. Var þá umhugsunartíminn stuttur í tíu mínútur og náði Dagur Andri að knýja fram sigur í báðum skákunum og ljúka þar með einvíginu með 3-1 sigri. Dagur Andri er fæddur í janúar 1995 og er sterkasti skákmaður landsins í sínum aldursflokki. Verðlaun voru af-

STERKUR SKÁKMAÐUR Dagur Andri Friðgeirsson tók við verðlaunum eftir einvígi við Hallgerði H. Þorsteinsdóttur. Teflt var í Skákhöll Reykjavíkur.

hent af mótsstjóranum Óttari Felix Hauksyni formanni Taflfélags Reykjavíkur.



GÓÐ GJÖF Starfsfólk Landspítala tók við nýjum fæðingarrúmum frá Kvinnadeild Rauða Kross Íslands í Reykjavík.

Rúm frá Rauða krossi

Rauði Kross Íslands færði á dögunum, kvinnasviðið Landspítala góða gjöf. Þetta er nýjasta gerð fæðingarrúms með rafdrifnum stýringum. Með fjölgun fæðinga á Landspítalanum var ljóst að aukin þörf var á endurnýjun á fæðingarrúmum. Þessi gjöf kemur sér því

mjög vel. Kvinnadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands hefur áður séð fæðingardeild kvinnasviðs á Landspítala fyrir fæðingarrúmum og þannig reynst henni traustur bakhjarl. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá kvinnasviði Landspítala.

AFMÆLI



ARNGRÍMUR JÓHANNSON FLUGSTJÓRI ER SEXTÍU OG ÁTTA ÁRA Í DAG.



ANDREA JÓNSDÓTTIR ÚTVARPSKONA ER FIMMTÍU OG NÍU ÁRA Í DAG.



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR BORGARFULTRÚI ER FJÖRUTÍU OG ÞRÍGGJA ÁRA Í DAG.

FASTEIGNASÝNING HÚSNÆÐISKAUP ERLENDIS

Í fyrsta sinn á Íslandi, ein stærsta fasteignasýning á norðurlöndunum. Söluaðilar frá fjölmörgum löndum, sýna yfir 1000 nýjar og notaðar eignir sem eru til sölu víðsvegar um heiminn. Um er að ræða íbúðir, raðhús og einbýli. Einnig fasteignir til fjárfestingar.

Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind og gerðu draum þinn um heimili í sól og hita að veruleika.

Verið velkomin

Framkvæmdaraðili: Fair Media International
www.fairmedia.info

BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND OG TYRKLAND.

Sýningin fer fram laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. apríl í Vetrargarðinum í Smáralind.
Ópið frá klukkan 11:00 til 18:00. Aðgangur ókeypis.

STUÐ MILLI STRÍÐA Hvernig var flugið?

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR VILL GJARNAN RÆÐA FERÐINA FREKAR EN FLUGIÐ

„Hvernig var flugið?“ Það er svo gott sem óhjákvæmilegt að svara þessari spurningu þegar maður kemur úr utanlandsferð. Minna máli virðist skipta hvar maður dvaldi eða hvað maður tók sér þar fyrir hendur; flugferðin varpar skugga sínum á allt sem á eftir henni kemur.

Þessi áhugi vina og vandamanna á flugferðum er dálítið dularfullur þegar tillit er tekið til þess að flug er almennt nokkuð tíðindalaust. Strætóferð er líklegri til þess að ala af sér áhugaverðar sögur en flug þar sem meira frelsi ríkir allajafna í strætó; í flugvél stíka flugfreyjur um gangana og sjá um að kæfa niður alla óvenjulega hegðun. Sem

er reyndar ágætt enda fátt jafn þreytandi og fólk sem lætur á sér bera, sérlega í litlum, lokuðum rýmum.

Flug á sér svo sem sínar áhuga-verðu hliðar; gaman er að velta fyrir sér flugvélamáltíðum og framboði á skemmtiefni í flugi og einnig er hægt að skeggræða muninn á dýrum og ódýrum flugfélögum, enda er næsta víst að flestir hafa myndað sér skoðun á þessum málum. Ljóst er að hópur áhugafólks um flugvélamat er stærri en mann óraði fyrir ef marka má viðbrögðin við umræðuefninu.

En í flestum tilfellum er áhugi fólks á flugferðum sprottinn af sama meði og áhugi fólks á teygjustökki, hákarlasundi og öðrum

áhugamálum sem heyra undir „sloppið naumlega“ geirann. Það er fátt jafn krassandi og að spá í dauðleikann og í hugmyndabanka almennings eru fáir dauðdagar jafn svakalegir og sá að farast í hrpanði flugvél. Því spyr fólk mann jafnan titrandi röddu út í ókyrrð í flugtaki og vill gjarnan fá að smjatta á smáatriðum þess hvernig flugfreyjurnar og aðrir farþegar brugðust við loftgötum og öðrum óþægindum. Ógnvekjandi aðstæður og eigin dauðleiki eru einfaldlega meira krassandi en sögur af merktum kennileitum í framandi borgum. Því þarf engan að undra að viðmælendur missi áhugann á ferðasögunni þegar búið er að ræða flugtak og landingu.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR

08.00-13.00 ALLA VIRKA DAGA
Hvar sem þú ert – hvenær sem er

www.lettbylgjan.is

**LÉTT
BYLGJAN**
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

GREY'S ANATOMY



SKEMMTILEGRI APRÍL MEÐ STÖÐ 2



THE MENTALIST



MONK



SIMPSONS



CORONADO



THE MENTALIST



THE MENTALIST



THE MENTALIST



THE MENTALIST



THE MENTALIST



THE MENTALIST



THE MENTALIST



skemmtilegri

30% AFSLÁTTUR*

SPORT BIÓ EXTRA

* AF FYRSTA MÁNUÐINUM EF ÁSKRIFT ER KEYPT Á STOD2.IS
MIÐAÐ VIÐ 12 MÁNAÐA SKULDBINDINGU.

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: BIÓ BIÓ EXTRA EXTRA

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Kl. 12.30

Sigurjón Hafsteinn Baldursson ræðir um sly og list út frá kenningum franska arkitektens og menningar-rýnnisins Pauls Virilio í stofu 024 í Laugarnesi, húsnæði myndlistardeildar Listaháskóla Íslands á Laugarnesvegi 91, í dag kl. 12.30. Aðgangur að fyrirlestrinum er ókeypis og öllum opin á meðan húsrúm leyfir.



menning

menning@frettabladid.is

Þorsteinsvaka heldur áfram

Leikarinn Hjalti Rögnvaldsson er óumdeilanlega einn af helstu upplേശurum þjóðarinnar. Því ber vel í veiði fyrir ljóðannendur í kvöld þar sem Hjalti kemur fram í lönó við Reykjavíkurtjörn og les upp fjórar ljóðabækur eftir skáldið merkilega Þorstein frá Hamri.

Uppléstrarkvöldið er liður í dagskránni Þorsteinsvaka sem hófst í síðustu viku og fer fram í tilefni af því að á árinu verður Þorstein frá Hamri sjötugur og jafnframt að liðin eru 50 ár frá því að hann gaf út sína fyrstu ljóðabók. Hjalti Rögnvaldsson hefur því tekið að sér hið metnaðarfulla verkefni að lesa allar ljóðabækur Þorsteins í réttri tímaröð í lönó á mánudagskvöldum og er í kvöld komið að þeim ljóðabókum sem komu út á áttunda og níunda áratug



HJALTI RÖGNVALDSSON Les upp ljóð Þorsteins frá Hamri í lönó í kvöld.

síðustu aldar.

Hjalti hefur lesturinn kl. 17 í dag með bókinni Veðrahjálmur sem kom út árið 1972. Tveimur tímum seinna, kl. 19, hefur hann lestur á bókinni Fiðrið úr sæng daladrottningar sem kom út 1977, kl. 21 les Hjalti úr Spjótalög á spegil sem kom út 1982 og kl. 23 hefst lestur úr Ný ljóð sem kom út 1985.

Að uppléstrarkvöldinu í kvöld undanskildu eru tvö kvöld eftir í Þorsteinsvöku, en dagskráin heldur áfram 14. apríl og 21. apríl. Þau kvöld les Hjalti upp úr ljóðabókum Þorsteins frá tíunda áratug síðustu aldar og svo úr þeim ljóðabókum hans sem komið hafa út á þessari öld. Aðgangur að uppléstrunum er ókeypis og öllum heimill.

- vþ

> Ekki missa af...

Fyrirlestri Rúnars Guðbrands-sonar um strama og stefnur í aðferðafræði leikstjórans. Rúnar fjallar meðal annars um mismunandi hugmyndir um hlutverk leikstjórans í gegnum söguna. Fyrirlesturinn er liður í vörðyrirlestraröð Leiklistarsambands Íslands og Leiklistardeildar Listaháskóla Íslands og fer fram í kvöld á Kaffi Sólun, Bankastræti 7a, og hefst kl. 20.

Aðdáendur og átrúnaðargóðið þeirra

LEIKLIST

Gítaristarnir eftir Line Knutzon

Þýðing: Sigurður Hróarsson

Tónlist og textar: Björn Jörundur

Leikmynd og búningar: Helga

Stefánsdóttir

Hljóð: Guðmundur H. Viðarsson

Leikgervi: Elín Gísladóttir

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson

Leikstjóri: Hilmi Snær Guðnason

★★★★

Skemmtileg sýning, vel unnin persónusköpun um lítil, skoplítil átök.

Gítarslátturinn er félagslegt athæfi fyrir fjölda manna: vinnukongurinn duga mörgum til persónulegrar tjáningar. Margir þeirra eru hermikrákur, elta uppi gítarspilið í Rocky Racoon með mikilli fyrirhöfn og elju. Gítarspilið þar þannig með sér einhvers konar karóki-effekt löngu fyrir tíma þess merkilega áhugamanna-tækis. Löngu fyrr var gítarinn þægilegt borgaralegt hljódfæri, jafnvel hér á landi þar sem pianó-ið og nikkan voru lengi ráðandi.

Gítaristarnir eftir Line Knutzon var frumsýnt á Litla sviði Borgar-leikhússins á föstudag. Line var fyrir fáum árum stóra bjarta vonin í danskri leikritun og verk hennar Fyrst verður maður að

fæðast var þá leikið hér á nýja sviðinu. Gítaristar hennar er ekki ósnoturlega samið verk þótt það renni nokkuð út í sandinn sem ræðst að hluta af efninu.

John Hansen er trúbadúrstípa, menntað og metnaðarfullt tónskáld sem nær ekki frama en semur sér til dægurstyttingar kímín sönglög, einhver blanda af Pövl Dissing og Kim Larsen svo gripið sé til samlíkinga sem skýra manninn. Hann hefur átt í útistöðum við alla, er uppsagð við smáborgaraskapinn, hrærir saman hugmyndum úr hversdagslífi í bland við absúrdhúmor og ádeilu. Og hann nýtur mikillar hylli. Þegar hann deyr af slysförum koma nokkrir aðdáendur hans saman við heimili hans og slá sér saman í undirbúningi á hyllingartónleikum um hetjuna sína. Þau eru reyndar bara fjögur þegar á hólmenn er komið og verkið lýsir samfundum þeirra, átökum og æfingu á nokkrum lögum Johns.

Gítaristarnir er gamanleikur, efni hans eru skýrar persónur skáldsins sem haf tildulega steríotípisk einkenni; hasshausinn með sínar þráhyggjur, regluður með stjórnaáráttu, sveimhuga stúlka ekkert of skýr, miðaldra kaldhæðin kona. Hér er sem sagt lagt upp í hendur fjögurra leikara að búa til persónur, sparsla í rifur í forsögulausum einstaklingum, og skapa hlýlegar og skondnar

smámyndir. Þetta er mannlegur gamanleikur, tekur sig ekkert af alvarlega en er einhvers konar brotinn lofsöngur um manninn og lífið. Dönsk huggulegheit sem rista ekki djúpt.

Hilmi Snær leikstjóri og hefur pantað ný lög og texta við íslenska sýninguna. Ekkert er að segja við því. Leikstjóri hefur til þess vald. Fyrir bragðið veit áhorfandi ekkert hvort upprunalegir textar standa í samhengi við samtölin, hvort nýir textar og lög Björns Jörundar eru þýðing?, stæling á söngtextum verksins. En tókum því sem að höndum ber: yrkingar Björns eru frjálssar í formi, oft ofhlaðnar línur til söngs og rímdaifar. Lögin einhvers konar gítargutl sem heimtar sterkan bakgrunn stúdíóvinnu til þess að þau geti talist lög. Stundum vor-kennið maður leikarahópnum að flytja þau. Söngurinn var líka fjarri því að vera harmonískur og víða var erfitt að greina textann fyrir bragðið. Látum það vera, þó það sé galli.

Kostirnir við sýninguna eru persónugerðir leikaranna - eða eigum við að segja leikara - Jóhann Sigurðarson þar þessa sýningu uppi með hreint frábærri persónusköpun - hasshausinn hans verður hreint yndislega óþolandi asni - Jóhann hefur fundið sig í vinnunni þessi dægri og leggur sig allan fram í þessu hlutverki og uppsker

enda glæsilega með öllum sínum smátökum, innileika og pirringi yfir minnstu smámunum. Þessi leikur setur aftur alla aðra nokkuð í skuggann, þótt Halldór Gylfason, Hanna María Karlsdóttir og Aðalbjörg Þóra Árnadóttir vandi sig ekki síður. Halldór og Hanna bæði innan hins kunnulega ramma, en Aðalbjörg Þóra aftur glæsilega samhæfð í öllum sínum brögðum með þessa einföldu og sumpart rugluðu sál. Það var gaman að sjá þennan leikarhóp að störfum og Hilmi hefur tekist prýðilega til.

Þessi sýning heimtar einfaldan umbúnað. Henni er troðið undir einn áttkantinn í Litla salnum sem er nú best nýttur sem hringsvið þó seint ætli menn að nota hann þannig. Það er að stefna í tuttugu ára afmæli Borgarleikhússins og hvað má telja þær margar sviðsetningarnar sem hafa verið á þessu eina sérhannaða hringsviði landsins með bæði færanlegum botni og flugkerfi. Þær eru ekki margar. Þar er sannarlega ekki verið að nota tæknilegar aðstæður. Bríet Héðinsdóttir kallaði Litla sviðið besta leiksviði á landinu. Það var smíðað utan um leikarann, án umbúnaðar. Og í öllu skruminu um Leikfélagið sem kompaní leikaranna þá hefur sjaldnast áhersla verið lögð á leikaragreyði á þessu sviði. Það er notað sem hallærislausn fyrir sjálfstæða leikhöpa, aldrei vinnur dansflokkurinn þar.



LEIKLIST Jóhann Sigurðarson og félagar hans í gervum aðdáendaklúbbs Johns Hansen.

MYND/LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR/SIGFÚS MÁR PÉTURSSON

Mætti nýr leikhússtjóri bæta úr því.

Sviðsmynd Helgu Stefánsdóttur er hugvitsamlega unnin, stækkar þröngina sem leikið er í, nýtir baksviðið vel, en ekki fór mikið fyrir nýtingu leikstjórans á sviðpallinum.

Páll Baldvín Baldvínsson

Ljósrit af sjálfum sér

LEIKLIST

Sá ljóti eftir Marius von Mayenberg

Þýðandi: Bjarni Jónsson.

Leikmynd og búningar: Stigur Steinþórsson.

Tónlist: Hallur Ingólfsson

Leikstjóri: Kristín Eysteinsdóttir

★★★★

Þetta var góð sýning

Því ber að fagna að verk þeirra leikskálda sem efnilegust þykja í álfunni um þessar mundir, rata nú upp á svið Þjóðleikhússins trekk í trekk. Á laugardagskvöld var frumsýnt verkið Sá ljóti eftir Marius von Mayenburg á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Um er að ræða beitta nútímasatúru með stílfærðum leik. Höfundur hefur sjálfur bæði fengist við leikstjórn og þýðingar fyrir utan eigin skriftir. Þetta er fyrsta verk hans sem flutt er hér á sviði en áður hefur Útvarpsleikhúsið flutt eftir

hann tvö leikrit.

Bjarni Jónsson smýgur inn í textann í lipurri og hnökralausri þýðingu sem unun var á að hlýða. Það var nefnilega unun að hlusta á þann texta sem fram var borinn, þótt forheimska og útlitdýrkun nútímans hafi verið höfuðþemað. Efnistökin voru bæði hröð og smart inni í þessu lokaða hvíta rými sem minnti helst á snjóhvítan ljósritunarpappír, enda voru það staflar af ljósritunarpappír sem mynduðu súlur og sæti í alhvíttri leikmyndinni. Fjórir leikarar skiptast á að leika átta persónur.

Lárus á greinilega nokkuð glæstan feril í tæknipróunarfyrirtæki. Honum hefur tekist að þróa einhvers konar fjöltengi sem í er mikil framtíð. Þegar við kynnumst honum er hann að gera sig kláran til þess að fara á söluráðstefnu og kynna uppfinningu sína en það kemur brátt í ljós að honum er ekki treystandi til þess að fara vegna þess að hið „ljóta“ andlit hans er ekki talið hæft til þess að heilla fólk til þess að kaupa.

Árman sem er bara venjulegur starfsmaður er látinn fara í hans stað og það kemur í hlut forstjórans að segja Lárusi frá þessum ósköpum. Málin þróast svo þannig að Lárus lætur breyta á sér andlitinu og slær í gegn hvert sem hann kemur með nýjan söluþokka sem skín úr listaverki lýtalæknisins.

Allir í verkinu - það er forstjórinn, lýtalæknirinn, eiginkonan, gamla viðhaldið, sonur hennar Árman aðstoðarmaður og Lárus sjáfur - eru talsmenn útlitsfordóma. Lárus verður að kvennagulli með þetta nýja andlit sem hann greinilega á svo ekki sjálfur því læknirinn fer að fjöldaframleiða slík andlit. Og verða því til eins konar ljósrit af höfundaverki læknisins.

Jörundur Ragnarsson sem fer með hlutverk Lárusar heldur áhorfendum spennum allan tímann og í löngu eintali þar sem hann geystist í orðaflauminn og út úr sinni eigin tilveru, var hann ekki bara frábær heldur sýndi stórgóða takta.

Dóra Jóhannsdóttir leikur eiginkonuna auk 73 ára konu sem búin er að láta strekkja sig og útlitsbreyta þannig að ómögulegt er að segja til um aldur hennar. Skiptin voru svo ör að stundum orkaði tvímælis hvor persónan var að tala en það var hluti af galdrinum. Hvenær veit maður hver er að tala og hver er hvað þegar menn skipta um andlit bara eins og nær-buxur? Dóra býr yfir hæfileikanum að beita bæði svip og rödd áreynslulata til að kitla hlátur-



LEIKLIST Vignir Rafn Valþórsson í hlutverki sínu í leikritinu, í fjarska situr Dóra Jóhannsdóttir.

MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

taugar áhorfenda.

Stefán Hallur Stefánsson leikur forstjóran og lækninn og stækkar við hvert hlutverk.

Vignir Rafn Valþórsson í hlutverki sonar ríku gömlu konunnar skottast um eins og sá sem aldrei fær að vera með. Hann eins og hinir leikararnir skilaði hlutverki sínu einkar vel og verður heildin sem var mjög góð útkoma að skrifast á meðvitaða og vel unna leikstjórnarvinnu Kristínar Eysteinsdóttur. Það var heilmikið um hljóðeffekta í verkinu sem framleiddir voru af leikurunum sjálfum á staðnum. Leikurinn var stílfærður en fór aldrei yfir strikið í neinum dans- eða hermannahreyfingum sem hefði getað gerst. Um er að ræða leikrit sem allir sem

sjaldan eða aldrei fara í leikhús hefðu gott af því að sjá. Hér er ekki um neina predikun að ræða, síður en svo, heldur mjög þetta og vel unna textavinnu þar sem samskiptin ganga listilega vel fyrir sig og þó svo að leikmyndin sé aðeins snjóhvít og ekkert verið að gera þegar menn segjast vera að gera eitthvað, þá er víst öruggt að myndir sem flugu upp í huga hvers og eins í salnum voru vafalítið fleiri og litskrúðugri en oft vill verða þegar verk eru yfirhlaðin af táknum og leikmunum. Vonandi fáum við að heyra og sjá meira úr smíðu þessa unga höfundar því það er í raun og veru ekki til neitt eins skemmtilegt og að fara í leikhús þegar verkið er gott.


Elisabet Brekkan

ÁST Í samstarfi við Vesturport

30. mars - uppselt	17. apríl
3. apríl	18. apríl
4. apríl	23. apríl
10. apríl	24. apríl
11. apríl	

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



FIMM STJÖRNU GLÆPASAGA



„Flétta sögunnar er ansi góð ... lausn sem kemur lesandanum í nokkuð **opna skjöldu.**“

★★★★★ – Hildur Heimisdóttir, Fréttablaðinu.

„Þeir sem nutu fyrri bókanna eiga eftir að taka þessari fagnandi ... **vel smíðuð spennusaga.**“ – Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðinu.

„Hörkuvel fléttuð glæpasaga ... **spennandi frá upphafi til enda.**“
– Áki G. Karlsson, www.kistan.is

„**Spennandi og skemmtileg bók** og Þóra söguhetja er í miklu uppáhaldi hjá mér, vona að hún verði áfram í brúnni í næstu bókum höfundar.“ – Guðríður Harlaldsdóttir, Vikunni.

> TÍSKA OG BÍÓ

Rihönnu hefur gengið allt í haginn á síðustu misserum. Nú vill hún bæta enn frekar við sig og senda frá sér tiskulínu, eins og önnur hver Hollywood-stjarna virðist gera þessa dagana. Þar að auki sagði söngkonan nýlega í viðtali að hún hefði áhuga á að reyna fyrir sér í kvikmyndabransanum, sem er ekki heldur óþekkt í henni Hollywood.



Áhugamenn spá Svíþjóð sigri

Veðbankar fara nú mikinn í spekuleringum um hver verði ofan á í baráttunni um toppsætið í Eurovision í ár. Þeir eru þó mun fleiri sem spá í spilin fyrir átökin í Belgrad í maí, og samtök áhugamanna um Söngvakeppni evrópsku sjónvarpsstöðvanna í álfunni keppast nú við að halda skoðanakannanir hjá sínum liðsmönnum.

Alls státa 24 lönd í Evrópu af samtökum sem teljast til OGAE – Organisation Générale des Amateurs de l'Eurovision, en Ísland er ekki í þeirri hópi. Samtökin í hverju landi fyrir sig munu standa fyrir könnun meðal liðsmanna, sem gefa lögum ársins einkunn samkvæmt Eurovisionkerfinu. Hingað til eru það bara Spánn og Belgía sem hafa sent frá sér niðurstöður úr könnunum, og samkvæmt þeim verður það sænska söngkonan



Charlotte Perelli sem fer með sigur af hólmi í Belgrad, en hún vann einnig árið 1998 þegar hún skaut Selmu okkar svo naumlega ref fyrir rass. Á hæla hennar fylgir Paolo Meneguzzi fyrir Sviss og í þriðja sæti er Sirusho frá Armeníu.

Ísland vermir sem stendur ellefta sætið, með þau fjögur stig sem við fengum í kosningu Spánverja. Samkvæmt esctoday.com var Eurobandið ekki heldur langt frá því að fá stig frá belgísku aðdáendum og því allsendis ekki öll von úti enn um hylli leikmanna í Evrópu.

CHARLOTTE PERELLI Áhugamönnum um Eurovision í Evrópu þykir líklegt að hún fari með sigur af hólmi í annað sinn í ár.

NORDICPHOTOS/GETTY

fólk

folk@frettabladid.is

EUROVISION

46 DAGAR TIL STEFNU



B. SIG Bjarki Sigurðsson er forspraki hljómsveitarinnar B. Sig.

Nálægð við áheyrendur

Hljómsveitirnar B. Sig og Mood spila á Organ á fimmtudagskvöld. Þessar tvær hljómsveitir eiga það sameiginlegt að njóta sín sérstaklega vel á tónleikum þar sem stemning og nálægð við áheyrendur er aðalatriði. Nokkur samhljómur er í nálgun sveitanna á tónlist sinni en segja má að kraftur og einlægni séu aðalmerki beggja.

B. Sig gaf út plötuna Good Morning Mr. Evening á síðasta ári sem fékk góða dóma. Mood var lengi vel leiðandi í hinni hógværu íslensku blússenu og spilaði þá mest hefðbundinn blús eftir gömlu meistarana. Hljómsveitin hefur undanfarið einbeitt sér að eigin tónlist sem er meira í ætt við rokk. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og kostar 1.000 kr inn.

Paulreynd í paraleik

Leikaraparið Jörundur Ragnarsson og Dóra Jóhannsdóttir bregða sér í hlutverk hjóna í sýningu Þjóðleikhússins á verkinu Þeim ljóta, eftir Marius von Mayenburg. Það er hvorki í fyrsta né síðasta skiptið sem þau leika saman.

„Þetta gengur bara eins og í sögu,“ svarar Dóra Jóhannsdóttir, spurð um samstarf hennar og Jörundar í Þeim ljóta sem frumsýndur var á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins á laugardag. Hún og Jörundur eru endá þáurreynd í því að vinna saman. „Við vorum náttúrulega bekkjarfélagar í leiklistarskólanum, og lékum saman í Næturvaktinni líka, svo við þekkjum þetta alveg,“ útskýrir Jörundur.

Í Næturvaktinni féll það einnig í þeirra hlut að leika kærustupar, en það samband fór þó reyndar ekki svo farsælega að enda í hjónabandi, eins og aðdáendur sjónvarpsþáttanna muna eflaust. Sambandið í Þeim ljóta gengur ekki heldur alveg snurðulaust fyrir sig, því eins og Dóra bendir á leikur hún bæði eiginkonu Jörunds og sjöttu og þriggja ára gamalt viðhald hans. Þar að auki mætti segja að skortur á fegurð hrjá sambandið, enda fjallar leikritið um mann sem er meinað að fara á ráðstefnu á vegum fyrirtækis síns sakir ljótleika. „Hann hefur sem sagt gengið í gegnum allt lífið án þess að vita það að hann sé forljótur,“ útskýrir Dóra, og Jörundur bætir við, „Hann þarf þá að grípa til örþrifaráða sem breyta honum og lífi hans mikið.“ Ástandið er svo slæmt að „konan hans horfir bara í vinstra augað á honum til að byrja með,“ að sögn Dóru. Spurð hvort þau leiti ekki djúpt í eigin reynslubrunn hvað það



PAR Í LÍFI OG LEIK Parið Jörundur Ragnarsson og Dóra Jóhannsdóttir hafa leikið ansi misheppnað kærustupar í Næturvaktinni og spreya sig bæði á hjónabandi og framhjáaldi í Þeim ljóta, sem er frumsýndur í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

varðar skellir parið upp úr. „Ég vona ekki,“ svarar Jörundur, og Dóra er ekki síður fljót að svara: „Ég þori að horfa í bæði.“ Frekara samstarfs þeirra er ekki langt að bíða, því Ég og vinir mínir, leikhópur sem þau Jörundur og Dóra hafa stofnað ásamt einmitt vinum sínum, hyggst setja á svið dansleikhúsværk í lok árs. „Við fáum styrk frá menntamálaráðuneytinu til að setja þetta upp í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Þetta er góð blanda

af dönsurum, performerum og tónlistarmönnum sem ætla að setja upp spunaverk,“ útskýrir Dóra. Auk hennar og Jörundar skipa hópinn leikaraparið Friðrik Friðriksson og Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Gísli Galdur Þorgeirsson tónlistarmaður, Margrét Bjarnadóttir dansari og Friðgeir Einarsson, nemi í fræðum og framkvæmd við leiklistardeild Listaháskólans.

sunna@frettabladid.is



VING RHAMES Leikarinn Ving Rhames leikur á móti Bruce Willis í The Surrogates.

Leika saman í vísindatrylli

Leikararnir Ving Rhames og Bruce Willis, sem léku saman í Pulp Fiction, leiða hesta sína saman á ný í vísindatryllinum The Surrogates. Tökur á myndinni, sem er byggð á myndasögu, hefjast síðar í mánuðinum.

Myndin gerist í samfélagi þar sem mannfólk lifir áhættulausu lífi með aðstoð vélmanna sem eru fullkomnar útgáfur af því sjálfu. Rhames leikur náunga sem er ósáttur við vélmennin og hefur upp-þeim. Willis fer aftur á móti með hlutverk lögreglu sem rannsakar morð sem framin hafa verið.



reisin gegn

iRobot ehf.

Hólshraun 7, 220 Hfj. • S. 555 2585 • irobot.is

- Þú ferð í vinnuna og hún er búin að ryksuga þegar þú kemur heim
- Hún eldar kanski ekki, en hún ryksugar á meðan þú eldar
- Þú þarft ekki að ryksuga, hún sér alveg um það daglega
- Hún ryksugar fyrir þig og elskan þín kvartar ekki



...ég hreinlega **Elska** hana
Ert þú búin að fá þér eina?

Fæst hjá: Byko um land allt, Max Kaupþúni og Holtagörðum, Byggt og Búid, Heimilistæki, Ormsson Smáralind, Ljósjafinn Akureyri, Ormsson – Model, Krákur ehf verslun, Rafsjá fasteignir ehf, ÁrvirkinnSelfossi, Tölvuþjónusta Vals,

Hin eilífa barátta

Úti var nístingskuldi og fólk var nokkuð lengi að smala sér inn á Nasa þetta ágæta kvöld. Skakkamanage hóf leikinn en sveitin hefur líklegast aldrei verið eins þétt og nú um stundir. Sveitin byrjaði á þremur nýjum lögum sem verður líklegast að finna á væntanlegri breiðskífu. Lögin virkuðu örlítið þyngri og á margan hátt ekki eins lágstemmd og það sem áður hefur heyrst frá Skakkamanage. Gaman verður að fylgjast með framhaldinu.

Low-liðar hikuðu lítið við hlutina og voru fljótir upp á svið eftir að Skakkamanage hafði lokið við að kynda undir áhorfendum. Svíðsmynd var eins mínimalísk og hugsast getur og tónaði ágætlega við tónlistina sem seinna fékk að hljóma. Sveitin labbaði hógværi inn á sviðið og aðalmaðurinn, Alan Sparhawk, kastaði kveðju til áhorfenda frá Duluth í Minnesota, heima-bæ Low (og Bobs Dylan).

En þá komum við að sígildu

TÓNLEIKAR

Low

Nasa 4. apríl

★★★

Finir tónleikar með goðsagnkenndri hljómsveit en upplifunin hefði mátt vera sterkari.

vandamáli varðandi lágstemmda tónlist og Nasa en þetta tvennt virðist einfaldlega ekki geta farið saman. Hávær klíður skapaðist á löngum köflum og áhorfendurnir sjálfir létu óstýrilega. Fólk virkaði óþreyjufullt og veitti lögnum, sem flest voru af nýjustu plötu sveitarinnar, Drums and Guns, litla athygli og virtist mun frekar komið á Nasa til endurvekja fornar minningar eldri platna. Auðveldara hefði verið að framkalla slíkt heima með kerta-ljósum og rölegheitum en Low var hingað komin á allt öðrum forsendum.



Ekki verður tekið af Low að hún skilaði sinni dagskrá feikivel. Alan var óaðfínanlegur í flutningi sínum og fór oft og tíðum hamförm á gítarnum. Betri helmingurinn, Mimi Parkar, var síðan sjarmerandi með sína ótrúlegu rödd fyrir aftan eina sneriltrommu og eina gólf-trommu sem framkallaði oft ótrúlega fallega og djúpa tóna.


Low sannaði að hún er framúrskarandi sveit sem maður ber ómálða virðingu fyrir. Þetta kvöld gerði hún margt rétt en réði hins vegar á margan hátt ekki við aðstæður.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

RENAULT

WWW.RENAULT.IS

SPARNEYTNI, STÍLL, OG ÖRYGGI

 **MEGANE**
RENAULT MEGANE II
EXPRESSION COMFORT



 **MEGANE**
MEGANE SALOON
EXPRESSION COMFORT

 **MEGANE**
RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
EXPRESSION COMFORT



www.renault.is



Með bílinn handa þér

VISSIR ÞÚ AÐ RENAULT... er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum? Hann er auk þess fallegur, sérstaklega rúmgóður, aksturseginnleikarnir eru framúrskarandi og hann er margverðlaunaður fyrir öryggi. Svona er Renault.

B&L

Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



Einn með gítarinn

Bubbi Morthens hélt vel heppnaða tónleika í Austurbæ á dögunum. Í þetta skiptið var kappinn einn með gítarinn, enda langt síðan hann spilaði síðast á höfuðborgarsvæðinu fyrir framan sitjandi áhorfendur.



SPENNINGUR Þau Ágúst, Ásgerður, Hannes, Guðný Rósa og Árni Ingi biðu spennit eftir því að heyra í Bubba.



EINBEITTUR Bubbi var einbeittur uppi á sviði í Austurbæ þar sem hann flutti ný lög í bland við eldri slagara.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Bubbi spilaði bæði eldri slagara og lög af væntanlegri plötu sinni sem hann hefur unnið við að undanförunu með Péttri Ben. Er hún væntanleg í búðir sjötta júní næstkomandi.



BROSMILDAR Sigríður Lorange og Hjördis H. Sigurðardóttir voru brosmildar í Austurbæ.



SAMAN Á BUBBA Heiða, Bergljót, Bjarni og Kristófer mættu saman á tónleika Bubba Morthens.



VINKONUR Vinkonurnar Hrönn, Ásta og Jóna Ellen létu sig ekki vanta á tónleikana.

NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ FRAMLEIÐENDUM NOTTING HILL OG LOVE ACTUALLY
DEFINITELY, MAYBE PRJÓ SAMBÓND. PRJÓ STÓRSLYS. SÍÐASTI SÉNS
FRÁBÆR VÍSINDATRYLLIR Í ANDA 28 DAYS LATER FRÁ LEIKSTJÓRA THE DESCENT!
DOOMSDAY MESTI FARALDUR SÖGUNAR... MILLJÓNIR SÝKTAR... EINANGRUD... YFIRGEFIN...
THE AIR I BREATHE GÆÐA SPENNINGUR MEÐ ÚRVALS LEIKURUM

Með íslensku og ensku tali
HORTON Með gítarinn

ÞAD EINA SEM GÁT KOMIÐ UPP Á MILLI SYSTRANNA - VAR KONUNGSRÍKI
THE OTHER BOLEYN GIRL
ÞAD GETUR VERIÐ SKELFILEGT AÐ SJÁ
THE EYE

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE GRUDGE OG THE RING
SHUTTER
SEMI-PRO

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000
REGNBÖGGINN Sími 551 9000

DEFINITELY MABY	kl. 5.30 - 8 - 10.30	THE AIR I BREATHE	kl. 6 - 8 - 10
DEFINITELY MABY LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	VANTAGE POINT	kl. 6 - 8 - 10
VANTAGE POINT	kl. 5.50 - 8 - 10.10	IN BRUGES	kl. 5.45 - 8 - 10.10
THE OTHER BOLEYN GIRL	kl. 8	HORTON	kl. 6 ISLENSKT TAL
SHUTTER	kl. 8 - 10	THE ORPHANAGE	kl. 8 - 10
THE SPIDERWICK CRONICLES	kl. 3.30 - 5.45		
HORTON	kl. 3.30 ISLENSKT TAL		
HORTON	kl. 4 - 6 ISLENSKT TAL		
SEMI-PRO	kl. 10.30		

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 630 1919
BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

DOOMSDAY	kl. 5.40 - 8 - 10.20	THE EYE	kl. 8 - 10
THE OTHER BOLEYN GIRL	kl. 5.30 - 8	VANTAGE POINT	kl. 8 - 10
THE EYE	kl. 10.30	THE SPIDERWICK CRONICLES	kl. 6
THE SPIDERWICK CRONICLES	kl. 5.50	HORTON	kl. 6 ISLENSKT TAL
HEIÐIN	kl. 10		
THE KITE RUNNER	kl. 8 - 10.30		
BRÚGUMINN	kl. 6 - 8		

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BÍÓMIÐANNA **midi.is**
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIÐANNA MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÖNUM

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

FRÁ FRAMLEIÐENDUM NOTTING HILL OG LOVE ACTUALLY
DEFINITELY, MAYBE PRJÓ SAMBÓND. PRJÓ STÓRSLYS. SÍÐASTI SÉNS
FRÁBÆR VÍSINDATRYLLIR Í ANDA 28 DAYS LATER FRÁ LEIKSTJÓRA THE DESCENT!
DOOMSDAY MESTI FARALDUR SÖGUNAR... MILLJÓNIR SÝKTAR... EINANGRUD... YFIRGEFIN...
THE AIR I BREATHE GÆÐA SPENNINGUR MEÐ ÚRVALS LEIKURUM

Með gítarinn
HORTON

ÞAD EINA SEM GÁT KOMIÐ UPP Á MILLI SYSTRANNA - VAR KONUNGSRÍKI
THE OTHER BOLEYN GIRL
ÞAD GETUR VERIÐ SKELFILEGT AÐ SJÁ
THE EYE

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE GRUDGE OG THE RING
SHUTTER
SEMI-PRO

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DEFINITELY, MAYBE	kl. 5.45, 8 og 10.15
THE EYE	kl. 8 og 10.15
SPIDERWICK CRONICLES	kl. 6
HORTON - ÍSLENSKT TAL	kl. 6
SEMI-PRO	kl. 10

SAMbio.is SAMBÍÓINN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

Þráttarmynding rómantísk gamanmynd.
FOOL'S GOLD MATTHEW MCCONNACHEY KAWE HUDSON
DOOMSDAY PÉTUR JOHANN STOFÓSSON
STÓRA PLANIÐ NIGEL

10.000 BC
THE BUCKET LIST
UNDRAHUNDURINN M-ÍSL TAL
STEP UP 2

ALFABAKKA

FOOL'S GOLD	kl. 5.40 - 8 - 10.30	7
FOOL'S GOLD	kl. 5.40 - 8 - 10.30	VIP
STÓRA PLANIÐ	kl. 6D - 8D - 10:10D	10
DOOMSDAY	kl. 5.50 - 8 - 10:10	16
LARS AND THE REAL GIRL	kl. 10:10	L
10.000 BC	kl. 8 - 10:30	12
THE BUCKET LIST	kl. 8	7
UNDRAHUNDURINN M-ÍSL TAL	kl. 6	L
STEP UP 2	kl. 6	7

SELFOSS

STÓRA PLANIÐ	kl. 8 - 10:10	10
LARS AND THE REAL GIRL	kl. 8	L
SHUTTER	kl. 10:10	7

AKUREYRI

FOOL'S GOLD	kl. 8 - 10	7
STÓRA PLANIÐ	kl. 8 - 10	10

KEFLAVÍK

STÓRA PLANIÐ	kl. 8 - 10	10
SEMI-PRO	kl. 8	L
JUNO	kl. 10	L

KRINGLUNNI

FOOL'S GOLD	kl. 6 - 8 - 10:10	7
STÓRA PLANIÐ	kl. 8:10D - 10:10D	10
HANNA MONTANA	kl. 6 (3D)	L
JUNO	kl. 8 - 10	7
UNDRAHUNDURINN M-ÍSL TAL	kl. 6	L

DIGITAL HLJÓÐ OG MYND

God of War í smækkaðri útgáfu

God of War-serían byrjaði sem Playstation 2 titill árið 2005 og gat af sér framhald árið 2007. Leikirnir urðu gríðarlega vinsælir og var God of War 1 kosinn einn af 25 bestu leikjum allra tíma á PS2 af vefnum IGN.com.


Söguvið leiksins er úr grískri goðafræði og segir frá Kratos, hermanni sem býður stríðsguðinum Ares þjónustu sína í stað bjargar. Þetta er upphaf Kratosar sem þjóns Ólympusfjalls. Leikurinn gerist nokkrum árum fyrir atburði fyrri leikja og fyllir upp í bakgrunn Kratosar. Í byrjun sögunnar er Kratos sendur af guðunum til að stöðva her Persa í borginni Attica. Eftir að hafa stöðvað framsókn hersins sér Kratos ljós falla niður af himnum, Kratos fer til að kanna hvað kom fyrir og er það upphafið á miklu áventýri við að bjarga heiminum.

Fyrst þegar maður hugsar til þess að spila God of War á lófa-leikjatólvu er erfitt að ímynda sér að leikurinn gangi hreinlega upp. Eftir að hafa spilað leikinn er ekki annað hægt að segja en að leikur-

inn fari fram úr vonum. Grafík og útlit leiksins er í sama gæðaflokki og raddsetningin er til fyrirmyndar.

Það sem er hægt að finna að leiknum er að stjórnunin er ekki fullkomin og er háð takkafjölda PSP-vélarinnar, en það eru fá augnablik þar sem stjórnunin verður eitthvert vandamál. Annað sem er hægt að nefna er að leikurinn er hreinlega of auðveldur og stuttur og minna um þrautir en í fyrri leikjum. Það tekur líklega venjulegan spilara um 6-8 tíma að klára leikinn í venjulegri erfiðleikastillingu. Þegar það er búið er hægt að spila leikinn aftur í erfiðari stillingum og leysa ýmsar nýjar þrautir.

Það er ekki alveg sanngjarnt að bera þennan leik saman við fyrri leikina á PS2, þar sem leikurinn er á lófatölvu og því minni um sig, en sem PSP-leikur er staðan önnur. God of War: Chains of Olympus er einn af betri PSP-leikjum sem hafa komið út og er gott dæmi um hvernig á að standa að leikjum á þeirri vél.



TÖLVULEIKIR
God of War: Chains of Olympus
PSP
PEGI: 18+
★★★★
Skyldukaup fyrir alla aðdáendur God of War.

Sveinn A. Gunnarsson

Stuttmynda dagar
í Reykjavík 2008

Leikstjóra verðlaunamyndarinnar verður boðið til CANNES þar sem myndin tekur þátt í Short Film Corner.

KEPPNI UM BESTU STUTTMYNDINA
SKILAFRESTUR RENNUR ÚT 11. MAÍ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.STUTTMYNDADAGAR.IS

STUTTMYNDADAGAR Í REYKJAVÍK 2008
Kringlubíó 29 maí.
Fyrsta sæti 100.000 kr.
Annað sæti 75.000 kr.
Þriðja sæti 50.000 kr.
Áhorfendaverðlaun.

Logos for sponsors: SAMBIO, Coca-Cola, Kringlubíó, Reykjavíkurborg, SHORT FILM FESTIVAL.

Ofurhetjubúningar saumaðir á Góðverkasamtökin Betri bæ

Félagar í góðverkasamtökunum Betri bæ máluðu yfir veggjakrot í miðbænum á dögum við mikinn fögnuð verslunareigenda og almennings. Ungu mennirnir sem skipa hópinn vilja ekki koma fram undir nafni en féllust á viðtal.

„Við vorum ekki nema þrír sem gerðum þetta,“ segir talsmaður hópsins. „Allt verkið tók ekki nema tæpa tvo klukkutíma frá Snorra-braut og niður að Lækjargötu. Sums staðar fórum við meira að segja tvær umferðir hjá heppnum húsnæðiseigendum. Það var ótrúlega lítið mál og fljótlegt að mála yfir þetta. Að vísu er kannski hægt að kenna myrkrinu um hve víða eru glöppur. En þær verða hugsanlega lagaðar í næstu umferð.“

Er búð að „tagga“ á veggina aftur?

„Eftir því sem ég best veit hefur það ekki verið gert. Sem þýðir jú ein vika af fallettri miðbæ fyrir vikið.“

Hvernig væri hægt að refsa þessum krotandi krökkum til að stoppa þá af í eitt skipti fyrir öll?

„Það er svo sem ekki okkar að ákveða. En okkur finnst sjálfsagt að þeir krakkaormar sem næst í



LAPPAD UPP Á ÓGÆÐSLEGAN MIÐBÆ Liðsmenn Góðverkasamtakanna að verki.

skottið á fái að laga eftir sig skemmdirnar.“

Af hverju viljið þið ekki koma fram undir nafni?

„Við vissum að aðgerðirnar myndu vekja mikla athygli, og við vildum frekar að sú athygli beindist að málstaðnum en okkur sjálfum.“

Eruð þið í sérstökum ofurhetjubúningum þegar þið látið til skara skriða?

„Eins og myndirnar sýna voru

búningarnir ekki tilbúnir, en verið er að sauma á okkur búninga ekki ósvipaða búningi íþróttaálfans. Með tækjabelti fyrir málningarbursta að sjálfsgöðu. Einnig erum við að vinna að því að setja málningarburstamerki á friðarsúluna svo að hægt sé að kalla okkur út.“

Er von á að samtökin láti til sín taka aftur?

„Það er von á því, en hvenær veit enginn. Nema náttúrliga við.“

- glh

Melódískt pönk

Áfram Ísland! er önnur plata Morðingjanna, en sú fyrsta, hin bráðskemmtilega Í götunni minni kom út fyrir tveimur árum. Á henni voru tólf stutt og hröð pönklög, en á nýju plötunni eru lögin orðin heldur lengri og tónlistin orðin fjölbreyttari þó að þetta sé allt saman hrátt rokk ennþá.

Það eru 14 lög á Áfram Ísland! og það er óhætt að segja að áhrifin komi víða að. Á stöku stað eru fyrirmyndirnar augljósar, t.d. minnir lagið Eiturlyfjafíklar mjög á Fræbbblana og byrjunin á Er þetta ekki að verða komið gott? er tilvísun í Holiday in Cambodia með Dead Kennedys. Sú sveit er reyndar greinilega mikill áhrifavaldur hjá Morðingjunum. Mér finnst þeir líka vera undir miklum áhrifum frá Dr. Gunna. Söngur Hauks minnir oft á Gunna og sumar lagasmíðarnar eru líka Gunnalegar, t.d. Ekki í dag. Auk þess er eitt tölulag á plötunni, lagið Bölvun fylgi þeim sem var upphaflega með vinnuskólapönkhljóm-sveitinni F-8 sem Gunni var meðlimur í.

Textar Morðingjanna eru margir skemmtilegir. Umfjöllunarefnið eru tekin úr hversdagslífinu, en húmorinn er ríkjandi í úrvinnslunni hvort sem það er verið að syngja um skemmtanálfið, eiturlyfjaheiminn eða Airwaves. Textinn við lagið



TÓNLIST

Áfram Ísland!
Morðingjarnir

★★★

Hrátt pönk með húmorískum textum. Mörg laganna eru melódísk og grípandi og fjölbreytnin hefur aukist mikið frá fyrri plötunni. Gaman.

Airwaves er kostleg upptalning á hljómsveitum sem spiluðu á hátíðinni í fyrra: „Drekka bjór með Worm is Green/Reykja sígó með Singapore Sling/Far í partí með Amiina/ og kyssa Bloodgroup stelpuna“...

Það er kannski ekki hægt að segja að tónlist Morðingjanna marki djúp spor í tónlistarsöguna. Þetta hljómar allt of kunnuglega til þess. Hins vegar hefur þeim Atla, Hauki og Helga tekist að búa til skemmtilega rokkplötu sem gaman er að blasta á hæsta styrk og það er ekki lítils virði.

Trausti Júlíusson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ópera um líf Önnu Nicole Smith er nú á teikniborðinu. Það er Richard Thomas sem sér um textasmíði og segir hann líf Play-boy-fyrirsættunnar afar „óperulegt“ og „stórbrotið“. Óperan mun fjalla um lífshlaup fyrirsættunnar, en sleppa því fjölmíðlafári sem tók við eftir dauða hennar, þegar stórskrýtið faðernismál vegna hinnar nýfæddu Dannielynn tröllreið öllu svo vikum skipti. „Fyrir mér lýkur þessu með henni,“ segir Thomas.



Rapparin Snoop Dogg er ekki einn þeirra sem styðja Barack Obama. Femalefirst vitnar í rapparann þar sem hann heldur því fram að Obama hafi fengið fjárstuðning frá hinum alræmdu Ku Klux Klan-samtökum. „Fjölmíðlar segja fólki það ekki. Þeir vilja ekki að fólk viti það,“ segir rapparinn. „Við vitum öll að forsetar ljúga til að komast í embætti. Það er vinnan þeirra,“ segir Snoop, sem telur þó að Obama muni fara með sigur af hólmi.



Af fleiri röppurum. 50 Cent stendur aftur í málaferlum við barnsmóður sína, Saniqua Tomkins. Fyrr á árinu snerust átök þeirra um meðlag með syni þeirra, Marquise, en nú segir Tomkins rapparann hafa brotið loforð um að kaupa handa þeim mæðginum hús. 50 Cent vann síðustu málaferli, þar sem úrskurðað var að hann þyrfti eingöngu að greiða Tomkins andvirði hálftrar milljónar íslenskra króna á mánuði hverjum.



Vinna við gerð nýrrar plötu með Lindsay Lohan virðist ganga hægt fyrir sig. Samkvæmt Perez Hilton. com er Lohan þung í taumi og hefur tvívegis aflýst fundi með stjórnuupptökustjóranum Timbaland, sem útgefendur plötunnar vildu fá til að vinna með Lohan. Áætlað var að platan myndi koma út um mitt þetta ár, en allt útlit er fyrir að það frestist. Síðasta plata hennar, A Little More Personal (Raw), kom út í desember 2005 og hlaut dræmar viðtökur.



600 kr. miðinn

7. til 14. apríl

DEFINITELY, MAYBE

FRÁ FRAMLEIÐENDUM
NOTTING HILL OG LOVE ACTUALLY



ÞRJÚ
SAMBÖND

ÞRJÚ
STÓRSLYS

MasterCard korthafar fá miðann á 600kr frá 7. til 14. apríl. Gildir þar sem myndin er sýnd.

Meira á www.borgun.is/bio



> Slakur dagur hjá Birgi Leifi

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson náði ekki að fylgja eftir frábærum þriðja hring á Estorial-mótinu í Portúgal í gær. Birgir lék á 77 höggum í gær eða sex höggum yfir pari en hann byrjaði daginn á átta höggum undir pari. Birgir Leifur féll um 40 sæti á lokadeginum og endaði í 60.-66. sæti. Fyrrir níu holurnar í gær fór Birgir á 37 höggum en slæm sjötta hola sem hann fór á þreföldum skolla kostaði sitt.



sport
sport@frettabladid.is

SKAGAMAÐURINN STEFÁN ÞÓR ÞÓRÐARSON: KOMINN HEIM AFTUR EFTIR FÝLUFERÐ TIL SVÍPÞÓÐAR

Algjör mistök hjá KSÍ að fara með málið til FIFA

Skagamaðurinn Stefán Þór Þórðarson kom aftur heim til Íslands um helgina eftir að hafa farið í mikla fyluferð til Svíþjóðar. ÍA hafði komist að samkomulagi við Norrköping um að lána Stefán til félagsins út aprilmánuð en ekkert hefur orðið af því að Stefán spilaði.

„Ég var búinn að vera úti síðan 20. mars. Þetta er búið að vera ómurlagt. Það átti allt að vera klárt þegar ég fór út en það reyndist ekki raunin. Málið er þannig að í reglum stendur að það megi skipta um félag þrisvar sinnum en aðeins spila með tveimur félögum sem er nákvæmlega það sem ég er að gera. FIFA túlkar málið aftur á móti þannig að ÍA sé tvö félög og því mætti ég ekki leika með þeim aftur ef ég spilaði með Norrköping. Þetta skiljum við engan veginn,“ sagði Stefán en hann segir að sænska knattspyrnusambandið hafi bent FIFA á fordæmi fyrir slíku.

„Sviarnir bentu á að Henrik Larsson hefði farið til Man. Utd. og komið aftur til baka. Þá fengu enska og sænska sambandið reyndar ávitur en hvað er það? FIFA hefur

verið beðið um rökstuðning fyrir þessari túlkun en það berst bara ekkert svar frá alþjóðasambandinu,“ sagði Stefán.

Skagamenn og sænska knattspyrnusambandið eru mjög ósatt við að KSÍ hafi farið með málið beint til FIFA í stað þess að afgreiða málið beint á milli sambanda.

„Við vonum eftir því að KSÍ og sænska sambandið leystu málið sín á milli en KSÍ fór til FIFA þar sem menn eru fæddir til þess að búa til vandamál. Í tilfelli Larssons voru það bara samböndin sem komu sér saman um að leysa málið á sinn hátt. Það voru algjör mistök hjá KSÍ að fara með málið til FIFA og við erum mjög fúlur. Í versta falli hefðu samböndin fengið ávitur sem er bara gult spjald. Svo er annað að ef það er glufa til að gera þetta í lögunum, af hverju er FIFA þá ekki búið að breyta reglum?“ sagði Stefán ósáttur en hann segir Svíana ekki hafa gefist upp. Leysist málið síðan á næstu dögum mun hann fara aftur utan og spila með Norrköping út mánuðinn.



PÁLL AXEL VILBERGSSON Hefur ekki fundið sig gegn Snæfelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Grindavík gegn Snæfelli: Snæfellsgrýla hjá Grindavík

KÖRFUBOLTI Grindavík tekur á móti Snæfelli í kvöld í fyrsta leik undanúrslitaevngis liðanna í Iceland Express-deild karla. Snæfellsliðið er örugglega ekki óskamótherji fyrir Grindavík því það er annað tveggja liða sem Grindavík hefur ekki náð að vinna í vetur en hitt er lið Njarðvíkur. Auk þess gekk Hólmurum vel að stöðva fyrirliða Grindavíkur, Pál Axel Vilbergsson, sem hefur átt frábært tímabil. Páll Axel var með lægsta framlagið á móti Snæfelli í vetur af öllum tólf liðum deildarinnar en gegn Snæfelli skilaði hann „bara“ 11,5 framlagsstigum í leik.

Páll Axel skoraði 15,0 stig í leik (23,2 gegn hinum 11), hitt úr 37,9 prósent skota sinna (49,4 prósent) og 31,6 prósent þriggja stiga skota sinna (42,5 prósent) í tveimur tapleikjum á móti Snæfelli.

Nú er að sjá hvort Páll Axel verði búinn að finna leiðir fram hjá Snæfellsvörninni en leikurinn hefst klukkan 20.00 í kvöld í Röstinni í Grindavík. - óbj

Kári Steinn Karlsson: Sló 32 ára gamalt Íslandsmet

FRJÁLSAR Blikinn Kári Steinn Karlsson sló um helgina 32 ára gamalt Íslandsmet Sigfúsar Jónssonar úr ÍR í 10 þúsund metra hlaupi.

Gamla metið var 30:10,0 mínútur en Kári Steinn hljóp á 29:28,05 mínútum en metið setti hann á frjálssípróttamóti sem fram fór í Kaliforníu í Bandaríkjunum. - hbj



Sleppi yfirlýsingum í bili

Hinn yfirlýsingaglaði ÍR-ingur, Hreggviður Magnússon, dró úr yfirlýsingagleðinni í gær þó svo ÍR hefði lagt Keflavík í æsispennandi og framlengdum leik í Sláturhúsinu í Keflavík. Hreggviður segir ÍR geta unnið hvaða lið sem er.

KÖRFUBOLTI ÍR kom sér í þægilega stöðu er liðið sigraði Keflavík á útivelli í kvöld 87-92 í framlengdum æsispennandi leik í undanúrslitum Iceland Express deildar karla í kvöld.

Þegar aðeins þrjár mínútur voru liðnar af leiknum þurfti Keflavík að taka leikhlé því staðan var orðin 2-10 fyrir ÍR. Leikhlutinn jafnaðist svo og leiddi Keflavík eftir þann fyrsta, 18-16. Keflavík komst svo fljótlega í 28-18 en ÍR-ingar jöfnuðu leikinn 28-28 þegar annar leikhluti var rúmlega hálfnaður. Breiðhytlingar létu ekki þar við sitja heldur leiddu í hálfleik 38-42 eftir virkilega skemmtilegan fyrri hálfleik.

Þriðji leikhluti hófst einnig með látum og skiptust liðin á að setja niður hvert þriggja stiga skotið á fætur öðru. ÍR-ingar voru ekkert á því að leyfa heimamönnum og stjórna hraðanum og áttu svör við flestum aðgerðum heimamanna. Liðin voru að berjast fyrir hverjum einasta bolta og ekkert var gefið en þegar þrjú leikhlutar voru að baki leiddi ÍR áfram og með tveim stigum, 61-63.

Keflavík var ekki lengi að jafna leikinn í lokaleikhlutunum og svo komast yfir í 73-69 þegar fimm mínútur voru eftir af leiknum. Hafi spennan verið mikil fram að þessum tíma þá var hún geðbiluð á þessum lokamínútum. Þegar tvær mínútur voru eftir af leiknum var staðan 77-73 fyrir Keflavík og ÍR-

KEFLAVÍK-ÍR 87-92

Stig Keflavíkur: Bobby Walker 25 (7 stoðs.), Arnar Freyr Jónsson 18, Anthony Susnjara 14 (12 frák.), Magnús Gunnarsson 9, Tommy Johnson 8, Jón Nordal Hafsteinnsson 6, Sigurður Þorsteinsson 4, Gunnar Einarsson 3. **Stig ÍR:** Tahirou Sani 19 (8 frák.), Nate Brown 17 (11 frák.), Hreggviður Magnússon 15 (8 frák.), Sveinbjörn Claessen 11, Ómar Sævarsson 10, Eiríkur Önundarson 9, Steinar Arason 9, Ólafur Jón Sigurðsson 2.



SIGURREIFUR Ómar Sævarsson og félagar hans í ÍR fögnuðu fræknum sigri á Keflavík í Sláturhúsinu í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

ingar alls ekki búnir að játa sig sigraða, eiginlega mjög langt frá því. Þegar aðeins 8 sekúndur voru eftir af leiknum var staðan 78-76 fyrir Keflavík og átti ÍR innkast við miðlínuna. Nate Brown gerði sér lítið fyrir og setti niður körfu um leið og lokaflautið gall og tryggði ÍR framlengingu.

Það var boðið upp á sömu dramatikuna og í venjulegum leiktíma í framlengingunni. Keflavík byrjaði aðeins betur en ÍR tók við keflinu þegar ein og hálf mínúta var eftir af framlengingunni og leiddi 83-85.

Þegar þrjátíu sekúndur voru eftir af framlengingunni var staðan 85-87 fyrir ÍR og voru gestirnir

einnig með boltann. Keflavík náði ekki að komast nær ÍR-ingum og sigruðu gestirnir, lönduðu frábærum sigri, 87-92.

Hreggviður Magnússon leikmaður ÍR var að vonum kátur eftir leik en passaði sig á yfirlýsingunum í þetta sinn.

„Maður er auðvitað virkilega sáttur með þennan sigur en hann kom mér í raun ekkert á óvart. Við erum bara með hörkulið sem getur unnið hvaða andstæðing sem er og við hræðumst engan. En staðan er bara 1-0 þannig að ég sleppi yfirlýsingunum í bili,“ sagði Hreggviður kampakátur í leikslok.

Ekkert fékkst viðtal við leikmenn Keflavíkur. - höp



HJÖRTUR HINRIKSSON Spilar með FH á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hjörtur Hinriksson: Aftur í heimahagana

HANDBOLTI Hægri hornamaðurinn Hjörtur Hinriksson yfirgefur herbúðir Fram í sumar og heldur í heimahagana til FH.

Hjörtur er uppallinn FH-ingur sem gekk í raðir Fram fyrir tveimur árum. FH vann 1. deildina með miklum yfirburðum í vetur og þetta gamla handbolta-stórveldi ætlað að festa sig í sessi meðal þeirra bestu næsta vetur. - hbj

Sænski handboltinn: GUIF úr leik

HANDBOLTI Ótrúlegu tímabili GUIF lauk í gær þegar meistarar Hammarby slógu liðið út úr úrslitakeppninni með eins marks sigri í oddaleik.

Hammarby leiddi 17-11 í hálfleik en GUIF jafnaði 18-18 og var leikurinn æsispennandi allt til enda. GUIF fékk færi á að jafna leikinn í lokin en síðasta skotið var varið.

Kristján Andrésón hefur náð ótrúlegum árangri með GUIF og var á dögnum kosinn þjálfari ársins í sænsku deildinni. Liðið er skipað kornungum leikmönnum og enginn átti von á þessum árangri. Með liðinu leikur yngri bróðir Kristjáns, Haukur, en hann lék vel í gær og skoraði fjögur mörk. - hbj

Erla Dögg Haraldsdóttir stal senunni á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug og tryggði sér ferð til Peking:

Grét af gleði þegar ég náði Ólympíulágmarkinu

ÞUND Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB fór hreint á kostum í Laugarlaugslauginni um helgina á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug. Hún setti fjögur Íslandsmet og náði tveimur Ólympíulágmarkum.

„Ég er verulega ánægð og get ekki neitað því að árangurinn er framar vonum,“ sagði Erla Dögg við Fréttablaðið.

„Ég hafði stefnt á að ná Ólympíulágmarki í 200 metra fjórsundi en daginn á undan náði ég lágmarkinu í 100 metra bringusundi. Það var mjög óvænt og ég trúði varla hvað hefði gerst. Hugsaði bara: „Ég er kominn til Peking, hvað á ég eiginlega að gera í fjórsundinu,“ sagði Erla Dögg hlæjandi en



ÓLYMPIUFARI Erla Dögg Haraldsdóttir var eðlilega mjög kát með að hafa náð Ólympíulágmarkum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hún keppti í fimm greinum og setti Íslandsmet í fjórum þeirra.

Hún segir að tilfinningarnar hafi borið sig yfirliði er hún áttaði sig á því að hún væri á leið til Peking í sumar. „Tilfinningin var rosalega góð og ég hreinlega grét af gleði og brosti allan hringinn,“ sagði Erla Dögg sem fer í það fljótlega að setja upp æfingaáætlun fyrir Ólympíuleikana.

„Við þurfum að skoða hvaða mót ég eigi að fara á úti enda engin mót hér heima. Ég verð líka að keppa við stelpur sem synda á svipuðum hraða og ég,“ sagði Erla Dögg sem er að útskrifast úr skóla í maí. „Það er allt æðislegt þessa dagana. - hbj



Við stöndum upp úr

Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir
og 90% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.



Allt sem þú þarft...

...alla daga

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

EVERTON - DERBY COUNTY	1-0
1-0 Leon Osman (56.).	
MIDDLESBROUGH - MAN. UNITED	2-2
0-1 Cristiano Ronaldo (10.), 1-1 Alfonso Alves (35.), 2-1 A. Alves (56.), 2-2 Wayne Rooney (74.).	
STADA EFSTU LIÐA:	
Man. United	33 24 5 4 70-17 77
Chelsea	33 22 8 3 58-23 74
Arsenal	33 20 11 2 63-27 71
Liverpool	33 17 12 4 57-25 63
Everton	33 18 6 9 49-27 60
Portsmouth	32 15 8 9 46-33 53

Enski bikarinn:

Cardiff-Barnsley 1-0
1-0 Joe Ledley (9.)

Meistaradeildin í handb.:

Ciudad Real-Hamburg 34-27 (18-14)
Ólafur Stefánsson skoraði 9/6 mörk fyrir Ciudad í leiknum.

Kiel-Barcelona 41-31 (20-15)



ÓLAFUR STEFÁNSSON Spilaði vel gegn Hamburg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meistaradeildin í handbolta:

Sigrar hjá Kiel og Ciudad Real

HANDBOLTI Fyrri leiknir í undanúrslitum Meistaradeildarinnar fóru fram í gær. Ciudad Real lagði þýska liðið Hamburg, 34-27, á Spáni og Kiel flengdi Barcelona í Þýskalandi, 41-31.

Ólafur Stefánsson og félagar áttu í miklum vandræðum með að hrista Hamburg af sér allan leikinn og ljóst að það verður barátta að verja sjö marka forskotið. Ólafur spilaði mjög vel í leiknum og var öryggið uppmál- að á vitalinum.

Leikur Kiel og Barcelona var hreint út sagt stórkostleg skemmtun. 72 mörk á 60 mínútum segja sína sögu. Kiel náði mest 13 markum forystu en mörkin 10 ættu að duga liðinu í úrslitum. - hbg

NBA-deildin:

Boston tryggði heimavallarrétt

NBA Ótrúlegt gengi Boston Celtics hélt áfram um helgina þegar liðið þakkaði Charlotte Bobcats saman, 101-78, og það án stórstjarna sinna. Um leið tryggði Boston sér heimavallarrétt úr úrslitakeppnina.

Viðsnúningur Boston á milli tímabila er lyginni líkastur og sá mesti í sögu NBA-deildarinnar. Árangur Boston í vetur er núna 61-15 en Celtics lauk tímabilinu 24-58 í fyrra. Liðið er því nú þegar búið að vinna 37 fleiri leiki á þessari leiktíð.

Metið í mesta viðsnúningi á milli tímabila var í eigu Spurs sem fór úr 20-62 í 56-26 leiktíðina 1997-98. Það var árið sem Tim Duncan kom til liðsins úr háskólavallinu. - hbg

Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.

Bleksprautuprentarar, límíðaprentarar, miðaalímingarvélar, filmuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar. Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Íslandsmeistaramótið í badminton:

Ragna og Helgi urðu tvöfaldir meistarar

BADMINTON Ragna Ingólfssdóttir og Helgi Jóhannesson urðu Íslandsmeistarar í gær eftir snarpa úrslitaleiki í TBR-húsunum. Ragna var að vinna sinn sjötta Íslandsmeistaratitil en Helgi sinn þriðja.

Ragna lagði Söru Jónsdóttur í tveimur lotum í úrslitunum. Fyrri lotuna vann Ragna örugglega, 21-12, en Sara veitti Rögnu harða keppni í annarri lotunni sem endaði með sigri Rögnu, 22-20. Ragna því meistari sjötta árið í röð.

Það var meiri spennan í úrslitarrímmunni hjá körlunum þar sem

Helgi Jóhannesson lagði Magnús Inga Helgason. Helgi vann fyrstu lotuna, 21-19, en Magnús Ingi jafnaði metin í annarri lotu með öruggum sigri, 21-13. Oddalotan var spennandi en þar hafði Helgi betur, 21-18.

Helgi og Magnús Ingi urðu síðan meistarar í tvíliðaleik þar sem þeir unnu gömlu brýnin Brodda Kristjánsson og Þorstein Pál Hægsson. Ragna og Katrín Atladóttir unnu tvíliðaleik kvenna þar sem þær mættu Söru Jónsdóttur og Tinnu Helgadóttur. - hbg



ÓVENJULEGUR SIGURKOSS Ragna fagnaði sigrinum í gær á óvenjulegan hátt er hún smeltti kossi á hnéð sem hefur angrað hana svo lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Chelsea nálgast United

Forysta Man. Utd. á toppi ensku úrvalsdeildarinnar er aðeins þrjú stig eftir að United varð að sætta sig við jafntefli, 2-2, á útivelli gegn Middlesbrough. United missti Rio Ferdinand meiddan af velli og óvissa er um þátttöku hans gegn Roma.

FÓTBOLTI Spennan heldur áfram að magnast á toppi ensku úrvalsdeildarinnar forysta Man. Utd. er þrjú stig eftir leiki helgarinnar. United sótti Middlesbrough heim á Riverside í gær og varð að sætta sig við jafntefli, 2-2, í skrautlegum leik.

Cristiano Ronaldo kom United yfir snemma í leiknum en Boro neitaði að gefast upp og Afonso Alves skoraði í tvígang. Wayne Rooney jafnaði fyrir United. Lokamínútur leiksins voru æsilegar þar sem United pressaði stíft og Boro náði stórhættulegum skyndisóknum. Inn vildi boltinn ekki og því sættust liðin á skiptan hlut.

„Við hefðum vissulega getað tapað þessum leik. Boro fékk færi og varnarleikurinn hjá okkur var mjög tæpur á köflum. Á móti hefðum við vel getað unnið leikinn líka því við spiludum stórkostlegan fótbolta á stundum. Við litum vel út í stöðunni 1-0 og Rooney var óheppinn að vera dæmdur rangstæður þegar hann var það klárlega ekki,“ sagði Sir Alex Ferguson.



ÖSKRÁÐ Stjórnarnir Ferguson og Southgate tóku vel á því á hliðarlínunni og skiptust einnig á skotum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



HART BARIST Aðstæður á Riverside voru skrautlegar en það hindraði liðin ekki í því að spila frábæran fótbolta. Wayne Rooney sést hér í loftköstum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

son, stjóri Man. Utd.

„Þeir fóru í 4-4-2, komust yfir og í kjölfarið var boðið upp á stórkostlegan knattspyrnuleik. Bæði lið sóttu af krafti og eiga mikið hrós skilið fyrir að spila þetta góðan fótbolta á þessum árstíma. Þetta var hreint út sagt stórkostlegur knattspyrnuleikur á að horfa. Þó svo að forystan hafi minnkað leggjum við ekkert árar í bát. Þetta lið hefur sýnt sterkan karakter á erfiðum stundum. Við sendum stanslaust út skýr skilaboð þess efnis að við berjumst í hverja einustu mínútu af hverjum leik. Hver veit nema þetta stig skipti öllu máli þegar upp er staðið.“

Man. Utd. varð fyrir miklu áfalli þegar Rio Ferdinand haltraði af velli. Óvíst er hvort hann geti leikið gegn Roma í vikunni en eins og menn muna meiddist Nemanja Vidic í fyrri leiknum og því um gríðarlegt áfall að ræða fyrir United. Ekki sist í ljósi þess að um næstu helgi mætir liðið Arsenal og svo biður Chelsea 26. apríl.

„Vonandi eru meidli Rios ekki alvarleg en hann var haltrandi of lengi inni á vellinum. Það var hættulegur leikur af okkar hálfu,“ sagði Ferguson. Gerard Pique leysti Rio af hólmi og stóð sig vel.

„Strákurinn stóð sig hreint frábæra og hjálpaði okkur mikið,“ sagði Ferguson. henry@frettabladid.is



TILFINNINGAR Það féllu gleði- og sorgartár eftir leikinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enski bikarinn:

Cardiff lagði Barnsley

FÓTBOLTI Það verða Cardiff og Portsmouth sem mætast í úrslitum ensku bikarkeppninnar 17. maí næstkomandi. Það varð ljóst í gær þegar Cardiff lagði Barnsley í seinni undanúrslitaleiknum á Wembley. Joe Ledley skoraði eina mark leiksins á 9. mínútu með glæsilegu skoti í teignum.

„Þetta eru stórkostleg tíðindi fyrir Cardiff. Þetta er búið að vera frábært tímabil og við munum mæta fullri sjálfstrausti í úrslitaleikinn sem við ætlum að vinna,“ sagði Ledley eftir leikinn.

„Ég tel að við höfum átt skilið að vinna. Við vörðumst vel og vorum þéttir fyrir. Hvað varðar markið þá var þetta erfiður bolti að taka en ég lét vaða og heppnin var með mér í þetta skiptið,“ sagði Ledley.

Niðurstaðan hlýtur að vera grátleg fyrir Barnsley sem var búið að ryðja bæði Chelsea og Liverpool úr vegi sínum á leið í undanúrslitum.

„Við fengum 80 mínútur til þess að koma okkur aftur inn í leikinn en það átti greinilega ekki að gerast. Við erum engu að síður gríðarlega stoltir af árangri okkar í þessari keppni,“ sagði Simon Davey, stjóri Barnsley, eftir leikinn í gær. - hbg

Felipe Massa vann kappaksturinn í Barein:

Dagur Ferrari-liðsins

FORMÚLA 1 Fjörið hélt áfram í Formúlunni í gær þegar Felipe Massa vann kappaksturinn í Barein. Þar með hefur mismunandi ökumaður unnið hvert mót og tímabilið stefnir í að verða opið og skemmtilegt.

Það voru liðsmenn Ferrari sem opnuðu flestar kampavinsflöskur enda varð Kimi Raikkonen annar og hann er því kominn á topp stigalista ökumanna en Lewis Hamilton varð að sætta sig við 13. sætið í gær. Hann lenti í árekstri við sinn gamla liðsfélag, Fernando Alonso, og það atvik mun eflaust ekki bæta kalt samband á milli þeirra.

Pólverjinn Robert Kubica varð þriðji og félagi hans hjá BMW,

Nick Heidfeld, fjórði. Kovalainen á McLaren kom fimmti í mark og Toyota-ökumaðurinn Jarno Trulli varð sjötti.

„Síðustu tvær vikur hafa ekki verið auðveldar en svona er lífið stundum,“ sagði Massa eftir kappaksturinn en hann var gagnrýndur harðlega fyrir að missa stjórn á bíl sínum í Malasíu.

„Þetta var hvorki í fyrsta né síðasta skiptið sem maður lendir í gagnrýni. Ég átti tvo vonda daga í fyrri keppnunum tveimur en ég vissi alltaf að við værum með hraðskreiðan bíl. Ég elska þessa braut hér enda annar sigur minn hér í röð,“ sagði Massa.

- hbg



KÁTUR Felipe Massa kann vel við sig í Barein og hann fagnaði grimmt eftir sigurinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

SPORT



Á MORGUN KL. 18:30

LIVERPOOL EÐA ARSENAL?

MEISTARAEILDIN – 8 LIÐA ÚRSLIT



Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30
LIVERPOOL – ARSENAL **SPORT**

Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30
CHELSEA – FENERBAHÇE **SPORT³**

Á ÞRIÐJUDAG KL. 20:40
MEISTARAMÖRK **SPORT**
– Allt það helsta úr leikjum kvöldsins

Á MIÐVIKUDAG KL. 18:30
MAN. UTD. – ROMA **SPORT**

Á MIÐVIKUDAG KL. 18:30
BARCELONA – SCHALKE **SPORT³**

Á MIÐVIKUDAG KL. 20:40
MEISTARAMÖRK **SPORT**
– Allt það helsta úr leikjum kvöldsins

> Chad Michael Murray

„Treystið mér, menntaskól-
anum lýkur. Þú útskrifast
og kemst í burtu frá öllu
þessu fólki sem þig langar
aldrei að sjá aftur, og það
er bara allt í lagi,“ sagði
unglingastjarnan Chad
Michael Murray í einu
viðtalinu. Hann leikur í
menntaskóladrámanu One
Tree Hill sem Skjár einn sýnir
í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON BER Í BAKKAFULLAN LÆKINN

Maður fer ekki úr rúmi í rúm

Klisja. Ófrumleg efnistöð. Þessi orð rifjuðust upp fyrir mér fyrir stuttu síðan þegar ég rakst á bókmenntafræðing sem ég eyddi nótt með einu sinni. Hún var eldri en ég og sá sig knúna til að greina frammistöðu mína í smáatriðum. Hún beitti orðfæri sem faglegur bakgrunnur hennar gaf ástæðu til enda var hún sjálfsagt að reyna að særa mig ekki. Það breytir því þó ekki að síðan hef ég haft netta andstyggð á því að ræða við fólk um bíómyndir og sjónvarpsþætti af þeirri einföldu ástæðu hversu oft þessi orð eru notuð. Svo oft að það er orðin klisja.

Þátturinn Mannaveiðar, sem nú vindur fram á skjánum, er vel gerður og skemmtilegur að mínu mati þó flestir sem ég ræði þetta við vilji nota orðfæri bókmenntafræðingsins miskunnarlausa um þessa ágætu sögu. En hvernig í andskotinum á að segja sakamála-sögu án þess að falla í þessa gildru? Það er ekki eins og þetta sé fyrsta þáttaröðin af sinni tegund. Löggumar eru vissulega öfgafullar



erkitýpur sakamálasagna. Annar gæti étið minna og hinn þyrfti ekki að fá kuldaðroll yfir eigin nafn, ég viðurkenni það. Meinafræðingurinn þarf ekki að vera eitthvað skrifinn og gæti reykt aðeins minna yfir sundurskotnum fórnarlömbum raðm-orðingjans, ég get verið sammála því. En samt.

„Maður fer ekki úr rúmi í rúm“, útskýrði maður á Berufjarðarströnd sem ég þekki og hefur sfofið í feringarbeddanum sínum í fimm tíu ár. Hann étur bútung með fiskispaða í hvert mál, beint úr pottinum. Verkar besta hákarl í heimi. Er skytta góð og rammur að afli. Sápa er honum framandi fyrirbæri og hann sker hár sitt með vasahníf. Hann hefur aldrei tapað hryggspennu eða krók.

Þeir sem hyggja á skrifur og eru að leita að fyrirmyndum fyrir söguhetjur sínar ættu að hafa það hugfast að litríkar týpur eru allt í kringum okkur. Þær eru krydd í tilveruna. Eins og góð morðsaga er nær undantekningarlaust.

EKKI MISSA AF



► **17.45 Ensku mörkin**
STÖÐ 2 SPORT 2



► **20.00 Home of Sand and Fog**
STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.20 Jörðin og náttúruöflin**
SJÓNVARPIÐ



► **21.45 Crossing Jordan** STÖÐ 2



► **21.50 c.s.i.** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Hanna Montana (25:26)
17.53 Skritin og skemmtileg dýr
18.00 Gurra grís
18.06 Lítil prinsessa
18.17 Herramenn (2:52)
18.30 Út og suður
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

► **20.20 Jörðin og náttúruöflin** (5:5) Breskur heimildamyndaflokkur. Í þessum þætti er fjallað um stöðu jarðarinnar í geimnum. Hún hefur verið 4.500 milljónir ára að breytast úr lífvana berghnetti í þá einstöku plánetu sem hún er nú.

21.10 Glæpahneigð (45:45) (Criminal Minds)
22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið Í þættinum verður farið yfir viðburði helgarinnar í íþróttahiminum, innlenda sem erlenda.

22.45 Hvarf (6:8) (Cape Wrath) Breskur spennuflokkur með úrvaleikurum. Fjölskylda flýst í smábæ undir fölsku nafni en það getur verið erfitt að flýja fortíðina. Aðalhlutverk leika David Morrissey, Lucy Cohu, Harry Treadaway og Felicity Jones. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.40 Spaugstofan
00.05 Kastljós
00.45 Dagskrárlök

BÍÓ

06.00 House of Sand and Fog
08.05 Clifford's Really Big Movie
10.00 Monsieur N
12.05 Hackers
14.00 Clifford's Really Big Movie
16.00 Monsieur N
18.05 Hackers

► **20.00 House of Sand and Fog** Ameríski draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd.

22.05 Devil' Pond
00.00 Constantine
02.00 Sweeney Todd
04.00 Devil' Pond

STÖÐ 2

07.00 Camp Lazlo
07.25 Ofurhundurinn Kryptó
07.50 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.50 Í finu formi
09.05 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella

10.35 Extreme Makeover. HE (12:32)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours (Nágrannar)
13.10 Numbers (9:24)
13.55 Shattered Glass (Glerbrot)
15.30 It's Always Sunny in Philadelphia (5:7)

15.55 Háheimar
16.18 Litlu Tommi og Jenni
16.43 Beyblade
17.08 Tracey McBean
17.23 Funky Walley
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours (Nágrannar)
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag og íþróttir
19.30 The Simpsons (14:22)
19.55 Friends (3:24) (Vinir 7)
20.20 American Idol (26:42) Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjómuna en fram að þessu hafa sigurveggar keppinnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna.

21.05 American Idol (27:42)
► **21.45 Crossing Jordan** (16:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavanaugh og féлага hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiðda Las Vegas. 2006. Bönnuð börnum.
22.30 Man Stroke Woman (5:6)
23.00 Women vs. Men
00.30 Shark (4:16)
01.15 Radioland Murders (e)
03.00 Shattered Glass
04.35 Thief (1:6)
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SPORT

besta sætið

07.00 Spænski boltinn (Sevilla-Villarreal)
14.00 FA Cup 2008 (Barnsley - Cardiff)
15.40 PGA Tour 2008 Útsending frá Shell Houson mótinu sem fram fór í Texas.

18.40 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málín. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.

19.20 Ensku bikarmörkin Öll mörkin úr síðustu umferð ensku bikarkeppinnar.
19.50 Iceland Expressdeildin 2008 (Grindavík - Snæfell) Bein útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express deildarinnar í körfuknattleik.

21.35 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

22.15 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

23.00 Inside Sport (Arsene Wenger / AP McCoy)
23.30 World Supercross GP (Rogers Centre, Toronto, Canada)

00.25 Iceland Expressdeildin 2008 (Grindavík - Snæfell)

SPORT 2

enski boltinn

16.05 Blackburn - Tottenham (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Blackburn og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

► **17.45 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

18.50 Stoke - Crystal Palace Bein útsending frá leik Stoke og Crystal Palace í ensku 1. deildinni.

21.00 Ensku mörkin
22.00 Coca Cola-mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.30 Arsenal - Liverpool (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

00.10 Middlesbrough - Man Utd. Útsending frá leik Middlesbrough og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.20 Vörutorg
17.20 All of Us Fjölmíðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eigin konu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrverandi.

17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.30 Jay Leno (e)
19.15 Svalbarði (e)

20.10 One Tree Hill (9:18) Bandarísk unglingsgera þar sem hómur, dramatik og bullandi rómantik fara saman. Það er komið að fyrsta leik tímabilsins hjá körfuboltaliðinu en Haley, Brooke, Payton, Lindsey og Mia lokast óvart inni á bókasafni skólans. Peyton og Lindsey lendir saman, Brooke reynir að verja móður sína og Mia á erfitt með að höndla frægðina. Lucas og Nathan vita ekki hvort þeir eiga að segja sínum nánustu frá hlífðarsporum sínum.

21.00 Jericho (2:7) Bandarísk þáttaröð um íbúa í bandarískum smábæ sem einangraðist frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir. Forseti Cheney-riksstjórnarinnar er væntanlegur til Jericho á sama tíma og Hawkins reynir að fletta ofan af leyndarmálum nýju ríkisstjórnarinnar.

21.50 C.S.I. (6:17) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar Las Vegas-borgar. Grissom og félagar hans í rannsóknardeildinni fá aðstoð frá sersveit alríkislögreglunnar við rannsókn á morði á ungum dreng. Talið er að honum hafi verið rænt í New York sex árum áður. Aðalsöguhetjan úr þáttaröðinni Without a Trace, Jack Malone (Anthony LaPaglia), spilar stórt hlutverk í þættinum.

22.40 Jay Leno
23.25 Dexter (e)

00.15 C.S.I.
01.05 Vörutorg
02.05 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS
12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA
Dagskrá allan sólarhringinn.

Átt þú rétt á slysabótum?

Það er ekkert gott við það að verða fyrir slysi. Því geta m.a. fylgt þjáningar, tekjutap og ýmiss kostnaður. Þá eru því miður margir illa upplýstir um bótarétt vegna afleiðinga slysa enda þótt flestir séu vel tryggðir. Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fái endurgreiddan sjúkrakostnað, fái greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiðir, jafnvel þó þú hafir verið í órétti? Ef þú hefur lent í slysi, t.d. umferðarslysi eða vinnuslysi, er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband við okkur og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

Sársauki er ekki eðlilegt ástand

TORT

NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími 511 5008
www.tort.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

American Idol

Spennan magnast í American Idol og nú standa níu keppendur eftir sem berjast um að verða næsta poppstjarna Bandaríkjanna. Keppendurnir leggja allt undir til þess að vinna atkvæði landa sinna og halda sér inni í keppninni í viku til viðbótar. Hver þeirra hrifur mest dómara og hver kiknar undan pressunni?



▶ VIÐ MÆLUM MED

Grindavík - Snæfell

Stöð 2 Sport kl. 19.50

Undanúrslitin eru hafin. Úrslitakeppnin hefur verið gríðarlega spennandi til þessa og strax hafa mörg vægast sagt óvænt úrslit litið dagsins ljós. Snæfell er nú þegar búinn að slá út eitt Reykjanesstórveldi en verður Grindavík það næsta?



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfreginir	16.10 Veðurfreginir
06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfreginir	18.50 Dánarfreginir og auglýsingar
10.13 Stefnumót	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Stjörnukíkir
12.20 Hádegisfréttir	21.20 Kvika
12.45 Veðurfreginir	22.07 Veðurfreginir
12.50 Dánarfreginir og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vítt og breitt	22.15 Áfsprengi
14.03 Bak við stjórnurnar	23.10 Lárétt eða lóðrétt
15.03 Útvarpsagan: Sjosja	00.07 Næturtónar
15.30 Dr. RÚV	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Falcon Beach

17.45 Wildfire (3:13)

18.30 The Class (1:19) The Class er bráðskemmtilegur nýr gamanþáttur úr smíðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Falcon Beach

20.45 Wildfire (3:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.

21.30 The Class (1:19)

22.00 Pushing Daisies (8:9)

22.45 Cold Case (11:23)

23.30 Big Shots (5:11)

00.15 Curb Your Enthusiasm (1:10)

00.50 American Dad (6:23)

01.15 Comedy Inc. (9:22)

01.40 Kenny vs. Spenny 2 (1:13)

02.10 Sjáðu

02.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

kl.20.00 MÉR FINNST... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Kvenréttindi, stelsýki, kertaljós og kynferðisofbeldi eru meðal umræðuefna þáttarinnar. Gestir eru Kolbrún Bergþórsdóttir og Björk Jakobsdóttir ásamt leynigesti.

kl. 21.00 Mæður og dætur Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér sambandi mæðgna ásamt gestum sínum.

kl. 21.30 Jón Kristinn Umsjónarmaður er Jón Kristinn Snæholm. Hann ræðir við gest sinn um málefni liðandi stundar.

Dagsskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.50 AftenshowetExtern 11.20 OBS 11.25 Saras kekken 11.50 Diagnose søges 12.20 Og det var Danmark. 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 Family Guy 14.15 Skum TV 14.30 Den lysende Panter 14.35 Naruto 15.00 Trolspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Tigerdyret og Plys 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med vejret 17.30 Supernabo 18.00 Vores planet 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommissær Clare Blake 21.15 Truslen fra dybet 21.55 OBS 22.00 Seinfeld 22.25 Smagsdommerne

NRK1

7.30 Norge rundt 7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Balkongen 10.40 Grosvold 11.25 Åpen himmel: Hverdagsengler i Afrika 11.55 Med hjertet på rette staden 12.40 Urter 13.00 Newton 13.30 Kim Possible 13.55 Frokost til middag 14.05 H2O 14.30 Supermusikk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mine venner Tigergutt og Brumm 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Faktor: Karis lukkelge val 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Gynekologen i Askim 20.30 Store Studio 21.00 Kveldsnytt 21.15 Columbo 22.50 Nytt på nytt 23.20 Kulturmytt 23.30 Sport Jukeboks 1.00 Country jukeboks

SVT 1

7.30 I love språk 8.30 Världen 10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspegeln 12.00 Landstormens lilla argbigga 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Krokmax 16.00 Bolibompa 16.10 Valpen Kasper 16.15 Rom Racerbil 16.30 Allt om djur 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Andra Avenyn 18.30 Häxans 19.15 Med vänlig hälsning 19.30 Kobra 20.00 Kärnkraftens återkomst 20.55 Rapport 21.05 Kulturmytterna 21.20 Glasöklart 22.20 Brottskod: Försvunnen 23.05 Sändningar från SVT24

Nicotinell®



Nikótín tyggigúmmí Til að hætta eða draga úr reykingum

- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmí
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
 - mintu, ávaxta, lakkrís og Classic
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust



Ánægja eða endurgreiðsla!

Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmí. Ef lyfið uppfyllir ekki væntingar þínar, getur þú fengið það endurgreitt.

Hægt er að nálgast skilamiða í öllum apótekum sem inniheldur frekari upplýsingar.



Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaröreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Böm undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á bjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðs-leyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það er einfalt að svara því, það er Bylgjan. Hún rúllar héra allan daginn.“

Auður Þórisdóttir, klæðskeri í Saumsprettunni.

Dagur Kári fær franska stjórn

Franska leikkonan Isild Le Besco hefur verið ráðin í hlutverk í kvikmynd Dags Kára, The Goodheart. Leikstjórinn var að vonum ánægður með að hafa landað Le Besco sem vafalítið á eftir að hafa góð áhrif á gengi kvikmyndarinnar í heimalandi hennar. Fjölbjóðlegur her leikara kemur því að gerð The Goodheart en auk Le Besco verða breski leikarinn Brian Cox og bandaríska ungstirnið Paul Dano í helstu hlutverkum. „Sögu-



SÁTTUR Dagur Kári stýrir fjölbjóðlegu liði leikara í nýjstu kvikmynd sinni, The Goodheart.

sviðið er náttúrulega New York þar sem ægir saman fólki af öllu þjóðerni,“ segir Dagur Kári en búið er að ákveða að hefja tökum þann 29. apríl, sama hvað gerist. Þær fara fram bæði í New York og Reykjavík en ekki liggur fyrir á hvorum staðnum verði byrjað.

Le Besco er risandi stjarna í franska kvikmyndaheiminum og hefur meðal annars tvegis verið tilnefnd til hinna virtu Cesarverðlauna sem efnilegasta leikkona Frakka. Hún var útnefnd besta unga leikkona á Feneyjahátíðinni fyrir tveimur árum fyrir frammistöðu sína í L'Intouchable. - fgg

RÍSANDI LEIKKONA Isild Le Besco er risandi stjarna í Frakklandi og hefur tvegis verið tilnefnd sem besta unga leikkona Frakka.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. hróss 6. guð 8. klettasprungu 9. árkvíslir 11. tímabil 12. helber 14. sanku 16. pot 17. fum 18. hélt á brott 20. eldsneyti 21. þjappaði.

LÓÐRÉTT

1. þrákellni 3. líka 4. lögtak 5. áverki 7. heilmikill 10. síða 13. bókstafur 15. frumeind 16. einatt 19. kyrð.

LAUSN

atóm, 16. oft, 19. ró.
5. sár, 7. allstór, 10. aga, 13. eff, 15. LÖBRÉTT: 1. þrá, 3. og, 4. fjáram, 11. ár, 12. alger, 14. safna, 16. of, 17. fát, 18. fór, 20. mó, 21. tróð.
LÁRÉTT: 2. lofs, 6. ra, 8. gjá, 9. ála.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Paul Simon
- 2 Í Hlíðarfjalli
- 3 Til Flórens

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“



PÉTUR ÞÓR Með merkan sýslumannshamar í hönd en hann gengst að nýju fyrir málverkaupboði eftir hremmingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

UPPBOÐ: MAGNAÐUR MUGGUR Á MÁLVERKAUPBOÐI

Pétur Þór slær myndir á ný

„Ég er ekki svo grænn að vita ekki að einhverjir koma ekki hlaupandi á uppboð til mín,“ segir Pétur Þór Gunnarsson, eigandi Gallerís Borgar.

Sá sögulegi viðburður verður 20. apríl að Gallerí Borg mun aftur gangast fyrir málverkaupboði. Sögulegur, því Pétur Þór, sem áður hafði staðið í brú Gallerís Borgar, stóð í málarekstri í tæp níu ár í því sem kallaðist Stóra málverkafölsunarmálið – eitthvert umfangsmesta mál íslenskrar réttarfarsögu. Pétri var gefið að sök að hafa falsað eða selt vísvitandi verk sem hann vissi að væru fölsuð. Pétur er meðvitaður um að ýmsir sem tengdust málinu telji sig hafa verið hlunnfarna í viðskiptum við sig.

„Fólk situr uppi með málverk sem ákveðin aðilar hafa dæmt fölsuð en engin niðurstaða hefur fengist í því hvort svo er eða ekki. Og trúir því stöðugt að ég hafi verið að mála Kjarval og Jón Stefánsson í stórum stíl. Ef ég hefði falsað myndir fyrir hundruð

milljóna eins og sumir hafa haldið fram, sæti ég nú einmana með slæma samvisku á fjarlægri sólarströnd, drekkandi kokteila úr kókoshnetum. Ég hélt fram sakleysi mínu í átta ár og var á endanum sýknaður í Hæstarétti. Þess vegna er ég hér og get með góðri samvisku haldið áfram að gera það sem ég er næstbestur í, selja málverk,“ segir Pétur Þór.

Gallerí Borg var um árabíl einrátt á markaði eða frá 1987 til 1998. Nú er staðan sú að Gallerí Fold, þar sem Tryggvi Páll Friðriksson fer fyrir, hefur verið eitt fyrirtækja um málverkaupboð. Pétur segir pláss fyrir fleiri. „Þetta hefur snúist við. Mér finnst edlilegt að hér séu tvö uppboðshús og í raun með ölfkendum að ekkert af þeim listaverkasölum sem hafa starfað um árabíl hafi ekki fyrir löngu opnað uppboðshús. Pétur Þór ætlaði ekki að fara af stað með uppboð fyrir en í september á þessu ári, ekki eru nema fjórir mánuðir síðan hann opnaði Gallerí Borg að nýju, en úr svo mörgum

myndum er að móða að hann ákvað að gangast fyrir uppboði strax nú í þessum mánuði. Pétur Þór ætlar sjálfur að bjóða upp, á í fórum sínum gamlan sýslumannshamar, og stefnir að því að láta uppboðið ganga hratt fyrir sig eða í eina og hálf klukkustund. Hann ætlar að takmarka uppboðið við áttatíu myndir og leggur á það áherslu að þær verði allar fyrsta flokks. Og verkin sem þegar eru komin eru ekkert slor. Eftir Louisu Matthíasdóttur, Kjarval, Ásgrím, Þorvald og Svavar svo einhverjir sé nefndir. Og Mugg:

„Mögðu mynd,“ segir Pétur og má segja að hún sé ekki síður merk í listsögulegu samhengi en Hvítasunnudagur Kjarvals sem sleginn var fyrir ári í Kaupmannahöfn á rúmar 20 milljónir. „Margt er líkt með sögu þessara mynda. Þessi er máluð 1919. Báðar nánast hurfu þær í Danaveldi. Koma svo fram, önnur á uppboði hjá Bruun Rasmussen en hin hjá Gallerí Borg.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það var ræðulið Menntaskólans í Reykjavík sem bar sigur úr býtum í úrslitaviðureign Morfís á laugardagskvöld. MR sigraði MH í skemmtilegri keppni, en 52 stig skildu liðin að. MH-ingurinn Birkir Blær var valinn Ræðumaður Íslands. Magnús Þorlákur Lúðvíksson, forseti skólafélagsins Framtíðarinnar í MR, var rogginn þegar hann greindi frá úrslitunum á heimasíðu félagsins: „MR hefur því endanlega sannað yfirburði sína með því að sigra í þrem stærstu keppnum ársins: Morfís, Gettu betur og MR-ví. Þetta afrek hefur enginn skóli unnið áður og mega MR-ingar vera gífurlega stoltir.“



Umboðsmaðurinn Einar Bárðarson heyr nú lokaorustuna í baráttu sinni fyrir því að

Garðar Thor Cortes hljóti

Brit-verðlaunin í sigldri tónlist. Í tölvupósti sem Einar sendi fjölmörgum

í gær greinir hann frá því að í dag sé síðasti dagur netkosningar á slóðinni Classicalbrits.co.uk/nominations. Umboðsmaðurinn hvetur fólk til að senda póstinn áfram svo að sem flestir greiði íslenska tenórnum sitt atkvæði. Einar lætur til öryggis enskan texta fylgja með. „Til að senda gömlum pennavinum og nýjum vinum erlendis“ segir umboðsmaðurinn.

- hdm

Reddarinn reddar öllu

Eymar Gunnarsson og Silja Þorbjörnsdóttir reka saman fyrirtækið Reddarinn, sem eins og nafnið gefur til kynna sér um að redda hinu og þessu. Þau eru þúsundþjalasmiðir og ekkert verk er of lítið fyrir þau. Samkvæmt heimasíðunni geta þau meðal annars gert við bílinn, lagt parkett, skipt um ljósaperu, stússast, komið á óvart og búið til æfingaplán í ræktinni.

„Við gerum allt. Ekkert verk er of lítið og ekkert er of stórt,“ segir Eymar. „Við byrjuðum í febrúar og fókusinn var fyrst á litlu verkin, sem okkur fannst enginn vera að sinna. En svo vatt þetta fljótt upp á sig enda greinilega mikil þörf á öllum sviðum. Okkar markmið er að það sé bara nóg að hringja á einn stað – í okkur – og þá sé málinu reddað, sama hvað það er.“

Eymar segist hafa marga verkmennt á sínum snærum sem hann fær í verk ef hann og Silja ráða ekki við þau sjálf. „Við þösum okkur vel á því að fara ekki í verk sem við erum ekki hæf í. Sjálfur er ég verklaginn bifvélavirki og hef unnið við byggingarframkvæmdir en Silja er öll í bókhaldinu.“

Það óvenjulegasta sem Eymar hefur gert til þessa er að færa vinkonu viðskiptavinar morgunmat og kaffi. „Jú, stelpa var frekar hissa þegar ég, bláókunnugur maðurinn, mætti með þessa leynilegu sendingu til hennar. En maður reddar svona, og öllu náttúrulega, nema það sé eitthvað verulega afbrigðilegt.“

- glh

EKKERT VERK OF LÍTIÐ Eymar Gunnarsson reddar málinum.



KALDIR DAGAR

Troðfull búð af kæliskápum, frystiskápum og frystikistum á frábæru tilboði



BEKO



IGNIS

Whirlpool



VESTFROST



**scan
domestic**

Scancool SKS150
85sm KÆLISKÁPUR
Tilboð 24.995
Fullt verð 34.995

Ignis ICF220
220 lítra FRYSTIKISTA
Tilboð 29.995
Fullt verð 44.995

Scancool SB350
350 lítra FRYSTIKISTA
Tilboð 39.995
Fullt verð 54.995

Scancool SKF295
180sm KÆLISKÁPUR
með litlum frysti
Tilboð 54.995
Fullt verð 69.995

Beko FSE27300
173sm FRYSTISKÁPUR
Tilboð 54.995
Fullt verð 69.995

Whirlpool ARC5551
187sm KÆLISKÁPUR
með frysti
Tilboð 64.995
Fullt verð 84.995

Whirlpool ARC5554IX
187sm KÆLISKÁPUR
með frysti, stál
Tilboð 74.995
Fullt verð 89.995

Vestfrost SW350M
201sm KÆLISKÁPUR
með frysti - 2 pressur
Tilboð 89.995
Fullt verð 129.995

Whirlpool
AMERÍSKUR SKÁPUR
með klaka og vatni - stál
Tilboð 219.995
Fullt verð 279.995

Útlitsgallaðir skápar seldir með miklum afslætti



**ALLAR STÆRÐIR
ALLAR GERÐIR**



Heimilistæki

UMBODSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFÖSS
SUDURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARDARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700



www.toyota.is



BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar

Breytingaskeið

Trúlega er ég að ganga í gegnum einhvers konar breytingaskeið enn einu sinni – en þau eru orðin fleiri en hægt er að telja upp í stuttum bakþanka. Líkamlega eru þau svipuð hjá mér og flestum öðrum. Það eru hin andlegu breytingaskeið sem ég er smeykur um að séu fleiri en gengur og gerist. Ég hef verið Heimdellingur og alþýðubandalagsmaður og svo framsóknarmaður, alveg þar til um morguninn þegar ég frétti að Framsóknarflokkurinn væri þeirrar skoðunar að Bandaríkjaher þyrfti endilega að gera innrás í Írak með tilheyrandi blóðsúthellingum og djöflagangi og stuðningsyfirlýsingu frá Íslandi.

STUNDUM er ég þeirrar skoðunar að allir stjórnmálaflokkarnir séu nytsamlegir, jafnvel nauðsynlegir. Stundum finnst mér sami rassinn vera undir þeim öllum og þeir mættu fara í fúlan pytt mín vegna. Nú um stundir er hin pólitíska staða mín sú að höfuðið á mér hallast til hægri en hjartað er svo sem hálfá spönn vinstra megin við miðju.

ÉG HEF VERIÐ bjartsýnn, jákvæður, trúgjarn, glaðlyndur, þunglyndur, neikvæður og svart-sýnn. Ég hef verið trúleysingi og trúður og núna í augnablikinu er ég þeirrar skoðunar að það hafi voða lítið upp á sig að þrefa um trúmál fyrr en allir eru orðnir sammála um hvað átt er við nákvæmlega með orðinu „Guð“. Eiginlega er eina skoðun mín sem hefur aldrei breyst sú að maður eigi að vera góður við börn og dýr og þá sem eru minnimáttar.

BREYTINGASKEIÐIÐ sem ég er að ganga í gegnum felst í því að mér finnst alltaf minna og minna um fleira og fleira. Ég skil til dæmis ekki að fullorðið fólk skuli leigja sér flugvél til að fljúga til Búkarest til að halda því fram að það sé til blessunar fyrir ættbálka í Afganistan að senda á þá ameríska og evrópska stríðsmenn til að kenna þeim að vera til friðs. Þá skil ég ekki heldur hvernig nokkur Reykvíkingur getur haft skynsamlega skoðun á því hvar landsvæðið Makedónía byrji og endi. Og allra síst skil ég hvernig nokkur lifandi manneskja, hvað þá heil þjóð, getur kært sig um að hafa stuðning frá delum á borð við Róbert Gabríel Múgabe til að komast í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. En þetta gengur vonandi yfir.

Allt sem þú ætlaðir að gera í fyrra gerirðu tvisvar í vetur



RAV4 - alveg nýr heimur

RAV4 er bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System“ sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðarþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tótmundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu.

Komdu og reynsluaktu RAV4 - alveg nýr heimur.

Verð frá 3.720.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 7. apríl,
98. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 6.23	13.30	20.38
Akureyri 6.03	13.15	20.28

Heimild: Almanak Háskólans

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	---	---	---